**birta**

Kristín Ólafs:

*Kona sem skoðar heiminn*

• dr. gillian • skautar

Fylgir Fréttablaðinu í dag ▶






**allt**

Sigurveig Káradóttir:

*Gaman að elda fyrir aðra*

• matur • tilboð

Í miðju blaðsins ▶





Auðunn Blöndal:

*Hitti Eli Roth um áramótin*

• gæti endað í hryllingsmynd

SÍÐA 42 ▶





Viggó Sigurðsson, landsliðsþjálfari:

*Hefur trú á sér og liðinu*

• hvergi smeykur fyrir hm í túnis

SÍÐA 28 ▶





# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. janúar 2005 – 12. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir


## FÖSTUDAGUR



**FRAMKVÆMDIR RASKAST EKKI** Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur um að Fjarðaál verði að gangast undir umhverfismat kemur forstjóra fyrirtækisins á óvart. Náttúruverndarsinnar segja dóminn staðfesta að umhverfisráðherra hafi farið offari við afgreiðslu málsins. **Sjá síðu 2**

**KOSTNAÐARAUKI ÞAR SEM SÍST SKYLDI** Húshitunarkostnaður eykst til muna á svæðum þar sem kynt hefur verið með rafmagni, eftir gildistöku nýrra raforkulaga um áramót. Þá óttast fiskeldisfyrirtæki að kostnaður stóraukist. Sveitarfélög sem ekki njóta jarðhita sjá fram á stóraukinn kostnað. **Sjá síðu 4**

**IMPREGILO ÆTLAR AÐ SANNA SITT MÁL** Forystumenn Impregilo útskýrðu sín sjónarmið á fundi með félagsmálaráðherra í gær. Þeir telja sig fara fullkomlega eftir Virkjanasamningnum og ætla að leggja sannanir sínar fyrir ráðherra. **Sjá síðu 6**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**ALLHVASST FYRIR AUSTAN** Víða rigning eða skúrir síst þó á Norðausturlandi. Hiti 2-7 stig í dag. **Sjá síðu 4**

**DAGURINN Í DAG**



**SAMSTARF Í SMEKKLEYSU** Perculator, samstarfsverkefni þeirra Sigtryggs Baldurssonar, Gísla Galdurs, Davíðs Þórs Jónssonar og Helga Svavars Helgasonar, ætlar að spila í Smekkleysu Plötubúð klukkan 17 í dag.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 38 | Myndlist | 34 |
| Tónlist | 34 | Íþróttir | 28 |
| Leikhús | 34 | Sjónvarp | 40 |







FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**ATHAFNASVÆÐI MJALLAR-FRIGGJAR**
Mjöll-Frigg hefur framleitt klór frá árinu 1974. Fyrirtækið flutti úr Reykjavík í Kópavog í haust. Fram hefur komið að sleppi klórgas út í andrúmsloftið geti þurft að rýma íbúabyggð á allt að 2,7 kílómetra svæði í kringum fyrirtækið. Lítil hætta sé talin á að gat geti komið á kútana innan fyrirtækisins. Hættan sé mest við flutning á þeim.

# Klór áfram í Kópavogi

**Um þrír mánuðir eru eftir af klórframleiðslu Mjallar-Friggjar sem er nú án starfsleyfis. Heilbrigðiseftirlit Kópavogs taldi framleiðslu lokið.**

**KLÓRGAS** Nægilegt klórgas er til framleiðslu klórs næstu tvo til þrjá mánuðina í húsi Mjallar-Friggjar að Vesturvör í Kópavogi. Eigandinn greindi frá því á fundi bæjarráðs í gær.

Hansína Björgvinsdóttir, bæjarstjóri Kópavogs, segir umhugsunarvert að Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis hafi talið að búið væri að vinna úr klórgasbirgðum Mjallar-Friggjar.

Umhverfisráðuneytið hefur óskað eftir því að Umhverfisstofnun skoði málið vegna misvísandi upplýsinga sem borist hafi frá heilbrigðiseftirlitinu. Davíð Egilsson, forstjóri Umhverfisstofnunar, segir stofnunina hafa vitað af málinu og kynni sér málavöxtu þess.

Hansína segir upplýsingarnar um áframhaldandi framleiðslu klórs ekki breyta ákvörðun bæjaryfirvalda um að fyrirtækið fái að klára klórgasbirgðirnar. Of áhættusamt sé að flytja þær burt af svæðinu.

Á fundi bæjarráðs felldi meirihlutinn tillögu samfylkingarmannsins Flosa Eiríkssonar um að framleiðslan yrði stöðvuð og leitað yrði annarrar lóðar og öruggari fyrir fyrirtækið. Hansína segir meirihlutann ekki hafa viljað vekja falskar vonir eiganda Mjallar-Friggjar. Fyrirtækið geti haldið annarri framleiðslu en klórs áfram á lóðinni.

– gag

# Gengur laus fyrir mistök

**Hættulegur maður gengur laus því lögregla var of sein að færa manninn fyrir héraðsdóm. Annar maður er talinn vera í hættu vegna þessa.**

**DÓMSMÁL** Maður sem er þekktur af líkamsmeiðingum og hótunum gengur nú laus vegna mistaka lögreglu. Í janúar í fyrra var manninum gert að sæta nálgunarbanni og honum bannað að koma í námunda við heimili fólks sem hann hafði sýnt ógnandi tilburði.

Maðurinn var úrskurðaður í gæsluvarðhald til klukkan tólf þann 3. janúar vegna brota á nálgunarbanninu. Embætti lögreglunnar í Reykjavík fór fram á það að morgni þess dags að gæsluvarðhaldið yrði framlengt og var lögreglunni á Selfossi falið að sækja manninn á Litla-Hraun og færa hann fyrir héraðsdóm í Reykjavík. Hún tafðist hins vegar vegna færðar og fangaverðir á Litla-Hrauni höfðu ekki aðra úrkosti en að láta manninn lausan á hádegi þrátt fyrir að lögreglan væri ekki komin á staðinn. Skömmu síðar handtók lögreglan manninn þar sem hann var á gangi skammt frá Litla-Hrauni og færði hann fyrir héraðsdóm um klukkan hálf tvö þar sem hann var úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald. Maðurinn kærði þessa niðurstöðu til Hæstaréttar sem komst að þeirri niðurstöðu að krafa um áframhaldandi gæsluvarðhald hafi verið kynnt manninum eftir að eldri gæsluvarðhaldsúrskurður var útrunninn. Því var málinu vísað frá dómi og maðurinn látinn laus.

Egill Stephensen, saksóknari hjá lögreglustjóranum í Reykjavík, segir að áhersla verði lögð á að flýta málinu eins og mögulegt sé þar sem maðurinn gangi laus þangað til að dómur gengur í málinu. Egill vonast til þess að það verði tekið fyrir í héraðsdómi í dag. Hann telur þetta mál sýna vel fram á hversu óheppilegt það sé að hafa gæsluvarðhaldsfangelsi austur á Litla-Hrauni.



**EGILL STEPHENSEN**
Saksóknari hjá lögreglustjóranum í Reykjavík segir málið sýna hve óheppilegt það er að hafa gæsluvarðhald á Litla-Hrauni.

Ljóst er að maðurinn sem gengur nú laus er hættulegur og lögreglan taldi að það væri eindreginn ásetningur mannsins að skaða ákveðinn mann og jafnvel myrða hann. Til vitnis um geðveilu mannsins eru tvö bréf sem hann sendi lögreglunni þar sem koma fram bollaleggingar um alvarlegan glæp. Í bréfunum segir meðal annars: „í hjarta mínu ber ég svo mikla reiði í garð ákveðins manns, að ég færi létt með að fremja glæp sem ylli því að ég fengi 16 ára fangelsisdóm ... ég hef líf þessa manns í hendi mér.“

– ghg

Verðbólga við þolmörk:

# Kjarasamningum ógnað

**EFNAHAGSMÁL** Verðbólgan síðustu tólf mánuði hefur ekki verið hærri síðan í júlí 2002. Vísitala neysluverðs hækkaði um 0.08 milli desember og janúar, en búist var við lækkun.

„Þetta er háalvarlegt,“ segir Ólafur Darri Andrason hagfræðingur ASÍ og telur yfirgnæfandi líkur á að forsendur kjarasamninga bresti.

Verðbólgan nú er á þolmörkum verðbólgumarkmiðs Seðlabankans sem ber nú að skrifa ríkisstjórninni bréf og benda á ástæður verðbólgunnar og leiðir til úrbóta. Ólafur Darri segir sérkennilegt að opinberir aðilar hækki gjaldskrár sínar við núverandi kringumstæður.

– hh / sjá síðu 26


**18**

DAGAR EFTIR AF JANÚARTILBOÐI TOYOTA

Corolla Sedan, 1,4 l

Tilboðsverð

1.709.000 kr.



TODAY TOMORROW TOYOTA



## SPURNING DAGSINS

*Andrea, er rokkið dautt?*

**Nei, rokkið er sko ekki dautt. Ég hélt einmitt að rokkið væri svoldið inn núna, þannig að ég held ekki að rokkið sé að drepa stöðvarnar. Það er alltof mikil einhæfni sem er að drepa stöðvarnar.**

Andrea Jóns hefur lengi verið einn helsti boðberi rokksins í útvarpi. Síðustu vikuna hafa tvær útvarpsstöðvar, Skonrokk og Radíó Reykjavík, sem auglýstar voru sem rokkstöðvar, hætt starfsemi.

Vinnumálastofnun:

# Útgáfa atvinnuleyfa hefst eftir helgi

**ATVINNA** Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, segir að nú eftir helgina verði hafin vinna til að veita atvinnuleyfi handa einhverjum af þeim Kínverjum sem Impregilo hefur sótt um leyfi fyrir.

Næstu mánuðina verði það stöðug vinna að fara yfir umsóknir og samráðsferli sé hafið þar sem Vinnumálastofnun og Impregilo hittist hálfsmánaðarlega til að yfirfara umsóknir og meta stöðuna varðandi áframhaldandi ráðningar og útgáfu á leyfum.

Tvöhundruð umsóknir um atvinnuleyfi hafi borist frá Impregilo og fleiri eigi eftir að koma. Því sé greinilega nokkuð um laus störf. „Við höfum verið að pressa á það að fyrirtækið leiti að íslensku eða evrópsku vinnuafli í þessi störf. Það hafa þeir gert og munu halda áfram á þeirri leið.“

Gissur segir að auglýsing í Morgunblaðinu hafi skilað að 18 umsóknum, af þeim hafi um tugur verið ráðinn. Þá hefur Vinnumálastofnun hafi farið yfir þær umsóknir sem Impregilo bárust frá Evrópu. Þetta dugi ekki til að ráða í þessi 200 störf og því verði að leita til þriðju landa.

Nánast ekkert sé um að íslenskir iðnaðarmenn sæki um störf. Íslenskir og evrópskir umsækjendur verði ráðnir, ef þeir uppfylla hæfisskilyrði.

- ss



**GISSUR PÉTURSSON**
Forstjóri Vinnumálastofnunar segir að Impregilo verði að auglýsa eftir vinnuafli á evrópska atvinnusvæðinu. Impregilo telji sér það ekki skylt, en muni ekki skirrast við að fara eftir óskum stofnunarinnar.



**LEIFAR JÓLANNA**
Starfsmenn Gatnamálastofu hafa hirt jólatré borgarbúa síðan 6. janúar.

Gatnamálastofa:

## Hirðir jólatré í síðasta sinn

**JÓLATRÉ** Starfsmenn Gatnamálastofu munu annast hirðingu jólatrjáa í Reykjavík í dag í síðasta sinn í ár en þeir hafa sinnt því verki síðan á þrettándanum. Þeir borgarbúar sem vilja nýta sér þessa þjónustu eru beðnir um að setja jólatrén út fyrir lóðamörk og þau verða þá fjarlægð.

Eftirleiðis eru íbúar beðnir um að snúa sér til gámastöðva Sorpu til að losa sig við jólatré. Nánari upplýsingar um hirðingu í hverju herfi má nálgast í hverfabækistöðvum Gatnamálastofu. Þá hvetja starfsmenn stofunnar fólk til að hirða upp leifar af flugeldum í nágrenni sínu.

- bs

Útvarp:

## Ný stöð í loftið

**FJÖLMIÐLAR** Ný útvarpsstöð, X-fm hefur útsendingar á hádegi á dag á tíðninni 91,9. Það er Pýrit fjölmiðlun sem stendur að rekstri hennar, en hún hefur rekið Kiss fm og útvarpsstöðina Mix. Matthías Már Magnússon verður dagskrárstjóri stöðvarinnar, en auk hans munu útvarpsmennirnir Freysi og Búi, sem áður unnu á útvarpsstöðinni X-ið, starfa á nýju stöðinni.

Á bak við Pýrit fjölmiðlun standa hinir kunnu útvarpsmenn Siggi Hlö og Valli Sport.

- ss

# Framkvæmdir raskast ekki

## Úrskurður um að Fjarðaál verði að gangast undir umhverfismat kemur forstjóranum á óvart.

**DÓMSMÁL** Engin röskun verður á framkvæmdum við álverið í Reyðarfirði þrátt fyrir úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um að Fjarðaál verði að gangast undir umhverfismat. Fyrirtækið hefur áfrýjað úrskurðinum til Hæstaréttar og þangað til hann fellir úrskurð hefur það sömu réttarstöðu og fyrir úrskurð héraðsdóms.

Forsendur dómsins voru meðal annars þær að álverið sem hafði áður gengist undir umhverfismat var með annan mengunarbúnað og því þyrfti Fjarðaál að gangast undir annað. Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Fjarðaáls, segir að þessi niðurstaða komi sér á óvart. „Í grundvallaratriðum er um að ræða minna álver sem er ekki með rafskautaverksmiðju, en það er einn mest mengandi þáttur í rekstri álvera. Við erum með þurrhreinsunarbúnað og þau markmið sem við og starfsleyfið setur okkur eru það ströng að heildaráhrifin af verksmiðjunni eiga að vera minni eða þau sömu og ef um vothreinsunarbúnað væri að ræða.“

„Þetta er jákvæður úrskurður og við eigum mikið að þakka þrautseigju og elju Hjörleifs Guttormssonar að fara með þetta mál fyrir dómstóla,“ segir Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands. Árni hefur fyrirvara á að Hæstiréttur á eftir að fjalla um málið en segir þó dóminn vera viðurkenningu á málstað náttúruverndarsinna og staðfesta að umhverfisráðherra hafi farið offari á sínum tíma við afgreiðslu málsins.

Siv Friðleifsdóttir var umhverfisráðherra í apríl 2003 og felldi þann úrskurð að álverið í Reyðarfirði þyrfti ekki að gangast undir annað umhverfismat þar sem slíkt mat hefði áður farið fram vegna álvers Norsk-Hydro sem aldrei reis. Hún telur ekki að úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur sé áfellisdómur yfir ákvörðun hennar og er hissa á niðurstöðunni. „Það hafði áður farið fram umfangsmikið umhverfismat fyrir mun stærra álver og þrátt fyrir öðruvísi mengunarbúnað nýja álversins töldu Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun ekki þörf á nýju mati og ég var sammála því.“

bergsteinn@frettabladid.is



**FRÁ REYÐARFIRÐI**
Engin röskun verður á framkvæmdum við Reyðarfjörð í bili.



**LEITAÐ SKJÓLS**
Fólk sem missti heimili sitt í flóðbylgjunni á annan í jólum hlýjar sér við bálköst nærri Marina-strönd í Madras á Indlandi. Staðfest hefur verið að 10.672 létu lífið á Indlandi.

Indónesía og Andamaneyjar:

# Stjórnvöld hamla hjálparstarfinu

**ASÍA, AP** Sú krafa indónesískra stjórnvalda að hermenn fylgi hjálparstarfsmönnum á hamfarasvæðum í Aceh-héraði getur orðið til þess að grafa undan hjálparstarfi í héraðinu, sögðu talsmenn hjálparsamtaka í gær. Þeir segja að þetta geti hvort tveggja orðið til að seinka ferðum hjálparstarfsmanna og einnig til að tengja hjálparstarfsmenn stjórnarhernum í hugum heimamanna í héraðinu þar sem borgarastríð hefur verið háð í þrjá áratugi.

Indónesísk stjórnvöld segja nauðsynlegt að hermenn fylgi hjálparstarfsmönnum vegna hættu á árásum uppreisnarmanna. Uppreisnarmenn lýstu hins vegar yfir vopnahléi í kjölfar flóðbylgjunnar og hafa ítrekað það boð sitt nokkrum sinnum síðan þá.

Hjálparstarfsmenn segja nauðsynlegt að bregðast fljótt við og eitra fyrir moskítóflugum sem geti dreift malaríu, verði það ekki gert fljótlega segja þeir hættu á að sjúkdómurinn kunni að leggja tugi þúsunda að velli á komandi mánuðum.

Hjálparstarfsmenn á Andamaneyjunum indversku kvarta undan því að yfirvöld komi í veg fyrir að þeir geti veitt þá hjálp sem þörf er á. Talsmenn indverskra og erlendra hjálparsamtaka segja yfirvöld hafa gert þeim erfitt fyrir að ferðast til eyjanna. Í gær kvartaði svo Basudev Dass, einn forystumanna Indverska rauða krossins, undan því að stjórnvöld hefðu stolið hjálpargögnum frá samtökunum. „Þeir vilja taka öll hjálpargögn og dreifa þeim. Við erum ákveðin í því að við ætlum að fara og dreifa þeim til þeirra sem þurfa nauðsynlega á þeim að halda. ■




Sigurjón Sighvatsson og fleiri fjárfestar:

# Hefja sjónvarpsrekstur á Norðurlöndum

**SJÓNVARP** Sigurjón Sighvatsson, Björn Steinbekk Kristjánsson og fleiri íslenskir fjárfestar hefja á næstunni sjónvarpsrekstur á hinum Norðurlöndunum. Stefnt er að því að sjónvarpsstöðin Big TV nái til átta milljón norrænna heimila fyrir lok næsta árs og hefur þegar verið gengið frá samningum um dreifingu útsendinga stöðvarinnar til tæpra tveggja milljón heimila í Finnlandi og Noregi.

Stöðin sérhæfir sig í framleiðslu sjónvarpsefnis fyrir fólk á aldrinum 12 til 24 ára og mun senda samtímis út í sjónvarpi, á netinu og í útvarpi. Einnig verður áhorfendum boðið upp á niðurhal á lögum í tölvur og farsíma auk þess sem boðið er upp á niðurhal myndbanda í tölvur. Þá horfa aðstandendur sjónvarpsins til að nýta möguleika sem farsímar gefa til leikja og keppna.

Unnið hefur verið að undirbúningi stöðvarinnar í sextán mánuði og eru menn þegar farnir að horfa til dreifingar í austanverðri og suðaustanverðri Evrópu. Gert er ráð fyrir að kostnaður við að byggja upp stöðina nemi 750 milljónum króna næstu fimm árin.

- bþg



**SIGURJÓN SIGHVATSSON**
Sigurjón stendur í stórræðum, jók hlut sinn í 66° Norður fyrir skemmstu og leggur nú í víking til Norðurlanda.



**BJÖRN STEINBEKK KRISTJÁNSSON**
Björn hóf að kanna möguleika á sjónvarpsrekstri með efni sem beindist að tólf til 24 ára Norðurlandabúum.

www.sibs.is

Stórglæsilegir skattfrjálsir vinningar:

# 20 milljónkróna vinningar í dag



# Drögum í dag

*Ragnhildur Steinunn og faðir hennar Jón Þór:*

**„Við höfum séð hvað lítið framlag getur kveikt mikla hamingju“**

Í starfi sínu við sjúkraþjálfun að Reykjalundi hefur Ragnhildur Steinunn séð hvað lítið framlag eins og einn happdrættismiði getur kveikt mikla hamingju. Framlög þúsunda Íslendinga hafa byggt upp einstaka aðstöðu að Reykjalundi. Jón Þór kynntist hins vegar mikilvægi endurhæfingar frá hinni hliðinni. Eftir mjög alvarlegt slys hefur hann náð að byggja upp styrk til að takast á við það sem þeim heilbrigðu þykir einfalt – að lifa lífinu.

**Veldu þér vinningsnúmer í síma**

**552 2150** eða á **www.sibs.is**

**Láttu reyna á heppnina**

**- þú gætir unnið milljónir í verðlaun fyrir að styðja lífsnauðsynlega uppbyggingu að Reykjalundi**

## Vertu með

**- þú veist aldrei hvenær röðin kemur að þér**



## 22 Honda Jazz bifreiðar

léttleikandi, fjölnotabifreið, tilbúin á götuna - skattfrjáls
skoðaðu Honda Jazz hjá Bernhard, Vatnagörðum

## 200 ferðagjafakort

frá Úrval-Útsýn að verðgildi
100 þúsund krónur hvert

ÚRVAL·ÚTSÝN

2005

## 3.750 Kjarvalsbækur

kjörgripur sem á engan sinn líka



HAPPDRÆTTI SÍBS

*...fyrir lífið sjálft*

# Hálfur milljarður í pottinum

33.296 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð 900 kr.

HÉR & NÚ / SÍA

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 13.01.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 62,57 | 62,87 |
| Sterlingspund | GBP | 118,05 | 118,63 |
| Evra | EUR | 82,71 | 83,17 |
| Dönsk króna | DKK | 11,11 | 11,18 |
| Norsk króna | NOK | 10,09 | 10,15 |
| Sænsk króna | SEK | 9,14 | 9,19 |
| Japanskt jen | JPY | 0,61 | 0,61 |
| SDR | XDR | 95,71 | 96,29 |

*Gengisvísitala krónunnar*
**113,31 +0,14%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Landsvirkjun:

# 218 milljóna tap af fjarskiptum

**FJARSKIPTI** Í bréfi sem Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, sendi Steinunni Valdísi Óskarsdóttur borgarstjóra fyrir viku kemur fram að Landsvirkjun hefur tapað tæpum 218 milljónum á fjarskiptarekstri frá því Landsvirkjun fór að fjárfesta í slíkum fyrirtækjum.

Mestu skiptir fjárfesting Landsvirkjunar í Stiklu hf, sem sameinað var tetrahluta Línu. Nets undir nafninu Tetra Ísland. Á árunum 2000 og 2001 lagði Landsvirkjun til hlutafé upp á 65 milljónir í Stiklu hf. Við stofnun Tetra Ísland var hlutafé aukið í 138 milljónir. Þetta hlutafé upp á 203 milljónir hefur nú verið afskrifað. Eftir stendur 50 milljóna hlutur í Tetra Ísland sem greitt var á árinu 2004 við endurskipulagningu fyrirtækisins.

Í maí í fyrra afskrifaði Orkuveita Reykjavíkur fjárfestingu sína í Tetra Ísland og nam tap Orkuveitunnar alls 428,2 milljónum króna.

Árið 2001 voru allar fjarskiptaeignir Landsvirkjunar fluttar í sérstakt fyrirtæki, Fjarska ehf. Í upphafi var hlutafé 250 milljónir. Samsafnað tap af rekstrinum eru tæpar 15 milljónir.

- ss



FRIÐRIK SOPHUSSON
Forstjóri Landsvirkjunar segir tap fyrirtækisins vegna fjárfestingar í Tetra Ísland vera 203 milljónir.

Tvöfalt morð:

# Myrti ófríska konu sína

**NOREGUR** Norskur karlmaður hefur verið handtekinn fyrir morðið á ófrískri eiginkonu sinni og ófæddu barni sem hún hafði borið undir belti í nær níu mánuði.

Maðurinn gaf sig sjálfur fram við lögregluna í Stafangri og tilkynnti um verknaðinn, að því er fram kemur á vef blaðsins Aftenposten. Þar segir að konan hafi fundist helsærð í íbúð þeirra skömmu síðar. Hún var flutt á Háskólasjúkrahúsið í Stafangri en starfsfólki þess tókst hvorki að bjarga lífi hennar né barnsins.

Maðurinn verður ákærður fyrir tvöfalt morð. ■

## FLÓÐBYLGJAN



**BÖRN Í VÍGASVEITIR** Uppreisnarmenn Tamíl-tígra hafa fengið börn sem misstu foreldra sína í flóðbylgjunni til liðs við sig til að berjast gegn stjórnvöldum á Srí Lanka. Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna hefur staðfest dæmi um þrjú börn, ellefu, tólf og fimmtán ára, sem hafa gengið til liðs við þá og óttast að fleiri hafi verið þvinguð í vígasveitir Tamíl-tígranna.

**FERÐALÖG HEFJAST Á NÝ** Norrænar ferðaskrifstofur ætla að hefja ferðir til Phuket í Taílandi aftur snemma í næsta mánuði. Flogið verður með fyrstu farþegana 8. febrúar. Yfirvöld í Taílandi keppast við að hreinsa til eftir flóðbylgjuna og hvetja ferðamenn til að snúa fljótt aftur.

**BÍÐA MEÐ BROTTREKSTRA** Hollenska útlendingaeftirlitið tilkynnti í gær að það myndi bíða með það fram í mars að vísa úr landi ríkisborgurum frá löndunum sem urðu fyrir barðinu á flóðbylgjunni. Undanfarin ár hafa Hollendingar vísað þúsundum hælisleitenda frá ár hvert.

**ALÞJÓÐLEGT VIÐBRAGÐSKERFI** Kofi Annan, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, sagði að ríki heims þyrftu að koma upp viðvörunarkerfi á heimsvísu sem gæti varað við hættu á flóðbylgjum og öðrum náttúruhamförum.

**SÖFNUN MEÐAL FANGA** Fangar í tékknesku fangelsi söfnuðu fé til hjálparstarfs á hamfarasvæðunum í Asíu og Afríku. 41 fangi í fangelsinu Bohunice í Brno gaf samtals 28 þúsund krónur, hver og einn frá tvennum mánaðarlaunum sem hægt er að vinna sér inn í fangelsinu upp í sexföld mánaðarlaun.

# Kostnaðarauki þar sem síst skyldi

**Húshitunarkostnaður eykst til muna á svæðum þar sem kynt hefur verið með rafmagni eftir gildistöku nýrra raforkulaga um áramót. Þá óttast fiskeldisfyrirtæki að kostnaður stóraukist. Sveitarfélög sem ekki njóta jarðhita sjá fram á stóraukinn kostnað.**

**HÚSHITUN** Kostnaður vegna húshitunar með rafmagni gæti aukist um 30 þúsund krónur á ári í þéttbýli og upp undir 40 þúsund krónur í dreifbýli eftir gildistöku nýrra raforkulaga, að mati Tryggva Þórs Haraldssonar, forstjóra RARIK. Þá telja fiskeldisstöðvar að aukinn rafmagnskostnaður geti numið tugum prósenta.



GUÐNÝ HRUND KARLSDÓTTIR

Elvar Árni Lund, sveitarstjóri í Öxarfjarðarhreppi, segist hafa þungar áhyggjur af því hvaða áhrif breytt rekstrarskilyrði Silfurstjörnunnar geti haft á sveitarfélagið. „Þetta er stór vinnustaður og snertir okkur mikið,“ sagði hann.

Þá telur Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri í Raufarhöfn, að ný raforkulög kunni að setja verulegt strik í rekstur sveitarfélaga þar sem ekki sé hitaveita. „Mér sýnist hægt að búast við um 25 prósenta hækkun á rafmagnskostnaði þar sem engrar niðurgreiðslu nýtur,“ sagði hún en áréttaði að enn væri verið að skoða málið og útreikningar ekki endanlegir. „Þessir rekstrarörðugleikar virðast hins vegar engan endi ætla að taka,“ segir hún.

Elvar Árni segir áhrif nýju raforkulaganna hafa verið rædd á fundi með þingmönnum kjördæmisins í haust, en þá hafi hækkunin verið fyrirséð, sem og áhrif á afkomu fiskeldisins. „En það hefur ekkert svar borist frá þeim enn þá,“ sagði hann og taldi kostnaðarauka vegna nýrra raforkulaga koma niður þar sem síst skyldi, á svæðum sem ekki hefðu notið þess að vera með hitaveitu. „En svo felast vonandi í þessu tækifæri líka,“ bætti hann við og sagði vonir standa til að virkja mætti lághitasvæði í sveitinni með sömu tækni og beitt hafi verið hjá Orkuveitu Húsavíkur. „Þannig gætum við selt rafmagn inn á Landsnetið.“

Forstjóri RARIK segir aukningu húshitunarkostnaðar ráðast af því að ekki megi lengur færa á milli kostnað eftir notkun rafmagnsins og gefa þannig afslátt til húshitunar. „Ríkið hefur hins vegar greitt niður rafhitun og eru til þess um 900 milljónir á fjárlögum,“ segir Tryggvi, en Orkustofnun hefur umsjón með greiðslunum. „Hækkunin er nokkuð mikil, en á móti kemur lækkun hjá almennum notendum og atvinnulífinu,“ sagði hann og benti á að stjórnvöld gætu einnig ákveðið auknar niðurgreiðslur og jafnað þannig kostnað. „En það er nokkuð sem við ráðum ekki við.“

olikr@frettabladid.is



RAUFARHÖFN
Orkustofnun heldur utan um niðurgreiðslur vegna rafhitunar íbúðarhúsnæðis, en hægt er að sækja um þær á svæðum þar sem ekki er hitaveita. Bróðurpartur rafhitunar húsnæðis er hjá RARIK og Orkubúi Vestfjarða.

**HLUTI SVEITARFÉLAGA SEM EKKI BÚA VIÐ HITAVEITU:**

- Kjósarhreppur
- Borgarfjarðarsveit
- Grundarfjarðarbær
- Snæfellsbær
- Skagafjörður (utan þéttbýlis)
- Blönduós
- Ólafsfjörður (utan þéttbýlis)
- Dalvíkurbyggð (utan þéttbýlis)
- Eyjafjarðarsveit (innan Hrafnagils)
- Skútustaðahreppur (utan þéttbýlis)
- Þingeyjarsveit (utan þéttbýlis við Lauga)
- Raufarhafnarhreppur
- Þórshafnarhreppur
- Seyðisfjörður
- Fjarðabyggð
- Reyðarfjörður
- Vopnafjarðarhreppur
- Fljótsdalshreppur
- Borgarfjarðarhreppur
- Mjóafjarðarhreppur
- Fáskrúðsfjarðarhreppur
- Breiðdalshreppur
- Djúpavogshreppur
- Austurbyggð
- Fljótsdalshérað (utan Egilsstaða)
- Hornafjörður
- Vestmannaeyjar
- Árborg (utan þéttbýlis)
- Mýrdalshreppur
- Rangárþing
- Gaulverjabæjarhreppur
- Sveitarfélagið Ölfus
- Bláskógabyggð
- Ísafjörður
- Bolungarvík
- Súðavík
- Suðureyri
- Flateyri
- Þingeyri
- Bíldudalur
- Patreksfjörður
- Árneshreppur


# TILBOÐ

**Humar 1.290,-**
**Marlinsteikur 1.990,-**

**Ath: Opið laugardag frá 10.00 - 14.30**

**Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –**

**Höfðabakka 1 - sími 587 50 70**


## Veðrið

**HLÝINDI OG HÁLKA** Nú koma hlýindi og væta ofan í nokkuð myndarleg snjóalög sem eru víða á landinu og því má stórlega vara sig á hálkunni. Hún er ekki síður hættuleg en sjálfur vindurinn. En í dag verður allhvasst um allt austanvert landið en mun hægari vindur sunnan- og vestan til. Rigning eða slydda suðaustan- og austan til og á Vestfjörðum, annars skúrir. Þurrt að kalla á Norðausturlandi. Laugardagurinn lofar ágætu veðri en margt kann að gerast á sunnudaginn!!! Hvessir og kólnar.



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

### Í dag




### Á morgun




Hæglætisveður.

### Sunnudagur




Vaxandi suðvestanátt þegar líður á daginn.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 6°C skýjað | Frankfurt | 4°C alskýjað | Torrevieja | 18°C skýjað |
| Osló | 1°C léttskýjað | Prag | 4°C alskýjað | Róm | 14°C skýjað |
| London | 8°C skýjað | Amsterdam | 8°C skýjað | New York | 8°C skýjað |
| París | 7°C skýjað | Varsjá | 4°C alskýjað | Miami | 28°C rigning |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Ódýrt um helgina




Ferskar **kjúklingabringur**

Fersk **kjúklingalæri m/legg**




| ÚR KJÖTBORÐI | TILBOÐ | VERÐ ÁÐUR |
|---|---|---|
| Lambalæri | 898kr/kg | 1.169kr/kg |
| Lambahryggir | 898kr/kg | 1.295kr/kg |
| Lambainnralæri | 1.998kr/kg | 2.998kr/kg |
| Svínasnitsel | 998kr/kg | 1.395kr/kg |
| Svínagúllas | 998kr/kg | 1.298kr/kg |




| | TILBOÐ | MERKT VERÐ |
|---|---|---|
| Ungnautasnitsel | 1.182kr/kg | 1.689kr/kg |
| Ungnautagúllas | 1.182kr/kg | 1.689kr/kg |
| Ungnautahakk | 804kr/kg | 1.149kr/kg |
| Hamborgarar 4 stk. með brauði | 314kr/pk | 449kr/pk |




**Knorr** Chicken tonight sósur
-Þú steikir kjúklinginn og hellir sósunni yfir




**Haagen-Dazs** ís
-Sumir segja besti ís í heimi!




**Fyrirtakspizzur** 3 tegundir

Gildir til 16. janúar eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*



## KJÖRKASSINN

*Ætlar þú í leikhús á árinu?*
**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 59,52% |
| Nei | 40,48% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**
*Hefur þú áhyggjur af verðbólgu?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Stöðumælar:

# Fljótlega greitt með farsímum

**BÍLASTÆÐASJÓÐUR** Eftir nokkra daga eða vikur verður hægt að borga í stöðumæla og miðamæla. Samkeppni er milli tveggja fyrirtækja, Góðra lausna og Farsímagreiðslna, um hvort þeirra verður fyrri til að koma þjónustunni á markað. Bæði fyrirtækin ætla að reka gsm-, greiðslu- og eftirlitskerfi fyrir stöðumæla Bílastæðasjóðs.

Framkvæmdastjórar beggja fyrirtækja segja að kerfi þeirra sé fullsmíðað og prófað. Þó er ljóst að rekstur kerfanna hefst ekki alveg strax.

Prófun þjónustunnar er að hefjast hjá Farsímagreiðslum og verður fyrirtækið með kynningu fyrir starfsmenn Bílastæðasjóðs í byrjun næstu viku. Í framhaldi af því fer markaðssetning í gang.

Fyrirkomulagið farsímagreiðslna í stöðumæla er þannig að neytendur skrá sig í þjónustuna og fá miða til að setja í bílinn. Þeir nota síðan símann til að stimpla sig inn og út. Greiðslur eru teknar af debet- eða kreditkorti.

Góðar lausnir eru einkahlutafélag í eigu starfsmanna. Farsímagreiðslur ehf. eru í eigu Símans og bankanna.

- ghs



**GUÐJÓN HALLDÓRSSON**
Framkvæmdastjóri Góðra lausna segir að þjónustu fyrirtækisins verði fljótlega komið á markað en kerfið sé löngu tilbúið.



**MAGNÚS SALBERG ÓSKARSSON**
Framkvæmdastjóri Farsímagreiðslna segir að fyrirtækið verði með kynningu á kerfinu í næstu viku.



**KEPPNISSUNDLAUG**
Tölvumynd af sundlauginni sem nú hefur verið opnuð í Laugardalnum.

Sundmiðstöðin:

# Ódýrari en búist var við

**NÝBYGGING** Kostnaður við Sundmiðstöðina í Laugardal var sjö prósentum undir frumáætlun.

Guðmundur Pálmi Kristinsson, forstöðumaður Fasteignastofu, segir á vef Umhverfis- og tæknisviðs að mikil vinna hafi verið lögð í kostnaðarstýrða hönnun. Á verktíma hafi verið gerðar útgönguspár og ýmsir liðir endurnýjaðir á grundvelli þeirra. Húsið hafi meðal annars verið lækkað svo áætlanir stæðust.

Sundlaugin er hönnuð í samræmi við alþjóðlegar kröfur um keppnislaugar. Hún var opnuð í upphafi árs.

- gag

## LEIÐRÉTTING

Í frétt í blaðinu í gær sagði að Reyðarál þyrfti að gangast undir umhverfismat eftir úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur. Hið rétta er að það er Fjarðaál sem þarf að gangast undir umhverfismat.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**IMPREGILO HJÁ FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA**
Tveir fulltrúar Impregilo hittu félagsmálaráðherra og starfsfólk hans á fundi í ráðuneytinu í gær og svöruðu þar „ásökunum“ verkalýðshreyfingarinnar.

# Impregilo ætlar að sanna sitt mál

**Forystumenn Impregilo útskýrðu sín sjónarmið á fundi með félagsmálaráðherra í gær. Þeir telja sig fara fullkomlega eftir Virkjanasamningnum og ætla að leggja sannanir sínar fyrir ráðherra.**

**KÁRAHNJÚKAR** Árni Magnússon félagsmálaráðherra átti í gær fund með fulltrúum ítalska stórfyrirtækisins Impregilo til að kynna sér allar hliðar málsins en farið var yfir gagnrýni verkalýðshreyfingarinnar frá sjónarhóli Impregilo. Ítalarnir tala um rangar ásakanir verkalýðshreyfingarinnar.

Gianni Porta, verkefnisstjóri Impregilo, segir að fundurinn með ráðherra hafi verið mjög jákvæður. „Við gátum gefið útskýringar á ásökunum í fjölmiðlum og erum vissir um að málið skýrist, að minnsta kosti frá okkar hlið séð. Það er ekkert satt í þessum ásökunum og við erum tilbúnir að sanna það fyrir hverjum sem er, hvar sem er og hvenær sem er,“ segir hann.

Sannanir Impregilo verða lagðar fyrir ráðherra og aðra þá sem það vilja. Porta sagði að blaðamaður fengi að sjá þær ef þær yrðu gerðar opinberar hjá yfirvöldum, annars ekki. Stjórnvöld séu samningsaðili Impregilo og fyrirtækið fari eftir íslenskum lögum og reglum.

„Samningar eru fyrir hendi við verkalýðshreyfinguna en því miður er það ekki virt. Impregilo hefur þegar skrifað undir alþjóðlegt samkomulag en því miður er mikið af röngum upplýsingum í umræðunni,“ sagði hann.

„Tilgangurinn er að átta sig á því um hvað málið snýst. Við höfum í höndunum umfangsmikla greinargerð ASÍ og mér finnst mikilvægt að horfa til allra hluta,“ sagði Árni Magnússon félagsmálaráðherra eftir fundinn í gær. „Forsvarsmenn Impregilo fóru yfir málið. Eins og þeir hafa rakið er veruleg starfsmannavelta á Kárahnjúkum, sem þeir rekja ekki síst til aðstæðna á staðnum. Þá skortir vinnuafl. Auglýst hefur verið eftir því og niðurstöður þeirrar leitar auka ekki bjartsýni,“ segir Árni, sem mælir með því að verkalýðshreyfingin fari með málið fyrir félagsdóm ef deiluaðilar ná ekki saman.

Ráðherra hitti einnig forystumenn Samtaka atvinnulífsins í gær.

ghs@frettabladid.is

Netvafrinn Opera:

# Ókeypis í skólana

**UPPLÝSINGATÆKNI** Norska vafrafyrirtækið Opera Software tilkynnti í gær að æðri menntastofnanir gætu fengið ókeypis hugbúnaðarleyfi fyrir netvafra fyrirtækisins. Þetta er sagt gert til að mæta kröfum nemenda og háskóla um öruggt netvafur. „Þetta eru viðbrögð fyrirtækisins við áhyggjum skólastofnana af öryggisveilum sem plagað geta nemendur þegar síður öruggir vafrar eru notaðir,“ segir í tilkynningu fyrirtækisins.

„Opera er kjörinn vafri í háskólaumhverfið,“ segir Jón S. von Tetzchner, íslenskur forstjóri Opera Software. „Vafrinn er notendavænn, með hjálp fyrir fatlaða og hann er hægt að nota á velflestum tölvum og tækjum, auk þess að sérsníða má hann að þörfum hvers og eins.“

- óká

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**ÓK Á HROSS** Ökumaður á sendibíl keyrði inn í hóp hrossa í Víðidal í Austur-Húnavatnssýslu gærmorgun. Tvö hross drápust. Ökumaður og farþegi sluppu ómeiddir. Sendibíllinn skemmdist. Girðingar liggja undir snjó og sluppu því hrossin út fyrir þær.

**EINN STÚTUR Í KÓPAVOGI** Maður var tekinn grunaður um ölvunarakstur í austurbæ Kópavogs í fyrrakvöld. Ökumaðurinn er um þrítugt og var að koma af öldurhúsi. Sýni blóðrannsókn af hátt áfengismagn verður hann sviptur ökuréttindum, að sögn lögreglu.

**MIKIL HÁLKA Á LANDINU** Hálka er á vegum landsins. Lögreglan í Borgarnesi var við radarmælingar. Hún segir hálku vel sjáanlega á vegum. Bílar hafi því farið varlega. Mikil hálka er einnig innanbæjar og utan við Patreksfjörð, samkvæmt lögreglu þar.






Þjóðleikhúsið íhugar fjármögnun fyrirtækja:

# Leikhúsin leita samstarfs við fyrirtæki

**VIÐSKIPTI** Einkafyrirtæki koma í auknum mæli að leiksýningum. Um tólf milljónir hafa runnið til Leikfélags Akureyrar frá því í sumar vegna markvissrar vinnu félagsins að auknu samstarfi við fyrirtæki.

Upphæðin er meiri hjá Borgarleikhúsinu, segir Guðjón Pedersen leikhússtjóri. Hve há hún sé vill hann ekki nefna.

Leikhússtjórinn Magnús Geir Þórðarson hjá Leikfélagi Akureyrar telur samstarf við fyrirtæki geta skilað allt að fimmtán milljónum á þessu ári. Það sé umtalsverð aukning.

„Þátttaka atvinnulífsins getur skipt sköpum og við getum farið í eitt stórt verkefni á hverju leikári,“ segir Magnús. Grunnkostnaður við leiksýningar sé alltaf álíka mikill og viðbótarfé frá fyrirtækjunum breyti því miklu.

Í Þjóðleikhúsinu eru engar sýningar styrktar en Tinna Gunnlaugsdóttir Þjóðleikhússtjóri segir það verða skoðað.

- gag



**ÚR SÝNINGUNNI ÓLIVER**
Leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar segir að ekki hefði verið hægt að setja upp sýninguna Óliver með þeim föstu styrkjum sem félagið fái. Samstarf við fyrirtæki geri það kleift auk þess sem ímynd fyrirtækja batni.



# Velkomin í nýtt útibú




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 27015 01/2005

## Höfum flutt útibú okkar í Hamraborg um set – opnum í dag yfir Gjánni, Hamraborg 8

**Glæsilegt húsnæði fyrir nútímabankaþjónustu**
Við hönnun og skipulagningu á nýja útibúinu var haft að leiðarljósi að húsnæðið hentaði vel til persónulegrar þjónustu. Þar er að finna ýmsar nýjungar sem endurspegla þetta meginmarkmið og gera okkur kleift að sinna viðskiptavinum okkar enn betur en áður, bæði á sviði einstaklings- og fyrirtækjaviðskipta.

**Fjölskylduskemmtun yfir Gjánni laugardaginn 15. janúar, kl. 13–16**

- Lifandi tónlist
- Birta og Bárður koma í heimsókn
- Andlitsmálun fyrir krakkana
- Getraun
- Veitingar í boði
- Allir leystir út með gjöfum



Hlökkum til að sjá þig

410 4000 | landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvaða leikkona hefur verið valin sem upprennandi stjarna?*

2 *Hvað er lagt til að loðnukvótinn aukist um mörg tonn?*

3 *Hvað er stórt hlutfall Íslendinga talið þjást af skammdegisþunglyndi?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Um 71 lítri af áfengum drykk á ári á hvern landsmann yfir sextán ára:

# Sala áfengis eykst um átta prósent milli ára

**ÁFENGISNEYSLA** Sala áfengis jókst um tæp átta prósent í verslunum ÁTVR milli áranna 2003 og 2004. Nær sextán milljónir lítra af áfengi seldust í fyrra í verslununum. Þar selst um 75 prósent af áfengi sem neytt er í landinu.



**HÖSKULDUR JÓNSSON**
Segir alla umfjöllun um vín hafa áhrif á söluna. Hún aukist ekki en fólk velji það sem auglýst sé.

Samdráttur er í sölu sterkra vína en léttvín vegur um 93 prósent af allri sölu vínbúðanna í lítrum talið. Hver landsmaður, sextán ára og eldri, drekkur um 71 lítra af áfengum drykk á ári.

Höskuldur Jónsson, forstjóri ÁTVR, segir að þrátt fyrir um átta prósenta aukningu sölumagns hafi tekjurnar einungis aukist um fjögur prósent. „Það þýðir að við erum að selja meira af ódýrari drykkjum en áður var.“

Þegar horft er í hreinan vínanda sem hver landsmaður yfir fimmtán ára neytir sést að neysla áfengismagns hefur aukist. Árið 1990 drakk hver þeirra 5,24 lítra af alkóhóllítra árið 1990 en 6,14 lítra árið 2000 og 6.52 árið 2003, samkvæmt tölum Hagstofunnar. **– gag**

| | 2004 Þús. lítra | 2003 Þús. lítra | % Breyting |
|---|---|---|---|
| Lagerbjór | 12.263 | 11.295 | 8,6% |
| Rauðvín | 1.628 | 1.468 | 10,9% |
| Hvítvín | 602 | 512 | 17,7% |
| Rósavín | 107 | 112 | -4,5% |
| Freyðivín | 107 | 101 | 5,3% |
| Styrkt vín | 65 | 67 | -4,3% |
| Romm | 63 | 69 | -8,2% |
| Brennivín og vodka | 285 | 299 | -4,7% |
| Snafs | 33 | 36 | -7,2% |
| Líkjör | 99 | 103 | -3,5% |
| Annað: | 692 | 707 | |
| **Samtals:** | **15.939** | **14.770** | **7,9%** |

**Heimild: Vefur ÁTVR**



**AKRASKJANNI**
Sjaldséð fiðrildi á Íslandi berast hingað einkum með ávaxtasendingum, blómum og trjám.

Fiðrildi:

## Óvæntur jólagestur

**FERÐALÖG** Fáséð fiðrildi á Íslandi fannst í íbúðarhúsi á Hornafirði 8. janúar síðastliðinn og er talið að það hafi borist til landsins með jólatré af erlendum uppruna, Norðmannsþin. Björn Arnarson, fugla- og fiðrildaáhugamaður á Höfn, fékk fiðrildið í hendur og segir hann að um sé að ræða akraskjanna eða Pieris rapae. „Fiðrildið er enn lifandi en ég held að það eigi ekki langt eftir. Ég hef verið að bera í það sykur og fleira en það virðist ekki nærast,“ sagði Björn. **- kk**

# Annar með hass og hinn með kókaín

**Íslendingarnir tveir sem sitja í gæsluvarðhaldi í Þýskalandi eftir að sjö kíló af hassi og kókaíni fundust um borð í Hauki ÍS eru taldir hafa keypt efnin fyrir rúmar átta milljónir. Kókaínið var í tösku annars mannanna en hassið í farangri hins.**

**FÍKNIEFNI** Kókaínið sem fannst um borð í Hauki ÍS í Bremerhaven var allt í ferðatösku yngri Íslendingsins sem situr nú í gæsluvarðhaldi í Þýskalandi. Hassið var falið í farangri þess eldri en mennirnir hafa báðir verið úrskurðaðir í sex mánaða gæsluvarðhald.

Robert Dütsch, upplýsingafulltrúi hjá tollinum í Hamborg, segir að rannsókn málsins miðist meðal annars að því að finna seljendur fíkniefnanna í Þýskalandi. Hann vill því ekkert segja frekar um málið eins og t.d. upplýsingar sem leitt gætu til handtöku seljendanna því þannig gæfi hann þeim upplýsingar um leið. Enn er þó verið að rannsaka efnin á rannsóknarstofu þar sem fingrafara og annarra vísbendinga er leitað á pakkningunum. Í samtali við Nordsee Zeitung í Bremerhaven segir Dütsch að talið sé að Íslendingarnir hafi borgað rúmar átta milljónir fyrir fíkniefnin.

Robert Dütsch segir þýska tollinn fylgjast sérstaklega með ferðum skipa og flugvéla til Íslands, Noregs, Svíþjóðar og Finnlands þar sem verðlag sé almennt mjög hátt í þessum löndum. Hann segir að til þessara landa sé reynt að smygla tóbaki, áfengi og fíkniefnum.

Skipstjóri Hauks ÍS í Þýskalandsferðinni hlaut fangelsisdóm í Suður-Ameríku árið 1997 fyrir að vera með fjórtán kíló af kókaíni. Hann fékk tuttugu mánaða dóm og þurfti að sitja inni í tíu mánuði. Þá átti að þingfesta ákæru á hendur honum, í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær, fyrir að hafa tæplega 180 kannabisplöntur í sinni vörslu. Hins vegar tókst ekki að birta honum ákæruna og var málinu því frestað. Dütsch sagðist aðspurður ekki hafa haft hugmynd um að skipstjórinn hefði setið inni fyrir kókaínsmygl en hann fékk að sigla skipinu heimleiðis til Íslands eftir að leitað hafi verið í Hauki ÍS.

Fram kemur í Nordsee Zeitung að Íslendingarnir virðist ekki hafa átt von á því að leitað yrði í skipinu þrátt fyrir að mjög gjarnan sé leitað í fiskiskipum. Það hafi mátt sjá á því hversu illa efnin voru falin. Heimildarmaður Fréttablaðsins segir hæpið að mennirnir hafi fjármagnað kaup efnanna sjálfir. Eins vill hann meina að nokkur hluti áhafnarinnar hafi áður komið við sögu lögreglu.

Eiríkur Böðvarsson, eigandi Hauks ÍS, segist hafa vitað um dóminn sem skipstjórinn hafi hlotið í Suður-Ameríku fyrir kókaínsmyglið. Eiríkur segir hann þó aðeins vera afleysingaskipstjóra í þessum túr en að öllu jöfnu sé hann stýrimaður.

**hrs@frettabladid.is**




FRÉTTABLAÐIÐ/NORDSEE ZEIT-

**FÍKNIEFNIN Í HÖNDUM LÖGREGLUNNAR Í BREMERHAVEN**
Wolfgang Harlos, upplýsingafulltrúi lögreglunnar í Bremerhaven, sýnir hér hassið og kókaínið sem fundust um borð í Hauki ÍS.




Göngur fiska og hrygning:

## Ræðst af sjávarhita eða tunglstöðu

**SJÁVARÚTVEGUR** „Ef raunin er sú að hrygningarfiskur sé fyrr á ferðinni hefði mér nú fundist nærtækast að tengja það skilyrðum í hafinu, svo sem sjávarhita,“ segir Björn Ævarr Steinarsson, fiskifræðingur og sérfræðingur Hafrannsóknastofnunar í þorski og botnfiskum, en greint var frá því í byrjun vikunnar að smábátasjómenn í Reykjavík teldu fisk koma fyrr inn til hrygningar en áður. Þá þótti sjómönnum rauðmagi vera snemma á ferðinni, en hann kemur á undan grásleppunni til að helga sér svæði áður en hann frjóvgar egg hennar.



**BJÖRN ÆVARR STEINARSSON**
Björn Ævarr segir suma sjómenn tengja göngur fiska við páskana, þannig að ef páskar séu snemma á árinu, eigi það sama við um fiskinn.

Björn segir sýnatökur í janúar að hefjast, en lauslegar fyrirspurnir bendi til að göngur kunni að vera eitthvað fyrr á ferðinni. „Þær geta hins vegar verið breytilegar um einhverjar vikur frá ári til árs. Sumir sjómenn eru með þá skýringu að þetta tengist páskum, sem hlýtur þá aftur að tengjast tunglstöðu. Að óathuguðu vil ég ekki fullyrða um það, en finnst þó líklegra að þetta tengist öðrum breytingum í hafinu,“ sagði hann. **- ókó**



Blómaval, Dýraríkið og Fuglavinir
halda glæsilega sýningu á páfagaukum og ýmsum öðrum fuglategundum í **Blómavali Sigtúni** um helgina.
Fuglar í ótal stærðum, gerðum og litum.
Föstud. kl. 16.00 - 20.00
Laugard. kl. 11.00 - 18.00
Sunnud. kl. 11.00 - 18.00
Dýralæknir frá Dýraspítalanum verður til skrafs og ráðagerða kl. 13-15 laugard. og sunnudag.
FUGLASÝNING
ÚTSALA á hollustu
á Græna torginu Sigtúni föstudag til sunnudags
10-30% afsláttur
af öllum vörum, m.a.
ávöxtum og grænmeti, lífrænt ræktuðum vörum, vítamíni, bætiefni, sælkeravörum o.m.fl.
blómaval
HEILLANDI HEIMUR
Reykjavík · Akureyri
Selfoss · Reykjanesbær
www.blomaval.is
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS BLO 27043 01/2005



**LEIKIÐ MEÐ DÚKKU** Hin sex ára gamla Deepa lék sér með dúkku á meðan fullorðnir þorpsbúar í Karukalacheri í Tamil Nadu-héraði í Indlandi brenndu rusl og muni sem eyðilögðust í flóðbylgjunni á annan dag jóla.

Ökumenn á Suðurnesjum:

# Ungar konur spenna beltin rangt

**UMFERÐARÖRYGGI** Lögreglan í Keflavík hefur orðið vör við ranga notkun bílbelta meðal ökumanna og er algengast að beltið sé ekki látið liggja yfir öxl heldur sett undir vinstri handarkrika.

Samkvæmt upplýsingum frá Umferðarstofu eru það í flestum tilfelli ungar stúlkur sem nota beltin með þessum hætti og bera því við að beltin meiði eða angri viðkomandi.

Umferðarstofa varar við notkun af þessu tagi þar sem hún eykur líkur á rifbeinsbroti og hálseða höfuðmeiðslum. Auðvelt sé að klæð sig þannig að bílbeltið meiði ekki og brýnt er að láta tískuna ekki verða sér að fjörtjóni.

Aftur á móti virðist almenn notkun bílbelta hafa aukist um níu prósent árið 2004 miðað við árið áður, samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Keflavík. Árið 2003 reyndust um 77 prósent ökumanna í þéttbýli nota bílbelti en 86 prósent í fyrra.

Á hverju ári hafa að meðaltali fjórir til sex manns látist í slysum sem eru rakin til þess að ökumenn notuðu ekki bílbelti, sem er um fjórðungur þeirra sem látast í umferðinni árlega. **- bs**



**RÖNG NOTKUN** Algengast er að ungar konur spenni beltin rangt og beri því við að beltin meiði þær.

Áfangi hjá deCode:

# Vilja prófanir

**VÍSINDI** Íslensk erfðagreining tilkynnti í gær að hún hefði lagt inn umsókn um leyfi til að hefja klínískar lyfjaprófanir í Bandaríkjunum. Lyfið sem um ræðir heitir DG0401. Því er ætlað að vinna á æðakölkun í fótum.

Þetta er í fyrsta sinn sem deCode sækir um leyfi til að hefja prófanir á lyfi sem alfarið hefur verið þróað innan fyrirtæksins.

Í frétt frá fyrirtækinu er haft eftir Kára Stefánssyni forstjóra að þetta sé fyrsta lyfið sem þróað sé út frá niðurstöðum erfðarannsókna á algengum sjúkdómi. Hann sagði að verkefnið sýndi fram á hve fljótt unnt er að beita niðurstöðum grunnrannsókna í erfðafræði til þróunar á lyfi. **- þk**




# Bush enn kokhraustur

## Bandaríkjamenn hafa hætt leit að efnavopnum í Írak. Meint efnavopnaeign var meginrök Bandaríkjaforseta fyrir innrásinni. Sjónvarpsviðtal við Bush verður sýnt í bandarísku sjónvarpi í kvöld.

**WASHINGTON, AP** Eftir að hafa lagt milljarða króna í leit að gereyðingarvopnum í Írak tilkynnti bandaríska ríkisstjórnin á miðvikudaginn að leitinni hefði verið hætt. Þar með er ljóst að fullyrðingar George W. Bush, forseta Bandaríkjanna, um gríðarlega vopnaeign Íraka áttu ekki við rök að styðjast.

Meint gereyðingarvopnaeign Íraka var meginrök Bush fyrir innrásinni í Írak. Í sjónvarpsviðtali við fréttakonuna Barböru Walters sem tekið var upp á miðvikudaginn en sýnt verður á ABC-sjónvarpsstöðinni í kvöld varði Bush ákvörðun sína.

„Líkt og margir aðrir Bandaríkjamenn og fólk víðs vegar um heiminn hafði ég það á tilfinningunni að við myndum finna gereyðingarvopn,“ sagði Bush. „Við verðum að komast að því hvað fór úrskeiðis þegar verið var að safna leynilegum gögnum. Saddam var hættulegur og heimurinn er öruggari nú þegar hann er ekki við völd.“

Nancy Pelosi, leiðtogi demókrata á bandaríska þinginu, sagði að Bush þyrfti nú að útskýra það almennilega fyrir fólki hvers vegna hann hefði haft svo rangt fyrir sér í allan þennan tíma.

Allt að 1.500 bandarískir hermenn og starfsmenn leyniþjónustunnar hafa síðustu tvö ár leitað að gereyðingarvopnum um allt Írak. Helst hefur verið leitað í verksmiðjum, rannsóknarstofum og á herstöðvum íraska hersins. Bush hefur þegar þakkað Charles Duelfer, yfirmanni bandarísku vopnaleitarinnar, fyrir hans störf. Duelfer mun skila lokaskýrslu um málið í næsta mánuði. Ekki er búist við því að hún muni bæta miklu við bráðabirgðaskýrsluna sem kynnt var síðasta haust, en í henni stóð að engin vopn hefðu fundist. ■

**EKKERT SINNEPSGAS** Jónas Þorvaldsson og Adrian King, sprengjusérfræðingar Landhelgisgæslunnar, fundu fyrir ári síðan sprengju sem þeir töldu við fyrstu greiningu að innihéldi sinnepsgas. Halldór Ásgrímsson, þáverandi utanríkisráðherra, sagði þá fund íslensku sprengjusérfræðinganna það merkilegan að hann gæti vakið heimsathygli. Nokkru seinna kom í ljós að engin efnavopn voru í sprengjunum.






Formaður BSRB:

# Sömu réttindi til allra

**LÍFEYRISMÁL** Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, styður það að allir fái sambærileg lífeyrisréttindi, hvort sem þeir starfa á almennum markaði eða hjá hinu opinbera, og segir það viðhorf almennt ríkjandi innan BSRB að styrkja beri og efla lífeyriskerfið í þágu allra.

„Það verður hins vegar ekki liðið að grafið verði undan lífeyrisréttindum starfsfólks í almannaþjónustu eins og því miður örlar á nú um stundir,“ segir hann og telur það verkefni komandi kjarasamninga að koma svipuðu fyrirkomulagi á hjá öðrum.

Ögmundur telur ekki að það hljóti að vera eitthvert val milli þess að vera með há laun og venjuleg lífeyrisréttindi eða góð lífeyrisréttindi og lægri laun eins og Pétur Blöndal alþingismaður hefur haldið fram.

„Við látum að sjálfsögðu ekki skerða þessi réttindi og ég furða mig á yfirlýsingum sem fram hafa komið innan verkalýðshreyfingarinnar hvað þetta snertir. Mér finnst að við eigum frekar að snúa bökum saman og bæta réttindi allra,“ segir hann. **- ghs**



**ÖGMUNDUR JÓNASSON** „Mér finnst að við eigum frekar að snúa bökum saman og bæta réttindi allra,“ segir formaður BSRB.

# BORGAÐU ALDREI MEIRA EN 2GB

## Verðtrygging í ADSL þjónustu.

**ADSL viðskiptavinir Og Vodafone þurfa aldrei að greiða fyrir meira en 2 GB af erlendu niðurhali.**
Komdu í **Og Vodafone** verslun, smelltu þér á **www. ogvodafone.is** eða hringdu í **1414** fyrir nánari upplýsingar.

**Sunnudagar eru áfram frídagar**
Viðskiptavinir okkar fá aukalega 500 MB niðurhal alla sunnudaga.




Þráðlaust Internet
**1.990 kr.**

og vodafone

og hvað segir þú?

Tilboð á búnaði miðast við 1 GB að lágmarki og 12 mánaða samning á kreditkort.
Verðtrygging gildir fyrir allar tengingar að 3 Mb/s.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 27066 01/2005

# Betra en útsala!

Síðastliðið ár var hið besta í sögu The Body Shop á Íslandi.
Það eigum við góðum viðskiptavinum að þakka!
Við viljum því leyfa ykkur að njóta ávaxtanna með okkur
og bjóðum 25% afslátt af öllum vörum
í verslunum okkar 13. - 16. janúar.




THE BODY SHOP
Kringlunni • Smáralind • Akureyri


Loðnukvótinn:

# Útvegsmenn ánægðir

**LOÐNA** Sjómenn og útgerðarmenn fagna tillögum Hafrannsóknastofnunar um 780 þúsund tonna loðnukvóta til handa íslenskum skipum. Freysteinn Bjarnason, framkvæmdastjóri útgerðar Síldarvinnslunnar í Neskaupstað, segir að mikill kvóti komi ekki á óvart miðað við fréttir síðustu daga um svartan sjó af loðnu. „Allir sem koma að þessum iðnaði hljóta að vera ánægðir og er ég alveg harðánægður. Það er hins vegar ljóst að langvarandi brælur mega ekki bresta á ef þetta magn á að nást“ segir Freysteinn.

- kk



**FREYSTEINN BJARNASON.** „Norðfjarðarhöfn iðar af lífi þessa dagana en hingað skiptast á að koma frystiskip, mjölskip, veiðiskip og vinnsluskip,“ segir Freysteinn.



**FYRIR ÁFRÝJUNARNEFND SAMKEPPNISMÁLA Á MÁNUDAG**
Hart var deilt um skýrslu starfsmanna Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands fyrir nefndinni.

# Deilt um hagnað olíufélaga af samráði

**Hart var tekist á um það fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála á mánudag hver fjárhagslegur hagnaður olíufélaganna hefði verið af verðsamráði.**

**VERÐSAMRÁÐ** Við málflutning fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála á mánudag var hart deilt á skýrslu þeirra Tryggva Þórs Herbertssonar, forstöðumanns Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, og Jóns Þórs Sturlusonar, sérfræðings á stofnuninni, sem þeir gerðu fyrir olíufélögin og var lögð fram til varnar olíufélögunum í haust.



**TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON** Vann skýrslu fyrir olíufélögin sem Samkeppnisstofnun telur líkari málflutningi en úttekt óháðs sérfræðings.

Tvímenningarnir fullyrtu í skýrslunni að mat Samkeppnisstofnunar á hagnaði olíufélaganna af samráði væri órökstutt og líkur væru á að hagnaðurinn ætti sér aðrar og eðlilegar skýringar. Samkeppnisráð taldi fjárhagslegan ávinning olíufélaganna af samráðinu hafa verið um 6,5 milljarða króna. Samkeppnisstofnun gagnrýndi fræðileg vinnubrögð Tryggva Þórs og Jóns og töldu skýrsluna hafa verið unna að beiðni olíufélaganna og að yfirbragð hennar væri líkara málflutningi fyrir hönd félaganna en úttekt óháðra sérfræðinga. Stofnunin taldi gagnrýnina byggjast að mestu á almennum forsendum í hagfræði en að takmörkuðu leyti á þeim aðferðum sem erlend samkeppnisyfirvöld hafa beitt við mat á ávinningi við sambærilegar aðstæður.

Tryggvi og Jón sögðu þá að ásakanirnar væru alvarlegar og bentu á að Samkeppnisstofnun hefði getað leitað eftir mati frá utanaðkomandi fræðimönnum frekar en að ráðast með aðdróttunum að heiðri þeirra. Þetta fræðilega mat liggur nú fyrir og við málflutninginn á mánudag lagði Samkeppnisstofnun fram greinargerð óháðra fræðimanna þar sem niðurstaða tvímenninganna frá Hagfræðistofnun var gagnrýnd harkalega.

Gylfi Magnússon, deildarforseti viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands, segir að starfsmenn Hagfræðistofnunar megi taka að sér verk fyrir utan vinnu. Þetta leiði hins vegar til þess að erfitt sé að greina á milli skýrslna sem gerðar eru í nafni starfsmanna stofnana annars vegar og þeirra sem stofnunin sjálf gerir hins vegar. Sérstaklega sé erfitt að koma því á framfæri í opinberri umræðu. Hann segir að það sé stjórnar stofnunarinnar sjálfrar að taka ákvörðun um það hvort breytingar á þessu verði gerðar þannig að starfsmönnum hennar verði ekki eins frjálst að vinna sjálfstætt.

ghg@frettabladid.is

Starf skipulagsfulltrúa Fljótsdalshéraðs:

# Of fáar umsóknir

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Meirihluti skipulags- og byggingarnefndar Fljótsdalshéraðs hefur lagt til að öllum umsóknum sem bárust um starf skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins verði hafnað á þeim forsendum að einungis einn þriggja umsækjenda uppfylli skilyrði um starfsgengi. Tveir af fimm nefndarmönnum í skipulags- og byggingarnefnd vildu ráða Þórhall Pálsson en hann var eini umsækjandinn sem uppfyllti skilyrði um starfsgengi og var samkvæmt greinargerð Eiríks Björgvinssonar, bæjarstjóra Fljótsdalshéraðs, hæfastur umsækjenda.

Í greinargerð með tillögunni um að hafna öllum umsóknum segir m.a: „Telja verður að umrætt starf eigi að vera eftirsóknarvert til að gegna. Skipulags- og byggingarnefnd batt vonir við að nefndin gæti valið um fjölda umsókna og mæla hagsmunir sveitarfélagsins með því að við ráðningu standi val milli fjölda hæfra umsækjenda. Við þær aðstæður sem fyrir hendi eru telur skipulags- og byggingarnefnd rétt að hafna öllum framkomnum umsóknum. Ráðningu í umrætt starf verði frestað ótímabundið.“

- kk

Edda útgáfa:

# Breytt skipurit

**ÚTGÁFA** Á stjórnarfundi á miðvikudag samþykkti stjórn Eddu útgáfu breytingar á skipuriti sínu. Helstu breytingar eru að útgáfustjórar verða ekki lengur tengdir ákveðnum forlögum, heldur verða útgáfustjórar ákveðinna sviða. Með þessari breytingu verða þau forlög sem heyra undir Eddu að vörumerkjum fyrirtækisins. Meðal þess sem sögð er ástæða breytinganna er að „efla heildarvitund um Eddu á meðal starfsfólks og losa um viðjar einstakra forlaga frá fyrri tíð“ auk hagræðingar í rekstri og að tryggja samræmdar útgáfuákvarðanir hjá félaginu. Verkum útgáfustjóra er skipt á milli almennra rita, skáldverka og barnabóka.

**- ss**

**HELSTU BREYTINGAR**

**Bjarni Þorsteinsson:**
Var: Útgáfustjóri Almenna bókafélagsins
Er: Starfar við almenna ritstjórn

**Dröfn Þórisdóttir:**
Var: Útgáfustjóri Vöku-Helgafells
Er: Markaðsstjóri Eddu og útgáfustjóri

**Páll Valsson:**
Var: Útgáfustjóri Máls og menningar
Er: Útgáfustjóri fyrir skáldverk og fræðirit

**Sigurður Svavarsson:**
Var: Útgáfustjóri Iðunnar
Er: Útgáfustjóri fyrir almenn rit. Er einnig staðgengill forstjóra í útgáfumálum

**Sigþrúður Gunnarsdóttir:**
Var: Ritstjóri barnabókadeildar Máls og menningar
Er: Útgáfustjóri fyrir barna- og unglingabækur



**EDDA ÚTGÁFA**
Með breyttu skipuriti eru útgáfustjórar ekki tengdir ákveðnum bókaforlögum fyrirtækisins.

Egilsstaðir:

# Keyrt á hreindýr

**LÖGREGLUMÁL** Flutningabíll keyrði á fjögur hreindýr í umdæmi lögreglunnar á Egilsstöðum í fyrrinótt. Dýrin drápust.

Bíllinn er töluvert skemmdur. Lögreglan segir mikið af hreindýrum við vegi á Jökuldalsheiði og Fljótdalsheiði. Erfitt sé að sjá þau þegar þau hlaupi yfir vegi í myrkri þar sem þau séu samlit þeim.

Hreindýr hafa ekki valdið slysum á fólki í vetur, en einnig hafði verið ekið á tvö hreindýr, tarf og kálf, á Hárekstaðaleið í byrjun desember. Aflífa þurfti þá annað dýrið.

**- gag**

Vegabréfasvindl:

# Tveir dæmdir

**DÓMSMÁL** Tveir Eþíópíumenn voru í gær dæmdir í 30 daga fangelsi hvor um sig í Héraðsdómi Reykjaness. Þriðji maðurinn, sænskur ríkisborgari af eþíópískum uppruna, var úrskurðaður í gæsluvarðhald fram á miðvikudag í næstu viku.

Þremenningarnir voru handteknir þegar þeir reyndu að fara um borð í flugvél til Bandaríkjanna og í ljós kom að þeir tveir sem voru dæmdir í gær voru með vegabréf annarra. Maðurinn sem úrskurðaður var í gæsluvarðhald hafði séð þeim fyrir vegabréfum og áður farið með mann til Bandaríkjanna. Vonast er til að rannsókn á máli hans ljúki fyrir helgi svo hægt verði að gefa út ákæru á hendur honum.

**- bþg**

Sameining sveitarfélaga:

# Breyttar tillögur

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Nefnd um sameiningu sveitarfélaga hefur nú lokið við að kynna sínar tillögur um sameiningu fyrir sveitarstjórnarmönnum. Að sögn Hjálmars Árnasonar, formanns verkefnisstjórnar um eflingu sveitarstjórnarstigsins og sameiningu sveitarfélaga, verða skoðaðar þær breytingarhugmyndir sem komið hafa upp á þeim fundum. Meðal þeirra breytinga sem verið er að skoða, er að Vatnsleysustrandarhreppur muni sameinast Hafnarfirði, en ekki Reykjanesbæ, Grindavíkurbæ, Sandgerðisbæ og Sveitarfélaginu Garði, eins og nefndin lagði til. Hjálmar segir ekki ólíklegt að einhverjar breytingar verði á upphaflegri tillögu nefndarinnar.

**- ss**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**SAUTJÁN BÍLAR ÚR UMFERÐ**
Skráningarmerki voru tekin af sautján bifreiðum sem ekki höfðu verið færðar til skoðunar eða voru ótryggðar. Lögreglan í Keflavík var þar að verki á miðvikudag. Þetta kemur fram á vef lögreglunnar.

## ATLANTSOLÍA

**BENSÍNSTÖÐ TIL SKIPULAGSSTJÓRA** Bæjarráð Kópavogs vísaði umsókn Atlantsolíu um lóð að Vallarkór 6 til skipulagsstjóra bæjarins. Atlantsolía hyggst reka þar bensínstöð. Fyrirtækið sótti um lóðina 10. janúar. Málið er á byrjunarstigi og á eftir að fara fyrir byggingarnefnd, samkvæmt upplýsingum bæjaryfirvalda.





Mannauður, þekking, menntun

Menntadagur iðnaðarins

Þriðjudaginn 18. janúar 2005 í Versölum, Hallveigarstíg 1

Þekking og mannauður eru vaxandi drifkraftur í starfsemi fyrirtækja. Hvernig er unnt að auka þekkingu og færni starfsfólks? Hvernig er mannauður nýttur? Hvernig þjónar menntakerfið best þörfum fyrirtækja?

Dagskrá

9:30
**Ávarp menntamálaráðherra**,
Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur

9:40
**Reikningsskil þekkingar**
Hvernig eflir og samræmir fyrirtæki þekkingu og færni starfsfólks? Beita má þekkingarreikningsskilum til að rækta og varðveita mannauð og þekkingarauð. Eggert Claessen, framkvæmdastjóri hjá Tölvumiðlun hf

10:15 **Kaffihlé**

10:30
**Starfsmenn læra og kenna**
Magna Fríður Birnir, starfsþróunarstjóri SKÝRR

**Skóli í fyrirtæki**
Auður Þórhallsdóttir, fræðslustjóri Alcan á Íslandi

**Mannauður skili arði (ROI)**
Leifur Geir Hafsteinsson, lektor við viðskiptadeild HR

**Að nýta leynda og ljósa þekkingu, framlag háskóla og fyrirtækja**
Ingi Rúnar Eðvarðsson, prófessor við viðskiptadeild Háskólans á Akureyri

11:30
**Pallborðsumræður**
Þátttakendur: Framsögumenn.
Stjórnandi pallborðs: Bogi Ágústsson, forstöðumaður fréttasviðs RÚV

**Fundarstjóri:**
Vilmundur Jósefsson, formaður SI

SI Samtök iðnaðarins

iðan.is veldu þér framtíð



**PÍLAGRÍMSFÖR HELGS MANNS** Helgi maðurinn Ram Baba situr hér á skrautlega skreyttu hjóli sínu á leið sinni til Sagar-eyju í Rajasthan-fylki í Indlandi. Hann er meðal hundraða þúsunda hindúa sem fóru í pílagrímsför til að taka þátt í Makar Sankranti, helgiathöfn þar sem hindúar vonast ýmist eftir því að þvo af sér syndir sínar eða tryggja sér maka.

Lögmaður Impregilo:

# Ný málsástæða hjá ríkisskattstjóra

**KÁRAHNJÚKAR** Garðar Valdimarsson, lögmaður Impregilo og fyrrverandi ríkisskattstjóri, segir að tvísköttunarsamningur við Portúgala hafi tekið gildi þann 11. apríl 2002 og komið til framkvæmda 1. janúar 2003, ekki á þessu ári eins og ríkisskattstjóri hafi sagt í Fréttablaðinu í gær. Þetta hafi verið staðfest af fjármálaráðuneytinu.

Það sé því ný málsástæða hjá ríkisskattstjóra sem hafi ekki heyrst áður að samningurinn hafi ekki tekið gildi á þessu ári.

Hvað varðar áfrýjun Impregilo til Yfirskattanefndar vegna álagningar skatta fyrir árið 2003 segir Garðar það vera túlkun lögmanna Impregilo að portúgalskir leigustarfsmenn sem starfi hér 183 daga eða skemur á ári eigi samkvæmt tvísköttunarsamningnum ekki að greiða skatta hér heldur í Portúgal.

Von er á niðurstöðu Yfirskattanefndar síðar í þessum mánuði. - ghs



**GARÐAR VALDIMARSSON** Lögmaður Impregilo segir að tvísköttunarsamningur við Portúgala hafi komið til framkvæmda í ársbyrjun 2003.

Færeyskur sjómaður:

# Með brotna augnumgjörð

**LANDHELGISGÆSLAN** Slasaður skipverji á færeyska rækjutogaranum Sólborgu TN-245 var sóttur inn í grænlensku lögsöguna.

Skipverjinn fékk stóran spilkrók í höfuðið og missti meðvitund. Vakthafandi læknir á Landspítala-háskólasjúkrahúsi sagði manninn með meðvitund. Augnumgjörð hans hafi brotnað og hann hlotið augnmeiðsl.

Björgunarstöð í Grönnedal í Grænlandi hafði samband við Landhelgisgæsluna. Stuttu síðar var tilkynnt um danskt eftirlitsskip á svæðinu. Þyrla af skipinu sótti manninn. Hún lenti í Reykjavík um kvöldmatarleytið. - gag

## ÚR UMFERÐINNI

**BJÖRGUNARSVEITIR AÐSTOÐA** Björgunarsveitin á Bakkafirði aðstoðaði fjóra bíla niður af Sandvíkurheiði við Vopnafjörð. Björgunarsveitin á Vopnafirði var í viðbragðsstöðu. Lögreglan segir snjókófið hafa verið mikið á staðnum. Sandvíkurheiði var lokuð fyrir allri umferð um kvöldmatarleytið í gær.

**BÍLAR Í VANDRÆÐUM** Fjórir bílar fengu aðstoð lögreglunnar til að ferðast um Biskupstungnabraut um klukkan hálf átta í miðvikudagsmorgun. Mjög blint var sem kallaði á aðstoðina.

**ÚTAF Á REYKJANESBRAUT** Þrír fólksbílar fóru útaf Reykjanesbrautinni milli klukkan sjö og átta á miðvikudag. Engin meiðsli urðu á fólki en eitthvert eignatjón. Lögreglan í Keflavík segir hálku hafa leitt til óhappanna.

Góð afkoma Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri:

# Sértekjurnar skipta sköpum

**REKSTUR** Samkvæmt rekstraruppgjöri Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri (FSA) fyrir tímabilið janúar til nóvember í fyrra er afkoman í heildina í samræmi við fjárlög. Gjöld umfram tekjur í lok tímabilsins nema 3,5 milljónum króna en áætluð velta spítalans á árinu öllu er um þrír milljarðar króna.

Launakostnaður er um 72 prósent af heildargjöldum spítalans og hækkaði um 1,9 prósent milli ára. Þá jukust sértekjur um 19 prósent. Þar var fyrst og fremst um að ræða aukna þjónustu við útlendinga en einnig hækkuðu komugjöld sjúklinga nokkuð. Sértekjur spítalans voru um fimmtungi umfram áætlun.

Sjúklingum fjölgaði um 1,2 prósent milli ára en legudögum fækkaði um 3,3 prósent. Fæðingum fækkaði um 5 prósent en komum á slysadeild fjölgaði um 355 eða 4,2 prósent. - kk




FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**FJÓRÐUNGSSJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI** Lyfjakostnaður lækkaði um 15 milljónir á milli ára, eða sem nemur 13 prósentum.

## ÍRAK

**RÓSTUR Í MOSUL** Fimm íraskir þjóðvarðliðar létust í tveimur árásum í Mosul í gær og fyrradag. Þrír mannanna létust þegar skotið var á þá úr mosku, hinir tveir létust í bílsprengjuárás.

**SEX HANDTEKNIR** Bandarískir hermenn hafa handtekið sex menn sem eru grunaðir um aðild að morðinu á fylkisstjóra Bagdad. Vopnaðir menn skutu á bílalest fylkisstjórans 4. janúar og myrtu hann og sex lífverði hans. Tveir hinna handteknu eru grunaðir um að vera í hópi þeirra sem skutu.

## SIGLUFJÖRÐUR

**FULLUR BÆR AF RJÚPU** Óvenjumikið ber á rjúpu á Siglufirði. Sjást rjúpurnar í runnum bæjarins og görðum íbúanna. Lögreglan á staðnum segir rjúpuna spaka. Greinilegt sé að fuglarnir hafi ekki verið áreittir. Skýringin á því hve mikið rjúpan sæki í bæinn geti verið mikið fannfergi til fjalla.





KATRÍN JAKOBSDÓTTIR
Umhverfisráð tekur miltisbrandinn í Reykjavík fyrir á fundi þegar umbeðnar upplýsingar liggja fyrir.

Miltisbrandurinn í Reykjavík:

# Umhverfisráð ræðir þörf aðgerða

**HEILBRIGÐISMÁL** Umhverfisráð Reykjavíkurborgar hefur kallað eftir upplýsingum frá yfirvöldum dýralækninga um þá staði í höfuðborginni þar sem grunur leikur á að skepnur sem drápust af miltisbrandi hafi verið grafnar, að sögn Katrínar Jakobsdóttur, starfandi formanns ráðsins. „Við ætlum að ræða þessar upplýsingar á fundi og láta kanna hvort ástæða sé til aðgerða,“ sagði hún.

Vitað er að kýr sem drápust af miltisbrandi voru huslaðar undir Hlemmi og á svæðinu sem Austurbæjarapótek stendur á, eins og fram kom í blaðinu í gær. Miltisbrandsgróin geta lifað í jörðu í að minnsta kosti tvö hundruð ár, líklega lengur að því er fram hefur komið hjá vísindamönnum. Vágesturinn barst hingað til lands vel fyrir aldamótin 1900 með ósútuðum húðum frá Afríku.

Katrín sagði nauðsynlegt að vita hvar miltisbrandsveikar skepnur hefðu verið grafnar. Þær upplýsingar yrðu hafðar til hliðsjónar ef raska þyrfti jarðvegi í borginni vegna framkvæmda eða bilana. - jss

Of mikill hávaði:

# Kvartað yfir ástarleikjum

**SVÍÞJÓÐ, AP** Íbúum fjölbýlishúss í Borlänge í norðvesturhluta Svíþjóðar varð ekki að ósk sinni þegar leigusali þeirra neitaði að flytja út hávært par sem býr í húsinu.

Nágrannarnir kvörtuðu sáran undan því að ástarleikjum þeirra fylgdi svo mikill hávaði að það truflaði þá í erli dagsins. Leigusalinn sagðist ekkert geta gert svo lengi sem parið iðkaði ástarleiki sína á daginn þar sem ekkert bannaði hávaða sem bærist milli íbúða á daginn, öðruvísi væri farið ef fólkið iðkaði ástarleikina, með tilheyrandi hávaða, á kvöldin eða að næturlagi, það væri bannað með lögum. ■

Íbúðalánasjóður segir banka og sparisjóði hafa þrýst fasteignaverði upp:

# Vill að sveitarfélög auki lóðaframboð

**FASTEIGNIR** Með því að auka lóðaframboð geta sveitarfélögin, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, minnkað þrýstinginn sem verið hefur á fasteignaverð. Þetta kemur fram í nýrri mánaðarskýrslu Íbúðalánasjóðs.

„Í áformum Íbúðalánasjóðs um hófsama hækkun hámarkslána og 90 prósenta veðsetningarhlutfall var tillit tekið til fasteignamarkaðarins og stöðu íslensks efnahagslífs,“ segir í skýrslunni. „Innkoma banka og sparisjóða á fasteignalánamarkað hefur hins vegar leitt til hækkunar á fasteignaverði og aukið þrýsting á verðbólgu.“

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbanka Íslands, segir alveg rétt að innkoma banka á fasteignalánamarkað hafi haft áhrif á fasteignaverð. Hins vegar megi ekki gleyma því að Íbúðalánasjóður hafi sjálfur átt upptökin þegar hann tilkynnti að boðið yrði upp á 90 prósenta lán. Edda Rós segist taka undir með Íbúðalánasjóði hvað aukna lóðaúthlutun snertir.

„Það er mikilvægt að einblína ekki bara á aukna eftirspurn eftir húsnæði heldur líka framboðið. Það er mikilvægt að greiða fyrir aukinni uppbyggingu. Það myndi án efa hafa áhrif á fasteignaverðið.“ - th



UPPBYGGING Í NORÐLINGAHOLTI
Framkvæmdir við nýtt hverfi í Norðlingaholti hófust árið 2003. Samkvæmt skipulagi er gert ráð fyrir 929 íbúðum í hverfinu.

Manndráp:

# Drápu barn með salti

**BRETLAND, AP** Bresk hjón hafa verið dæmd til fimm ára fangelsisvistar fyrir að verða þriggja ára dreng að bana. Þau íhuguðu að ættleiða drenginn. Úr því varð ekki en þau drápu hann þess í stað með því að eitra fyrir honum með salti og veita honum banvænan höfuðáverka.

Hjónin fengu drenginn til sín í þrettán vikur til reynslu áður en til formlegrar ættleiðingar kæmi. Eftir fimm vikna dvöl hjá hjónunum var hann fluttur á sjúkrahús eftir að hafa fundist í dauðadái á heimili sínu. Í ljós kom að hjónin höfðu neytt þrjár til fjórar teskeiðar af salti ofan í hann til að refsa honum fyrir óþekkt. Hjónin voru ósátt við að hann uppfyllti ekki vonir þeirra um þægilegt fjölskyldulíf. ■




NÝR LAND ROVER DISCOVERY 3
Verð frá kr. 5.480.000
Frumsýndur laugardaginn 15. janúar nk. frá kl 12 til 16
LAND-ROVER
GO BEYOND™
B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

24 stundir

EFTIRMÁL: BRUNAVARNIR Á REYKJALUNDI

# *Miklar úrbætur verið gerðar*

Eftir brunann í Hringrás við Sundahöfn í nóvember í fyrra fengust þær upplýsingar frá slökkviliði að brunavörnum 236 fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu væri ábótavant. Sum fyrirtækjanna höfðu dagsektir hangandi yfir sér og meðal þeirra var endurhæfingamiðstöðin Reykjalundur.

### Miklu lokið

Björn Ástmundsson, forstjóri Reykjalundar, segir að þegar fréttir að brunavörnunum bárust í nóvember hafi úrbótastarf þegar verið hafið á Reykjalundi og það hafi verið í fullum gangi síðan. „Hér er um sjúkrahús á föstum opinberlegum fjárlögum að ræða og það verður að dreifa framkvæmdum á sínum vegum," segir Björn. „Við lögðum þó fram nýja framkvæmdaáætlun í fyrra



og erum komnir langt á veg með hana." Meðal þeirra úrbóta sem þegar hafa verið gerðar nefnir Björn útiljós á veggjum sem leiðbeina fólki út, búið sé að tryggja flóttaleiðir í vinnuskálum og brunaviðvörunarkerfi hefur verið endurnýjað.

### Næst á dagskrá

Björn segir að það sem vaxi mönnum mest í augum séu brunalokur í loftræstikerfi, en byggingar á Reykjalundi eru 50 til 60 ára gamlar. „Við höfum verið að gera úttekt á því hvar mögulegt er að koma þeim fyrir og hvar við getum lokað loftræstikerfum og opnað glugga í staðinn." Björn segir að verið sé að koma fyrir sex nýjum eldvarnarhurðum og næsta árið liggi fyrir að setja upp þéttilista. „Þetta er sem sagt mjög lifandi mál hérna og hefur aldeilis hreyft við okkur, en ég held við séum komin í fullt samráð við forvarnadeild og það er engin hætta á að það komi til beitingu dagsekta í okkar tilviki."

## SVONA ERUM VIÐ?



**203.093 GESTIR** heimsóttu Fjölskyldu- og húsdýragarðinn í Laugardal á síðasta ári.

## SJÓNARHÓLL

FÖLSUÐ MERKJAVARA



SIGURJÓN SVERRIR SIGURÐSSON

### *Velur síður merkjavöru*

„Það skiptir máli hvort keypt er merkjavara eða ekki, merkjavara er svo dýr í dag," segir Sigurjón Sverrir Sigurðsson, í 10. bekk Árbæjarskóla, en fregnir herma að fölsuð merkjavara sé seld á Íslandi. Sverrir segir að hann yrði sáttur fengi hann gallabuxur á góðu verði sem litu út fyrir að vera ekta: „En ef sagt væri við mig að þær væru ekta og ég fengi þær á svona góðu verði og svo myndi ég fatta að þær væru falsaðar, þá yrði ég ekki sáttur."
Sverrir segir það skipta margt fólk máli að vera í réttu merkjunum. Það sé ansi dýrt. „Ef maður fer í Deres og ætlar að fá sér Diesel eða Levi's gallabuxur kostar það um fimmtán þúsund kall. Ef þú færð þér einhverjar gallabuxur sem enginn þekkir merkið á, en eru kannski geðveikt flottar, þá kosta þær þrjú til fimm þúsund."
Sverrir segist einmitt hafa verið að skoða föt fyrir stuttu og var tíu þúsund króna verðmunur á buxum: „Ég keypti nú bara þær ódýrari. Mér fannst þær flottar."

# Listin er að ætla sér ekki um of

**Hjörleifur Guttormsson fékk úrskurði Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum álvers Alcoa í Reyðarfirði hnekkt, í bili í það minnsta. Ekki er öllum jafn mikið um baráttu Hjörleifs gefið og hefur honum jafnvel verið hótað af sveitungum sínum eystra.**

Héraðsdómur Reykjavíkur hefur ómerkt úrskurð Skipulagsstofnunar um að mat á umhverfisáhrifum sem gert var fyrir álver sem Norsk Hydro hugðist reisa gilti einnig fyrir álver Alcoa. Það var Hjörleifur Guttormsson, náttúrufræðingur og fyrrverandi ráðherra, sem kærði úrskurðinn og á hans sjónarmið hafa dómstólar nú fallist.

„Ekki gat ég vitað neitt með neinni vissu í þeim efnum, það er náttúrlega aldrei þegar maður fer með mál fyrir dómstóla," svarar Hjörleifur aðspurður hvort hann hafi verið sannfærður um að héraðsdómur dæmdi honum í vil. „Ég taldi mig hins vegar hafa gott mál að flytja og lögmaður minn var sama sinnis."

### Tímamótadómur

Þetta er í fyrsta sinn sem dómstólar snúa við stjórnvaldsákvörðun í þessum málaflokki með jafn afgerandi hætti þótt áður hafi þeir gert athugasemdir við ákveðna þætti Kárahnjúkavirkjunar. „Þetta er tímamótadómur," segir Hjörleifur því hróðugur. Búið er að áfrýja dómnum til Hæstaréttar en að sögn Hjörleifs þarf Fjarðaál að undirgangast nýtt umhverfismat. Það ferli getur tekið nokkra mánuði. „Ég skal ekki fullyrða um stöðu þessa starfsleyfis sem var gefið út í mars í fyrra en það er alveg ljóst að það gildir ekki í reynd úr þessu, það er ekki virkt sem slíkt fyrst það þarf að gera nýtt mat ef þessi dómur stendur."

Hjörleifur býst við að dómurinn blási umhverfisverndarsinnum baráttuanda í brjóst. „Það er stór hópur manna sem hefur verið í mjög virku andófi gegn þessum framkvæmdum af sannfæringu og staðið sig vel í þeim efnum. Allur þessi málarekstur er hins vegar byggður á mjög gildum rökum, tilfinningar einar saman nægja ekki þótt þær séu góðar og gildar sem slíkar."

### Nákvæmur eða smámunasamur?

Hins vegar er ekki víst hvort Austfirðingar séu jafn ánægðir með þessar lyktir málsins. Hjörleifur telur reyndar að stuðningur íbúa svæðisins við stóriðju sé ekki eins mikill og stundum er látið í veðri vaka. „Það sem hefur verið tóngefandi í þessu er að mikill meirihluti sveitarstjórnarmanna hefur tekið undir með stjórnvöldum og haft að því er virðist trú á því að þetta færi Austurlandi gósentíð sem ég hef ekki sannfæringu fyrir," segir hann en játar þó að ekki hafi allir kunnað honum þakkir fyrir baráttu sína. „Auðvitað koma alltaf einhverjar tilfinningar inn í þetta, það hefur engin áhrif á mig í afstöðu minni til fólks eða umgengni við það. Ég hef ekki orðið fyrir ónotum eða hótunum nema í fáum tilvikum, en auðvitað hefur það borið við. Það gerist í hita leiksins, því miður."

Hjörleifur er þekktur fyrir að vera fastur fyrir og vinna mál sín af stakri nákvæmni, sem sumir kalla reyndar þrjósku og smámunasemi. Hjörleifur er tregur til að leggja mat á það. „Nú er það ekki rétt að vera dómari í eigin sök. Viðhorf mitt og nálgun er þannig að ég reyni að fá gleggsta sýn yfir mál sem ég er að fást við. Margt smátt gerir eitt stórt og þú getur kannski ekki alveg vitað fyrirfram hvað skiptir mestu í tilteknu máli. Þannig að það hefur gildi að gefa því sem virðist við fyrstu sýn aukaatriði einnig gaum. Kannski er þetta kallað smámunasemi en þetta er nú mín vinnuaðferð."

### Mörg járn í eldinum

Næstu skref í málinu verða að undirbúa það fyrir Hæstarétt og bregðast við greinargerðum þeirra sem áfrýja. „Þetta er hins vegar algert hliðarmál í mínum verkahring, ég er með mörg járn í eldinum," segir Hjörleifur en hann vinnur þessa dagana að ritun tveggja bóka. Í vor kemur út Árbók Ferðafélags Íslands, þar er fjallað um Austfirði frá Reyðarfirði til Seyðisfjarðar en hitt verkið sem þessi hamhleypa er með í smíðum er um Hallormsstað og nágrenni en þar er Hjörleifur uppalinn. „Það er ekki skortur á viðfangsefnum, ég sé ekki út úr því. Það er hins vegar listin að ætla sér ekki um of."

sveinng@frettabladid.is



HJÖRLEIFUR GUTTORMSSON




Orkusparnaður:

# Réttir pottar þyngja pyngjuna

**RAFMAGN** Boðaðar hafa verið gjaldskrárhækkanir á rafmagni víða um land. Sporna má við áhrifum hækkananna á budduna einfaldlega með því að spara rafmagn. Orkuveita Reykjavíkur birtir nokkur góð ráð á heimasíðu sinni or.is, hér eru nokkur þeirra.

### Örbylgjuofninn

Tími og orka sparast þegar matreitt er í örbylgjuofni. Það tekur sjö mínútur að matreiða 250 grömm af kartöflum í örbylgjuofni, en 25 mínútur á eldavél. Sjóðið eða hitið matinn í lokuðum ílátum, þannig helst hitinn betur á matnum og orka sparast. Með því að nota lítið vatn þarf styttri suðutíma. Oft er hægt að sleppa vatninu alveg þegar matreitt er í örbylgjuofni.

### Eldavélin

Gætið þess að potturinn sé hæfilega stór á helluna. Til dæmis fara tuttugu prósent orkunnar til spillis ef potturinn er tveimur sentimetrum minni í þvermál en hellan. Ósléttur botn á potti eða pönnu getur valdið fjörtíu prósent meiri rafmagnsnotkun. Notið þétt lok á pottinn og takið það ekki af meðan soðið er. Ef lokið er ekki á pottinum þarf tvöfalt meiri orku en ella. Það þarf tvisvar til þrisvar sinnum meiri orku að glóðarsteikja í ofninum en að steikja á hefðbundinn hátt.



### Ísskápurinn

Hæfilegt hitastig í kæliskápnum er 4-5 gráður. Rafmagnsnotkun eykst um fjögur prósent fyrir hvert stig sem hitinn er lækkaður. Gætið þess að loftræsting sé nægjanleg bak við kæliskápinn. Léleg loftræsting getur valdið allt að tíu prósent meiri rafmagnsnotkun.

### Kaffivélin

Það sparast um þrjátíu prósent af orkunni með því að laga kaffið í kaffivél í stað þess að nota hraðsuðuketil og hella upp á á gamla mátann. Notið hitakönnu til að halda kaffinu heitu, en ekki hitaplötu kaffivélarinnar.

- shg



Fersk læri
HOLTA kjúklingalæri
329 kg KR.
45% afsláttur við kassann
Merkt verð 599kr.kg
45% afsláttur við kassann
ALI SVÍNAKÓTELETTUR
40% afsláttur við kassann
SVÍNAKJÖT
FERSKAR ALI SVÍNAKÓTELETTUR
779 kg KR.
40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1298kr.
Gott í matinn
kjöt bollur
Kjötbollur steiktar
299 450g KR.
6 pítubuff með brauði og sósu
499 KR.
LAUSFRYSTIR BITAR
299 kg KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 499kr.
Palmolive
EKKERT BRUÐL
Palmolive Nutriente
300 ml 99 KR.
SÚPUKJÖT frá Sauðárkróki
BLANDAÐ SÚPUKJÖT
299 kg KR.
ÚRVALS SÚPUKJÖT
399 kg KR.
...fyrir góðan dag!
Súpukjöt
Lausfrystir Kjúklingabitar
40% afsláttur við kassann
LAUSFRYSTIR KJÚKLINGABITAR
69 770g KR.
30-50% afsláttur við kassann
LAMBASALTKJÖT FRÁ KJARNAFÆÐI
BLANDAÐ SALTKJÖT
50% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
249 kg KR.
Merkt verð 499kr.
ÚRVALS SÚPUKJÖT
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
566 kg KR.
Merkt verð 809kr.
Villikryddað lambalæri
899 kg KR.
Nýtt kortatímabil!
KJARNAFÆÐI
Villijurtakryddað LÚXUS LAMBALÆRI
VILLIKRYDDAÐUR LAMBAHRYGGUR
HEILHVEITI
NETTÓÞYNGD 770g
Kartöflu salat
Hrá salat
KARTÖFLUSALAT/HRÁSALAT
99 350g KR.
Villikryddaður hryggur
999 kg KR.
Villikrydduð lambasteik
999 kg KR.
Tilboðin gilda til sunnudags 16. jan. eða meðan birgðir endast
BÓNUS

360 gráður

HVAÐ ER: UMHVERFISMAT

# Allir geta gert athugasemdir

Árið 2000 voru samþykkt lög um mat á umhverfisáhrifum. Vegna þeirra þurfa ýmsar framkvæmdir að standast ítarlega skoðun hagsmunaaðila, almennings og Skipulagsstofnunar til þess að hljóta samþykki.

**Hvað er umhverfismat?** Mat á umhverfisáhrifum er ferli þar sem metin eru þau áhrif sem framkvæmd kann að hafa á umhverfið. Markmiðið með umhverfismati er að áður en lagt er út í framkvæmdir á borð við lagningu vegar eða byggingu virkjana sé búið að tryggja að viðkomandi framkvæmd hafi ekki í för með sér umtalsverða röskun á umhverfinu.

**Hver gerir umhverfismat?** Skipulagsstofnun úrskurðar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Fyrst metur hún hvort tiltekin framkvæmd sé matsskyld. Ef svo er heldur ferlið áfram með því að sá sem ætlar að framkvæma leggur fram tillögu að matsáætlun til Skipulagsstofnunar. Í henni koma fram upplýsingar um það hvernig staðið verður að mati á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar. Eftir að Skipulagsstofnun hefur gert athugasemdir við tillöguna er sjálf matsáætlunin lögð fram. Framkvæmdaraðilinn sér því næst um að umhverfisáhrifin séu metin samkvæmt matsáætluninni. Að því loknu gerir hann skýrslu um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Hún er lögð fyrir Skipulagsstofnun, sem úrskurðar um málið. Tillögu að matsáætlun, matsáætlunina sjálfa og matsskýrsluna þarf að kynna fyrir hagsmunaaðilum og almenningi, sem geta komið með athugasemdir hvenær sem er í ferlinu innan ákveðins frests.

**Hvaða framkvæmdir þurfa að fara í umhverfismat?** Í lögum um mat á umhverfisáhrifum er skýrt tilgreint hvers konar framkvæmdir eru ávallt háðar umhverfismati. Sem dæmi er bygging olíuhreinsunarstöðva, stórra virkjana og flestra tegunda verksmiðja alltaf háð umhverfismati. Einnig eru ýmiss konar landbúnaður, skógrækt og fiskeldi oftast háð umhverfismati, sem og stofnbrautir í þéttbýli og vegir utan þéttbýlis sem eru lengri en 10 kílómetrar, svo einhver dæmi séu tekin.

**Hver getur niðurstaðan verið?** Ef Skipulagsstofnun telur að framkvæmd hafi ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif veitir hún þeim sem hyggst leggja út í framkvæmdirnar, sem getur til dæmis verið sveitarfélag, ríki, stofnun, fyrirtæki eða einstaklingur, leyfi til að hefja framkvæmdir. Skipulagsstofnun getur veitt leyfið án skilyrða eða með ákveðnum skilyrðum sem sá sem hyggst framkvæma þarf að uppfylla áður en hann hefur framkvæmdir. Ef stofnunin telur hins vegar að framkvæmd hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér leggst hún gegn henni. Úrskurð Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá því hann var birtur. Öllum er heimilt að kæra til ráðherra.



## SPURT OG SVARAÐ

HÆKKUN RAFORKUVERÐS



GUÐNI ÁGÚSTSSON

### *Grænmetisverð hækki ekki*

Hætt er við að verð á grænmeti stórhækki vegna verðhækkunar á rafmagni til garðyrkjubænda um næstu mánaðamót sem rekja má til nýrra raforkulaga. Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra hefur unnið að því að lækka verð á grænmeti í landinu.

**Hafa áhrif raforkuverðsins á grænmetisverð verið skoðuð í ráðuneytinu?**
Við höfum átt fund með bændum sem lýstu sinni hlið á málinu. Þeir telja að ef ekkert verði að gert og þessi niðurgreiðsla sem þeir hafa fengið fellur niður verði rekstur gróðurhúsa mjög erfiður. Ég hef þess vegna tekið þetta til umræðu í ríkisstjórninni og ég vona að það liggi fyrir á næstu dögum hvernig málið er vaxið. Þá verður tekin ákvörðun um hvernig brugðist verði við.

**Er niðurgreiðsla á raforkuverði til grænmetisbænda mikil?**
Já. Í samningi við garðyrkjubændur um verðlækkun á gúrkum, tómötum og papriku var kveðið á um að peningi yrði veitt í niðurgreiðslur.

**Hversu mikilvægt telurðu að koma í veg fyrir verðhækkanir á grænmeti?**
Það er mjög mikilvægt að grænmetisverð hækki ekki. Við höfum náð þeim árangri að koma því niður í heimsmarkaðsverð. Í kjölfarið lækkaði verð á öðrum ávöxtum. Það er mikilvægt fyrir neytendur að ekki komi til verðhækkana.

# Skuldunum slegið á frest

**Indónesía, Srí Lanka og Seychelleseyjar hafa þekkst boð lánardrottna sinna um að fá skuldir sínar frystar um sinn svo að þær geti einbeitt sér að uppbyggingu eftir hamfarirnar miklu. Aðrar þjóðir hafa afþakkað aðstoðina.**

**FJÁRHAGSAÐSTOÐ** Lánardrottnar ríkjanna sem verst urðu úti í hamförunum við Indlandshaf á dögunum hafa ákveðið að frysta skuldir þeirra um sinn svo þau geti einbeitt sér að uppbyggingarstarfi. Þessi ríki eru þó langt í frá skuldugustu lönd heims. Ýmsar ástæður eru fyrir þessum himinháu skuldum sem margir telja að ríkari þjóðirnar innheimti fullfreklega.

Svonefndur Parísarklúbbur ákvað á fundi sínum á miðvikudaginn að frysta skuldir þeirra ríkja sem fyrir mestu mannfalli og búsifjum urðu vegna flóðanna á annan dag jóla. Klúbburinn er óformlegur félagsskapur helstu iðnríkja heims en þau eiga svimandi háar skuldir útistandandi hjá þeim sem fátækari eru. Klúbburinn fundar 10-12 sinnum á ári og ræðir stöðu og horfur í þessum efnum.

Fljótlega eftir að hamfarirnar miklu dundu yfir fóru ráðamenn á Vesturlöndum að huga að því að létta undir með þeim ógæfusömu þjóðum sem fyrir flóðunum urðu. Gordon Brown, fjármálaráðherra Breta, stakk upp á skuldafrystingu strax á fyrstu dögum ársins og benti á að það skyti skökku við að þjóðirnar á Vesturlöndum gæfu söfnunarfé með hægri hendi til þess eins að innheimta það síðan með þeirri vinstri. Ráðamenn helstu iðnríkja heims tóku vel í þessar hugmyndir og nú hefur þetta verið ákveðið.

Frystingin tekur strax gildi og er án sérstakra kvaða. Ekki er þó búist við að öll ríkin sem eiga kost á þessari aðstoð muni þiggja hana. Taílendingar hafa þegar afþakkað frystinguna og vilja heldur borga af sínum lánum sem fyrr og Indverjar hafa tekið í svipaðan streng. Ástæða þessa er einfaldlega sú að skuldir þessara ríkja eru ekki tiltakanlega miklar eins og sjá má á meðfylgjandi töflu en jafnframt lækkar lánshæfismat þeirra til frambúðar. Indónesía, Srí Lanka og Seychelleseyjar hafa hins vegar tekið hjálpinni fegins hendi enda er staða þeirra mun verri en hinna þjóðanna.

Þorri ríkja þriðja heimsins er skuldum vafinn. Stór hluti lánanna var veittur á sjöunda áratugnum með milligöngu alþjóðastofnana og áttu þau að fara í þróunarstarf og efnahagsuppbyggingu. Á áttunda áratugnum snarhækkuðu vextir en um svipað leyti ríkti efnahagskreppa í heiminum. Því eru mörg ríki enn í þeirri aðstöðu að erlendar skuldir þeirra eru hærri í dag en þegar til þeirra var stofnað þrátt fyrir að þau hafi greitt af lánunum um áratugaskeið.

Á Vesturlöndum vex þeirri skoðun stöðugt fiskur um hrygg að rétt sé að slá verulega af skuldum þróunarlandanna og jafnvel gefa þær með öllu upp. Öðruvísi geti þau ekki komið efnahag sínum á réttan kjöl. Til þess eru lánardrottnar ríkjanna hins vegar afar tregir og ólíklegt er að sú verði nokkurn tíma raunin. Alþjóðabankinn stendur að vísu fyrir sérstöku verkefni þar sem ríku þjóðirnar greiða af skuldum þriðja heimsins og leggur Ísland fé til þessa verkefnis. Þessi aðstoð er þó háð ýmsum skilyrðum, til dæmis að einhvers konar markaðsbúskap verði komið þar á.

Þótt flestir fagni ákvörðun Parísarklúbbsins frá því á miðvikudaginn er hún ekki óumdeild. Mannúðarsamtök segja að með henni sé ekki nógu langt gengið en aðrir hafa bent á að þjóðirnar sem njóta góðs af frystingunni séu langt í frá þær skuldugustu í heiminum. Nær væri að einbeita sér að Afríkuríkjunum í þessu sambandi.

sveinng@frettabladid.is



**ÞEIR HAFA ÖRLÖG ÞJÓÐA Í HENDI SÉR**
Herve Gaymard, fjármálaráðherra Frakklands, og Jean Pierre Joueyt, stjórnarformaður Parísarklúbbsins, takast í hendur fyrir fund klúbbsins á miðvikudaginn.

**SKULDIR RÍKJANNA SEM VERST URÐU ÚTI Í HAMFÖRUNUM**

| Land | Skuldir* |
|---|---|
| Indónesía | 90 |
| Indland | 59 |
| Taíland | 47 |
| Malasía | 45 |
| Srí Lanka | 105 |

**SKULDUGUSTU RÍKI HEIMS**

| Land | Skuldir* |
|---|---|
| Líbería | 526 |
| Gínea-Bissá | 354 |
| Máritanía | 243 |
| Vestur-Kongó | 241 |
| Sierra Leone | 207 |

**sem hlutfall af landsframleiðslu (í prósentum)*


# Auglýsing um innlausnarverð verðtryggðra spariskírteina ríkissjóðs

| Flokkur | Innlausnartímabil | Innlausnarverð* á kr. 10.000,- |
|---|---|---|
| 1989 2.fl. A 10 ár | 15.1.2005 til 14.1.2006 | kr. 37.642 |

* Innlausnarverð er höfuðstóll vextir, vaxtavextir og verðbætur.

Innlausn spariskírteina ríkissjóðs fer fram í afgreiðslu Lánasýslu ríkisins, Borgartúni 21, 2. hæð, Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1 og bönkum og sparisjóðum um land allt.

Reykjavík, 13. janúar 2005

LÁNASÝSLA RÍKISINS

SEÐLABANKI ÍSLANDS

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA


Klassísk tónlist:

# Spornar við skemmdarverkum

**HLJÓMLIST** Skemmdarvargar fara víða um og skilja eftir sig sviðna jörð. Breskir verslunareigendur hafa náð að stemma stigu við eignaspjöllum með því að láta klassíska tónlist hljóma fyrir utan fyrirtæki sín. Þannig tvístra þeir unglingaklíkum sem safnast saman utandyra og hyggjast brjóta og bramla það sem á vegi þeirra verður.

Að sögn breska tímaritsins The Economist þola margir unglingar klassíska tónlist illa einfaldlega vegna þess hve ókunnugir þeir eru henni. Því er oftast nóg fyrir búðarloku að setja Mozart í hátalarana þegar mannsöfnuður gerir sig líklegan til skemmdarverka. Stundum þarf þó að grípa til framúrstefnulegri tónverka.

- shg



**WOLFGANG AMADEUS MOZART**
Spornar við skemmdarverkum.

# alltaf gott - alltaf ódýrt

## nýtt kortatímabil



**30%** afsláttur
Danefrost Symfoni blanda
Hollensk blanda



**195** kr.
Danefrost kartöfluskífur/bátar
30% afsláttur - verð áður 279 kr.




**30%** afsláttur
SS rauðvínslegin helgarsteik
verð 1.021 kr. - verð áður 1.458 kr.



**249** kr.
Isio 1 ltr. matarolía
merkt verð 279 kr.

nýtt



**119** kr.2 ltr.
Coca Cola Light
2 ltr. verð 119 kr.



**20%** afsláttur
Skólaostur stór



**499** kr.pk.
Humar
500 gr. poki

Auglýsingastofa Víkurfrétta - www.vf.is



**199** kr.
Celestial Seasonings jurtate
verð áður 269 kr.



**199** kr.
Eldfugl kjúklingaborgarar og brauð 2 stk.
verð áður 310 kr.



**699** kr.kg.
Laxabitar
30% afsláttur - merkt verð 999 kr.kg.

## allt í matinn á einum stað

VISA Electron
Verð birt með fyrirvara um prentvillur.
Tilboðin gilda frá 13. til 16. jan. (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast.

Akranes - opið: mán. til fös. 10.00-19.00, lau. 10.00-18.00, sun. 12.00-18.00
Akureyri - opið: mán. til fös. 10.00-19.00, lau. 10.00-18.00, sun. 12.00-18.00
Salahverfi Kópavogi - opið: mán. til fös. 10.00-21.00, lau. 10.00-21.00, sun. 12.00-18.00
Mjódd Reykjavík - opið: mán. til fös. 10.00-19.00, lau. 10.00-18.00, sun. 12.00-18.00

netto

# skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Átök innan R-listans skapa óvissu um stefnu og stjórn höfuðborgarinnar.

## Óviðunandi fyrir borgarbúa

Ekkert lát ætlar að verða á togstreitunni innan Reykjavíkurlistans og tekur hún á sig æ fjölbreyttari myndir eins og orðahnippingar meðal framsóknarmanna í höfuðborginni undanfarna daga bera vitni um. Flest bendir til þess að dagar R-listans séu taldir og hann muni ekki hafa afl til að bjóða fram í borgarstjórnarkosningunum á næsta ári.

Ef innri og ytri aðstæður hefðu verið R-listanum hagfelldar væri ekki útilokað að hann gæti haldið völdum í Reykjavík í næstu kosningum án aðildar Framsóknarflokksins. Nýjustu skoðanakannanir sýna að Framsókn, sem nú á tvo fulltrúa í borgarstjórn, fengi engan mann kjörinn ef flokkurinn byði einn fram til borgarstjórnar. R-listinn hefur frá upphafi notið víðtæks stuðnings óháð hefðbundnum flokksböndum. Aðild „óháðra“ að framboðinu hefur styrkt það. Ef Frjálslyndir gengju til liðs við R-listann, eins og Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur stakk upp á í grein hér í blaðinu á mánudaginn, er nær öruggt að ekki væri lengur þörf á stuðningi framsóknarmanna.

En sannleikurinn er sá að hvorug skilyrðin, hin innri eða ytri, eru fyrir hendi. Innan allra stjórnmálaflokkanna sem standa að R-listanum á sér stað barátta sem snýst um völd og áhrif í stjórn höfuðborgarinnar. Forystumenn flokkanna í borginni taka þátt í þessari baráttu leynt og ljóst. Innan Samfylkingarinnar er ekki eining um nýja borgarstjórann, Steinunni Valdísi Óskarsdóttur. Það er opinbert leyndarmál að Stefán Jón Hafstein sætir færis að ná til sín foringjahlutverkinu og þar með borgarstjórastólnum. Innan flokks Vinstri grænna hefur lengi verið óánægja með málefnalega stefnu borgarstjórnarmeirihlutans. Grasrótin í flokknum er ósátt við framferði sumra forystumannanna. Framkoma Bjargar Vilhelmsdóttur gagnvart skjólstæðingum félagsmálakerfisins hefur nokkrum sinnum orðið tilefni ádeilu og hneykslunar úr röðum hennar eigin flokksfélaga. Ólíklegt er að svokölluð „kynnisferð“ leiðtoga Vinstri grænna, Árna Þórs Sigurðssonar, til Brussel bæti ímynd borgarstjórnarhópsins.

Ytri skilyrði eru R-listanum líka óhagstæð. Ljóminn sem lék um listann á upphafsárunum, þegar Ingibjörg Sólrún Gísladóttir var foringi hans, er horfinn. Mestur tími forystumannanna fer í að svara fyrir óvinsæl mál eins og skuldasöfnun, aukna skattbyrði, skipulagsklúður og ábyrgðarlausa meðferð fjármuna þar sem Orkuveitan undir stjórn Alfreðs Þorsteinssonar er helst í sviðsljósinu.

Þetta ástand ætti að gefa forystuflokki minnihlutans, Sjálfstæðisflokknum, sóknarfæri. En skoðanakannanir benda ekki til þess að hann sé að spila rétt úr stöðunni. Taktur og tónn minnihlutans virðist ekki ná hljómgrunni meðal borgarbúa. Kannski þarf að skipta um manninn í brúnni eða jafnvel áhöfnina alla. Eitthvað er að þegar jafn „hagstæð“ skilyrði verða ekki til þess að flokkurinn nái að rétta úr kútnum.

Átök meirihluta og minnihluta eru eðlilegur þáttur lýðræðislegra stjórnmála. En hin sífellda togstreita meðal meirihlutans er hins vegar óþægileg og raunar óviðunandi fyrir borgarbúa vegna þeirrar óvissu sem hún skapar um stjórn og stefnu höfuðborgarinnar. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### "Algjör firra"

Ekki fór það hátt þegar ein af elstu háskóladeildum landsins skipti um nafn á dögunum; heimspekideild Háskóla Íslands heitir nú hugvísindadeild. Á þeim bæ segja menn að gamla nafnið hafi valdið ruglingi því hugtakið heimspeki sé núorðið eingöngu notað um samnefnda fræðigrein í stað þess að vera samheiti yfir ólíkar greinar mennta og fræða sem kenndar eru í deildinni. Þá var það notað í rökstuðningi fyrir nafnbreytingunni að heitið heimspekideild gæfi þeirri ranghugmynd undir fótinn að í deildinni væru ekki stunduð alvöru vísindi, „sem er að sjálfsögðu algjör firra“ segir í grein um málið á vef Háskólans, hi.is.



### Af hverju alþýða?

Enn af orðum. Ung menntakona, Ragnheiður Kristjánsdóttir, veltir því fyrir sér í fróðlegum fyrirlestri sem lesa má á vef framtíðarhóps Samfylkingarinnar, framtid.is, hvers vegna íslenskir sósíaldemókratar hafi í upphafi kennt samtök sín við „alþýðu“ en ekki „verkamenn“ eins og tíðkaðist í nágrannalöndunum, samanber Alþýðuflokkurinn og Alþýðusambandið sem stofnuð voru 1916. Niðurstaða hennar er sú að orðið „alþýða“ hafi í íslensku samfélagi á þessum tíma haft víðari skírskotun og jákvæðari merkingu en orðin „verkamaður“, „verkafólk“ og „verkalýður“. Ísland hafi á þessum tíma enn verið sveitaþjóðfélag þar sem amast var við flutningi á mölina og fordómar ríkt gagnvart daglaunafólki, sem jafnvel var talið hálfgerð úrhrök.



### Bæjarstjóri á netinu

Þingmenn eru ekki einu stjórnmálamennirnir sem halda úti bloggsíðum á netinu. Halldór Halldórsson bæjarstjóri á Ísafirði birtir greinar og skrifar dagbók á vefsíðunni haddi.is. Þetta er til fyrirmyndar. Gaman væri að vita hve margir bæjarstjórar og sveitarstjórnarmenn notfæra sér netið til að vera í sambandi við kjósendur og aðra umbjóðendur sína.

gm@frettabladid.is

## Menningarheimar Framsóknar

Í DAG
ÁTÖK Í FRAMSÓKN Í REYKJAVÍK



BIRGIR GUÐMUNDSSON

Menn eru farnir að kenna átökin milli manna í Framsóknarflokknum í Reykjavík við trúarbragðastyrjaldir eða átök milli menningarheima, enda eru slíkar skýringar nánast staðalbúnaður fréttaskýrenda í samhengi heimspólitíkurinnar. Þó að varasamt sé að gera of mikið úr trúarbragðaáhrifum í þessum átökum, þá er felst vissulega ákveðinn sannleikskjarni í því, enda hafa sumir framsóknarmanna í borginni náð að koma sér upp baklandi meðal trúaðra og sérsafnaða með gott skipulag. Góður aðgangur að skipulagi er jú dýrmæt auðlind í reykvískum stjórnmálum, ekki síst í Framsóknarflokknum og skiptir þá ekki máli hvort það skipulag tengist trú, íþróttum, menningu eða öðru.

Hitt er að sönnu rétt líka að vissulega má segja að átökin milli Alfreðs Þorsteinssonar annars vegar og núverandi gagnrýnenda hans með Gest Kr. Gestsson í fararbroddi hins vegar geti kallast árekstur menningaheima. Þessum menningarheimum hefur hins vegar lostið saman áður, t.d. í prófkjöri framsóknarmanna fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar þegar þær tókust á með skipulagskerfum sínum. Gagnrýnendur Alfreðs náðu þá að koma Alfreð í opna skjöldu og eins og Gestur Kr. þreytist ekki á að rifja upp, þá munaði minnstu að Alfreð dytti út í prófkjörinu. Mjög ólíklegt er að slíkt muni gerast aftur – enda á Alfreð sinn hulduher líka. Hins vegar féllu í þessum vopnaviðskiptum margir óbreyttir gamalgrónir framsóknarmenn sem ekki voru hluti af skipulaginu – og fengu jafnvel ekki einu sinni að taka þátt í valinu.

Nú hins vegar snýst spurningin ekki eingöngu um menn og menningarheima, heldur um þátttökuna í Reykjavíkurlistanum. Sú spurning á eftir að valda miklum viðbótarskjálftum í Framsókn, rétt eins og hún á eftir að valda Vinstri grænum miklum erfiðleikum og ekki síður Samfylkingunni. Samfylkingin stendur raunar frammi fyrir margfalt erfiðari málum en samstarfsflokkarnir, vegna þess að flokkurinn þarf samhliða ákvörðun um framhald R-listasamstarfsins að takast á við tvöfaldan foringjaslag. Annars vegar á landsvísu, milli Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og Össurar Skarphéðinssonar, og svo í borginni sjálfri milli núverandi oddvita Stefáns Jóns Hafstein annars vegar og svo Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur núverandi borgarstjóra. Telja verður mjög ólíklegt að þessi mál verði leyst í sátt og innanflokksátök í einum samstarfsflokki R-listans dregur úr sjarma samstarfsins í augum hinna. Innri ágreiningur í tveimur flokkum dregur enn úr sjarmanum og ágreiningur í þeim öllum gerir það beinlínis fráhrindandi. Ekki er að efa að gagnrýnendur Alfreðs, sem ekki einvörðungu vilja Alfreð burt heldur líka Reykjavíkurlistann, geri sér grein fyrir þessu.

Átökin hjá Framsókn í Reykjavík um framtíð Reykjavíkurlistann og ákveðna menn þar tengist með sérstökum hætti samspili sveitarstjórnarpólitíkur og landsmálapólitíkur. Þetta má rekja til þess að framsóknarmenn í Reykjavík fóru þá leið að starfa í tveimur aðskildum kjördæmasamböndum í sveitarfélaginu Reykjavík. Þó að Reykjavík hafi verið skipt upp í tvö kjördæmi, er hún áfram eitt sveitarfélag. Framsóknarmenn í borginni starfa hins vegar í tvennu lagi, norðurkjördæminu og suðurkjördæminu, sem getur skapað vandamál. Á þetta hefur Gunnlaugur Júlíusson m.a. bent á vefsíðu framsóknarmanna í Reykajvík. Það sem hann hins vegar ekki dregur fram, er að samhliða kjördæmaskiptingunni hefur innan flokksins orðið vísir að pólitískri skiptingu milli kjördæma. Alfreð starfar í suðurkjördæminu – Gestur Kr. í norður. Mikilvægara er að bæði Halldór Ásgrímsson og Árni Magnússon starfa með norðurkjördæminu og þeir hafa báðir haft efasemdir með R-listann. Í suðurkjördæminu er hins vegar Jónína Bjartmarz þingmaður og hún hefur ekki marserað í þeim takti sem formaðurinn hefði kosið sem kunnugt er. Áberandi óánægja kom fram hjá forustu suðurkjördæmisins vegna ráðherramála og menn þar hafa talið að gengið hafi verið fram hjá þingmanni kjördæmisins. Í fjölmiðlamálinu í sumar var gerð landsfræg uppreisn gegn flokksforustunni á fundi í suðurkjördæminu og Alfreð var eftir þann fund með óvenju harða gagnrýni á forustuna. Stjórn norðurkjördæmisins studdi forustuna.

Það er því óhætt að fullyrða að það eru ekki einvörðungu skipulagslegar markalínur milli kördæma hjá Framsókn í Reykjavík, heldur líka pólitískar. Vegna þess hvernig þessar markalínur liggja er hugsanlegt að þær muni skipta talsverðu máli í þeim átökum sem nú eru að koma upp milli manna og menningarheima vegna framboðsmála og framhalds R-listans. ■









FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Frétt ehf. RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN, AUGLÝSINGAR OG DREIFING: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** SETNING OG UMBROT: Frétt ehf. PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871


STÓRÚTSALA
30-90% AFSLÁTTUR *
Bond safnið
20 diskar
9.990kr.
áður 28.900,-
Takmarkað magn! Fyrstir koma fyrstir fá!
DVD
Birt með fyrirvara um ritvillur og myndbrengl - TURNINN
1.299kr.
999kr.
799kr.
499kr.
1.499kr.
1.999kr.
1.499kr.
999kr.
799kr.
299kr.
499kr.
1.299kr.
1.299kr.
1.499kr.
999kr.
1.299kr.
MÚSÍK
LEIKIR
999kr.
1.999kr.
999kr.
1.499kr.
S·K·Í·F·A·N
...skemmtir þér ; )
* Af afsláttarvörum
10% afsláttur af öðrum vörum við kassa
LEIKIR • MÚSÍK • DVD • LEIKIR • MÚSÍK • DVD • MÚSÍK • DVD • LE
Skífan Laugavegi 26 • Skífan Smáralind • Skífan Kringlunni • www.skifan.is

# Rangfærslur um Bandaríkjamenn

**JÓNAS SIGURGEIRSSON**
SKRIFAR UM BANDARÍKIN OG ÞRÓUNARHJÁLP

Skúli Helgason skrifar grein um nirfilshátt Bandaríkjamanna í Fréttablaðið síðastliðinn mánudag. Þar gerir hann að umtalsefni lág framlög Bandaríkjanna til þróunarhjálpar. Skúli telur Bandaríkin „skrapa botninn“ þegar litið er á þróunaraðstoð þjóða í hlutfalli af landsframleiðslu. Hann segir Bandaríkin verja einungis 0,14% af landsframleiðslu í þróunarmál og að framlag þeirra til þróunarmála á íbúa sé um fjórðungur þess sem meðal Kani eyði í gosdrykki ár hvert.

Ef einungis er horft á framlög bandarísku ríkisstjórnarinnar til ríkisstjórna í þriðja heiminum er þetta rétt hjá Skúla. Vandinn er bara að þau framlög nema einungis um 2% þess sem Bandaríkjamenn verja til líknar- og góðgerðarmála. Þau 98% sem eftir standa og Skúli gleymir að nefna (Nicholas D. Kristof, pistlahöfundur hjá New York Times, gleymir því líka í grein sinni um sama málefni, 5. janúar síðastliðinn) eru bein framlög einstaklinga og fyrirtækja til líknar- og góðgerðarmála.

Talið er að allt að 60% af öllum frjálsum fjárframlögum Bandaríkjamanna til góðgerðarmála renni til kirkna og trúarhópa. Það er engin smáræðis upphæð þegar haft er í huga að Bandaríkjamenn gáfu á árinu 2004 um 240 milljarða dala eða að meðaltali um 800 dali (um 55 þúsund krónur) á mann til líknar- og góðgerðarmála. Vitað er að stór hluti þeirra fjármuna sem rennur til kirkna og trúarsamtaka fer beint í þróunaraðstoð í þriðja heiminum.

Ennfremur má nefna að talsverður hluti frjálsra fjárframlaga einstaklinga og fyrirtækja til heilbrigðis- og menntamála er eyrnamerktur aðstoð í þriðja heiminum. Jafnframt má geta þess að stór hluti þeirra 150 milljarða dala sem ríkisstofnunin „Overseas Private Investment Corporation“ (OPIC) hefur fjárfest fyrir hefur farið í þróunarverkefni í þriðja heiminum. Það er ávallt í höndum Bandaríkjaforseta að skipa stjórn þeirrar stofnunar.

Í grein sem Dick Morris, fyrrum ráðgjafi Clintons Bandaríkjaforseta, skrifar í bandaríska dagblaðið New York Post þann 7. janúar síðastliðinn (þar sem hann gagnrýnir Kristof harkalega) bendir hann á að frjálsari viðskipti við þriðja heiminn séu mun vænlegri til árangurs heldur en samanlögð þróunarhjálp allra ríkisstjórna heimsins. Dæmi um það sé fríverslunarsamingur Bandaríkjanna við Mexíkó, sem er ein stærsta þriðja heims þjóðin. Þá sé um fimmtungur af 500 milljarða dala fjárlagahalla Bandaríkjanna til kominn vegna viðskipta við Kína og séu þau viðskipti Kínverjum mikil lyftistöng. Jafnframt bendir Morris á þá staðreynd, sem Skúli og Kristof gleyma, að Bandaríkin hafi haft frumkvæði að niðurfellingu hundraða milljarða dala af lánum veittum af bandarískum bönkum og af bandarísku ríkisstjórninni til landa í þriðja heiminum.

Skúli Helgason þarf að finna sér eitthvað heppilegra málefni en þetta til að gagnrýna Bandaríkjamenn því sú staðreynd er bláköld að engin þjóð gefur meira til þróunarhjálpar.

*Höfundur er áhugamaður um Bandaríkin og sögu þeirra.*

**BRÉF TIL BLAÐSINS**

## Er málskotsrétturinn í hættu?

**Arnþór Sigurðsson skrifar:**

Ég brá mér á fund um daginn þar sem Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, flutti ræðu sem fjallaði vítt og breitt um pólitíkina í dag. Össur fór um víðan völl í ræðunni en meðal annars kom hann inn á málskotsrétt forseta Íslands.

Össur greindi frá því að það lægi í loftinu að gera ætti atlögu að málskotréttinum og fjarlægja hann úr stjórnarskránni. Össur sagði sjálfur að málskotsrétturinn væri ekki til sölu í hans huga en fór síðan að velta upp ýmsum hugmyndum um þjóðaratkvæðagreiðslur.

Í mínum huga er málskotsrétturinn afar mikilvægur og hann má alls ekki nema burt úr stjórnarskránni. Það er vitað mál að málskotsrétturinn er þyrnir í augum stjórnarmeirihlutans á Alþingi enda segir það manni það að hann er þá að virka rétt fyrst hann er fyrir þeim. Það sem situr í huga mér eftir þennan fund er orð Össurar um að málskotsrétturinn sé ekki til sölu. Fyrir rétt rúmu ári síðan var samþykkt á alþingi eftirlaunafrumvarp til handa alþingismönnum. Þar fór Össur á bak við þingflokkinn og reyndar flokkinn sinn í heild að mínu mati. Þar seldi Össur samþykki sitt á eftirlaunafrumvarpi Davíðs Oddsonar fyrir ríflega launahækkun og svo að sjálfsögðu betri eftirlaun en almenningur hefur fyrir sig og sína kollega. Það er ekki óeðlilegt að maður velti þessu fyrir sér í ljósi reynslunnar, ekki síst þegar hún er slæm. Það er óskandi að íslenskir stjórnmálamenn geri sér grein fyrir því að þeir eru ekki guðir þó svo að þeim sé treyst fyrir landstjórninni á milli kosninga.

Fylgir Fréttablaðinu á fimmtudögum










Tíska, stjórnmál og allt þar á milli...



**ALÞINGI** Greinarhöfundur segir mikilvægt að auka eftirlitsvald Alþingis með framkvæmdavaldinu.

# Leiksoppar lýðræðisins

**UMRÆÐAN**
LÝÐRÆÐI



**BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON**
ÞINGMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR.

> **Með beinni kosningu framkvæmdavaldsins er skilið í fullri alvöru á milli framkvæmdavaldsins og löggjafans. Skilin á milli þessara tveggja þátta í stjórnskipun lýðveldisins eru nú allt of lítil.**

Lýðræðið á Íslandi er í kreppu. Yfirgangur og ófyrirleitni áhrifamikilla stjórnmálaforingja sem drottna yfir flokkum sínum hefur grafið undan raunverulegu lýðræði hjá þjóðinni einsog komið hefur fram með ýmsum hætti á síðustu árum. Hlutirnir gerast æ svæsnari líkt og ákvörðun tveggja jarðsambandslausra formanna stjórnarflokkanna um stuðning þjóðarinnar við ólögmætt innrásarstríð í Írak er sorglegt dæmi um. Stuðningur sem hvorki var ræddur meðal þings eða þjóðarinnar og varpar nú djúpum skugga á forsætisráðherraferil Halldórs Ásgrímssonar.

Öryrkjamálið, stuðningur við innrásina í Írak, virkjanamálin og fjölmiðlalögin, þar sem átti að setja sértæk lög til að koma tilteknu fyrirtæki á kné og um leið vegið að raunverulegu tjáningafrelsi í landinu, eru allt dæmi um vonda meðferð á valdi þar sem raunverulegt lýðræði er sniðgengið með grófum hætti. Stærsta verkefni stjórnmálanna á næstu misserum er að snúa þessari vondu þróun við og endurreisa raunverulegt lýðræði í landinu. Til þess gefst t.d. kostur við stjórnarskrárbreytingarnar sem til standa.

Að sjálfsögðu áttu þau mál sem hér eru nefnd að fara með einum eða öðrum hætti fyrir dóm þjóðarinnar. Það á að vera sjálfsagt mál að við fáum að kjósa beint og milliliðalaust um stóru málin í þjóðfélaginu hverju sinni. Enginn er að tala um vikulegar þjóðaratkvæðagreiðslur. Þróunin yrði líklega sú að einu sinni til tvisvar á ári kysi þjóðin um ákveðin mál.

Þetta mega foringjar íhaldsflokkanna ekki heyra á minnst enda héldu þeir því fram að málskot forseta á fjölmiðlalögunum í fyrra væri aðför að borgaralegu lýðræði í landinu! Þvílík reginfirra en hugsunin er skýr og herfilega röng.

Á meðal brýnustu breytinga sem gera þarf á stjórnarskránni eru þær að landið verði gert að einu kjördæmi, að þjóðin eigi auðlindir hafs og lands og sett verði inn ákvæði um að tiltekinn hluti okkar geti kallað mál til þjóðaratkvæðis. Þetta eru grundvallaratriði og það á ekki að selja málskotsrétt forseta lýðveldisins fyrir það að við getum sjálf kallað mál til þjóðaratkvæðis. Saman tryggir málskotsréttur forseta og bein aðkoma okkar kjósenda að því að kalla mál til atkvæðis þjóðarinnar raunverulegt lýðræði í landinu gagnvart vondum valdhöfum sem sniðganga raunverulegt lýðræði.

Margar aðrar meginbreytingar þarf að gera á lýðræðisumgjörð okkar til að endurreisa raunverulegt lýðræði í landinu. Grundvallaratriði er að landið verði gert að einu kjördæmi og atkvæðarétturinn jafnaður að fullu. Einn maður – eitt atkvæði er hornsteinn lýðræðisins, einsog Héðinn Valdimarsson segir í greinargerð með frumvarpi sínu um málið frá 1927. Jafn atkvæðaréttur er mannréttindi og því verður að jafna hann til fulls. Fyrir því eru engin rök að atkvæðisrétturinn sé ójafn og til að bæta hag byggðanna eru allt aðrar leiðir. Hér ræðir um mannréttindi og um þau á ekki að gera málamiðlanir.

Í umræðunni um stjórnarskrárbreytingarnar er mikilvægt að mínu mati að ræða hvort eigi að kjósa framkvæmdavaldið beinni kosningu. Margir kostir fylgja því einsog lesa má í skrifum þeirra feðga Gylfa Þ. Gíslasonar og Vilmundar Gylfasonar. Vilmundur flutti um það sérstakt þingmál sem vert er að draga fram í þessa rökræðu.

Með beinni kosningu framkvæmdavaldsins er skilið í fullri alvöru á milli framkvæmdavaldsins og löggjafans. Skilin á milli þessara tveggja þátta í stjórnskipun lýðveldisins eru nú allt of lítil.

Það er mikilvægt að auka eftirlitsvald Alþingis með framkvæmdavaldinu sérstaklega, t.d. með tilkomu rannsóknarnefnda þingsins. Í stað öflugs og virks löggjafarvalds er komin upp sú staða að Alþingi virðist gegna því hlutverki að vera stimpilstofnun fyrir framkvæmdavaldið í stað þess að hafa öflugt frumkvæði í lagasetningu og ríka eftirlitsskyldu með störfum framkvæmdavaldsins hverju sinni.

Besta og áhrifaríkasta leiðin til að ná fram fullri aðgreiningu á milli löggjafarvalds og framkvæmdavalds er að forsætisráðherra verði kosinn beinni kosningu um land allt til fjögurra ára í senn. Þetta fyrirkomulag er að mínu mati mun betra en það sem við búum við og væri til þess fallið að efla raunverulegt lýðræði í landinu. ■

# allt

[ **matur o.fl.**
Nýtt og gómsætt edik
BLS. 4 ]



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.56 | 13.37 | 16.18 |
| Akureyri | 11.02 | 13.22 | 15.42 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

**Góðan dag!**
Í dag er laugardagurinn 14. jan., 14. dagur ársins 2005.




**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

## Smáauglýsingar
*byrja í dag á bls. 6*

**Flokkar & fjöldi**

**Bílar & farartæki** 86 stk.
**Keypt & selt** 26 stk.
**Þjónusta** 33 stk.
**Heilsa** 9 stk.
**Skólar & námskeið** 1 stk.
**Heimilið** 11 stk.
**Tómstundir & ferðir** 4 stk.
**Húsnæði** 18 stk.
**Atvinna** 19 stk.
**Tilkynningar** 7 stk.

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir



Sigurveig Káradóttir hefur gaman af að elda og finnst það því skemmtilegra sem hún verður djarfari í matseldinni.

# Góður fiskur betri en vont kjöt – og öfugt

***Sigurveig Káradóttir, einn eigenda Litla ljóta andarungans, er mikill matgæðingur sem finnst skemmtilegra að elda ofan í aðra en sjálfa sig.***

„Ég hugsa stundum um konurnar sem voru með kostgangara í gamla daga og gæti vel trúað að það hafi verið gaman. Ég er ekki mikið að halda eiginleg matarboð en ég bý miðsvæðis og fæ oft óvænta gesti og svo hringi ég stundum í fólk þegar ég er búin að elda til að athuga hvort það vill ekki kíkja,“ segir hún hlæjandi.

Sigurveigu þykir fiskur góður og eldar hann oft í viku handa. „Mér finnst þorskur miklu betri en ýsa og er ofsalega hrifin af rauðsprettu og smálúðu. Ég fer ekki eftir uppskriftum núorðið heldur prófa mig áfram, oft með skemmtilegum og óvæntum árangri.“

Sigurveig segist gjarnan borða kjöt þó fiskurinn verði oftar fyrir valinu. „Aðalatriðið er að hráefnið sé gott. Góður fiskur er betri en vont kjöt og öfugt,“ segir hún og hlær.

Sigurveig gefur okkur uppskrift að þorskrétti sem hún segir að sé alveg kjörinn eftir alla kjötneysluna um hátíðarnar. ■

## Þorskur Sigurveigar

| | |
|---|---|
| 1 kg þorskflök | 2-3 súraldin (lime), safinn kreistur og notaður |
| 5-6 stór hvítlauksrif, kramin | 4-5 msk. rifin engiferrót |
| 1-2 rauð chilli, fræhreinsuð og mjög smátt skorin | 2-3 msk. fiskisósa |
| 3-4 tsk. sítrónugras (lemon grass paste) | 3-5 tsk. grænt karrímauk (green curry paste) |
| lítil dós af kókosmjólk | 3 msk. taílensk sojasósa |
| smjör og olía til að steikja upp úr | hveiti til að velta fiskinum upp úr |
| 4-5 stk. kaffi súraldinlauf (fást þurrkuð, má sleppa ef finnst ekki) | |

**Aðferð**
Fiskurinn skorinn í um það bil handarþykk stykki. Öllu öðru en hveiti og smjöri blandað saman. Fiskurinn settur út í löginn og látinn liggja í að minnsta kosti hálftíma. Ágætt að sjóða hrísgrjón á meðan. Ekki er verra að hafa brún hrísgrjón með þá passar að setja þau yfir strax og fiskurinn er kominn í löginn. Passa að fljóti yfir fiskinn þannig að hann marinerist allur. Síðan er hann tekinn upp úr og velt upp úr hveiti. Gott að leyfa sem mestu kryddi að vera á honum undir hveitihjúpnum. Smjör og olía sett á pönnu fiskurinn steiktur á báðum hliðum þar til kemur smá skorpa á hann. Þá er hitinn lækkaður og leginum hellt yfir. Látið malla þangað til fiskurinn er tilbúinn.





# LIGGUR Í LOFTINU
## *í tilboðum*



**Heimilislegar vörur** eins og bútasaumsbækur, jólaútsaumur og bómullardress eru á janúartilboði verslunarinnar Dizu í Ingólfsstræti 6. Dressin, sem samanstanda af jakka og buxum, eru meðal annars til í stórum stærðum og nemur afsláttur af þeim 35 prósentum frá upphaflegu verði þannig að þau eru nú á innan við 5.000 krónur.

**Rita** í Bæjarlind í Kópavogi og Eddufelli í Reykjavík er með útsölu og þar er hægt að gera reyfarakaup á kvenfatnaði. Kápur fást til dæmis á 6.900, úlpur á 5.900 og samkvæmisbuxur sem áður kostuðu 11.900 eru nú á 5.900. Bolir, peysur og kjólar eru á útsöluslám og meðal þess sem í boði er eru fallegir jakkar utan yfir kjóla.

**Parkett, innihurðir og flísar** á gólf og veggi fást nú með verulegum afslætti í versluninni Egill Árnason hf. sem er til húsa að Ármúla 8 í Reykjavík. Flísarnar eru seldar með 20-70% afslætti en náttúrusteinn og granít með 20-30% afslætti. Tilboð er líka á völdum vörum í hreinlætis- og blöndunartækjadeild og má sem dæmi nefna 60 cm vegghandlaug sem nú fæst á 3.700 krónur.

**Heimilistæki** eru á góðu verði hjá Ormsson bæði í Lágmúla og Smáralind þar sem svokallaðir sparidagar standa yfir til 20. janúar. Blásarar og blandarar, brauðristar og kaffivélar, leikjatölvur og leirvörur. Allt fæst á lækkuðum prís og pottar og pönnur af Tefal-gerð seljast nú á 25% afslætti.



**Útsölur hjá Toppskónum** á Suðurlandsbraut 54, (bláu húsunum) eru jafnan vinsælar og mikill handagangur í öskjunni. Því er ekki úr vegi að benda á að ein slík hófst í gær og á henni eru skór af öllum stærðum og gerðum.

*tilbod@frettabladid.is*




JANÚAR
Kafbátur mánaðarins
Kafbátur með skinku
...og öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða
6 tommu bátur kr. 299
12 tommu bátur kr. 499
Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.
7 kafbátar með 6 grömm af fitu eða minna
HjartaHeill
Gildir í janúar 2005
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Sub Club miðar ekki afhentir með kafbát mán.
Gildir ekki í Stjörnumáli
Sex tommu kafbátur með skinku er einn af 7 undir 6 kafbátunum og inniheldur hann aðeins 5 grömm af fitu.
Nánari uppl. á www.subway.is
SUBWAY



# allt tilboð o.fl.

**Humar og heilhveitibrauð**

Humarinn í 500 g pokunum í Nettó og Myllu heilhveitibrauðin í Bónus eru hápunktar þessarar viku í prósentulækkun. Hvort tveggja lækkar um 60% frá fyrra verði. Hugsið ykkur líka hvað þessar tegundir fara vel saman.

**60%**




## ÚTSALA Í SKARTHÚSINU

**20-50% afsláttur af töskum**

**30% afsláttur af Elsie Ryan kjólum og toppum.**

Mikið úrval af sjölum, treflum, alpahúfum og flísfóðruðum vettlingum

**SKARTHÚSIÐ**
Laugavegi 12, s. 562 2466

**Sendum í póstkröfu**


**BÓNUS**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Frosin ýsa með roði | 299 | 359 | 299 | 15 |
| Myllu heilhveitibrauð 770 g | 69 | 179 | 90 | 60 |
| Bónus nautahakk | 599 | 729 | 599 | 20 |
| Frosnir kjúklingabitar | 299 | 449 | 299 | 35 |
| Frosið súpukjöt 1. fl. | 399 | 499 | 399 | 20 |
| Skúffukaka 400 g | 159 | 299 | 398 | 45 |
| Sveitabjúgu frá Kjarnafæði | 299 | 299 | 299 | |
| KF hrásalat 350 g | 99 | 129 | 283 | 25 |
| Fersk kjúklingalæri | 329 | 539 | 329 | 40 |
| Hunts spaghettisósur 750 g | 99 | 129 | 132 | 25 |
| Osram ljósaperur 10 stk. | 399 | 499 | 40 | 20 |

**Tilboðin gilda til 16. janúar**




## Hárbönd

Ný sending af breiðum hárböndum

**Margir litir**

**SKARTHÚSIÐ**
Laugavegi 12, s. 562 2466

Sendum í póstkröfu.


**FJARÐARKAUP**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Fjallalambs súpukjöt í pokum | 398 | 498 | 398 | 20 |
| Nautahakk pakkað | 698 | 998 | 698 | 30 |
| Nautagúllas kjötborð | 998 | 1.358 | 998 | 25 |
| Fyrirtaks lasagne frosið 750 g | 598 | 719 | 419 | 15 |
| Fk villikrydduð lambalæri | 899 | 1.499 | 899 | 40 |
| Bezt helgarsteik | 899 | 1.298 | 899 | 30 |
| Klementínur | 99 | 199 | 99 | 50 |
| Cheerios 902 g | 495 | 579 | 550 | 15 |
| Axa musli 375 g | 179 | 198 | 480 | 10 |
| Ariel 27 skammta þvottaefni 3 kg | 798 | 998 | 266 | 20 |
| Always duo dömubindi | 489 | 598 | 489 | 20 |

**Tilboðin gilda til 16. janúar**


## ÚTSALA ÚTSALA

30 – 70% afsláttur

**GULLBRÁ,** Nóatún 17 s. 562-4217


**NÓATÚN**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Þorskur m/sólþurrk. tómötum og hvítlauk | 1.118 | 1.490 | 1.118 | 25 |
| Nóatúns samlokubrauð gróft, 2 fyrir 1 | 198 | 396 | 99 | 50 |
| Kelloggs special K 500 g | 299 | 389 | 598 | 25 |
| Homeblest stór 2 fyrir 1 | 125 | 250 | 125 | 50 |
| Ariel Platinum, 3 kg | 798 | 978 | 266 | 20 |
| Kindahakk | 399 | 598 | 399 | 35 |
| Bautabúrs brauðskinka | 590 | 996 | 590 | 40 |
| Náttúra epla- og appelsínusafi 3 fyrir 2 | 278 | 417 | 93 | 35 |
| Greip rautt | 129 | 198 | 129 | 35 |
| Frosin ýsuflök | 398 | 699 | 398 | 45 |

**Tilboðin gilda til 19. janúar**




## Janúartilboð

Heimagallar, stórar stærðir 40% afsláttur
Jólaútsaumur 25% • Bútasaumsbækur 15%

*Diza* Ingólfsstræti 6
S. 561-4000 • Opið 11-18, laugard. 11-14


**SPAR** Bæjarlind

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Grísakótilettur, léttreyktar | 798 | 1.398 | 798 | 45 |
| Grísabógur, léttreyktur | 379 | 598 | 379 | 35 |
| Lambakjötsbitar, rifbitar og leggir | 105 | 198 | 105 | 45 |
| Nautahamborgarar 10x80 g frosið | 499 | 899 | 50 | 45 |
| Nautahamborgarar 10x115 g frosið | 599 | 999 | 60 | 40 |
| Crispy kruður 100 g | 69 | 89 | 690 | 20 |
| Crispy Melba Toast 100 g | 78 | 98 | 780 | 20 |
| Sunkist safi 3 pk. peru/kirsuberja | 99 | 139 | 33 | 30 |
| Egils 7-up 2 l | 119 | 197 | 60 | 40 |
| Egils Pilsner 50 cl dós | 59 | 89 | 118 | 35 |

**Tilboðin gilda til 18. janúar**

**nettó**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Laxabitar | 699 | 999 | 699 | 30 |
| Humar 500 g poki | 499 | 1.199 | 998 | 60 |
| Skólaostur 26% stór O&S | 798 | 997 | 798 | 20 |
| Isio matarolía 1 l | 249 | 279 | 249 | 10 |
| Coca Cola light 2 l | 119 | Nýtt | 60 | |
| DF kartöflubátar 750 g | 195 | 279 | 260 | 30 |
| DF kartöfluskífur 750 g | 195 | 279 | 260 | 30 |
| Eldfugl kjúklingaborgari+brauð 2 stk. | 199 | 310 | 100 | 35 |
| SS Helgarsteik rauðvíns | 1.021 | 1.458 | 1.021 | 30 |

**Tilboðin gilda til 16. janúar**

**KRÓNAN**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Móa kjúklinga leggir magnpakkning | 359 | 599 | 359 | 40 |
| Móa kjúklinga læri magnkpakkning | 359 | 599 | 359 | 40 |
| Móa kjúklinga vængir magnkaup | 179 | 299 | 179 | 40 |
| Ali grísahnakki | 839 | 1.198 | 839 | 30 |
| Náttúra maískorn 432 g | 49 | 76 | 113 | 35 |
| Náttúra rauðkál 720 g | 98 | 129 | 136 | 25 |
| Krónu þurrkryddað lambalæri | 895 | 1.398 | 895 | 35 |

**Tilboðin gilda til 18. janúar**

**HAGKAUP**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Holta úrb. skinnl. bringur magnpk. | 1.489 | 2.290 | 1.489 | 35 |
| Holta læri m/legg í magnpk. | 389 | 599 | 389 | 35 |
| Kjötb. lambahryggur | 898 | 1.295 | 898 | 30 |
| Kjötb. lambalæri | 898 | 1.169 | 898 | 25 |
| Borgarar 4 stk. m/brauði | 314 | 449 | 314 | 30 |
| Nautagúllas | 1.182 | 1.689 | 1.182 | 30 |
| Ungnautahakk | 804 | 1.149 | 804 | 30 |
| Fyrirtakspizzur 400 g | 399 | 568 | 997 | 30 |

**Tilboðin gilda til 16. janúar**


# ÚTSALA

# 10-50%

# AFSLÁTTUR

**Opið til 18 í dag**
**Laugardag til 16**

**NÝFORM**
HÚSGAGNAVERSLUN
REYKJAVÍKURVEGI 66 • HAFNARFIRÐI • SÍMI 565 4100


## Hollusta á útsölu

***Ávextir, brauð og sælkeravörur á Græna torginu í Blómavali.***



Hollustuvara verður á hagkvæmu verði á Græna torginu í Blómavali við Sigtún nú um helgina og er það í fyrsta skipti sem útsala er haldin í grænmetis- og heilsudeildinni. Afslátturinn verður frá 10% til 30%. Um er að ræða grænmeti og ávexti með sérstaka áherslu á lífrænt ræktaðar vörur, vítamín, bætiefni, snyrtivörur, sojavörur, safa, brauð og alls konar sælkeravörur og olíur. Einnig verður fjöldi vörukynninga á Græna torginu og fólki gefið að smakka á ýmsu góðmeti. ■

## Mikill afsláttur

***Útsölunni lýkur á sunnudag.***

Expert býður allt að 80% afslátt á útsölu sem nú stendur. Þar er að finna meðal annars sjónvarpstæki, þvottavélar, stafrænar myndavélar, heimilistæki. Einnig eru útlitsgallaðar vörur á verulegum afslætti og tölvuleikir eru á allt niður í 99 krónur. ■



**Sony P93 myndavél kostar 33.900 en var áður á 37.900.**

## Tími til að hnýta flugur

**Fluguhnýtingarvarningur er á sérstöku tilboði í versluninni Útivist og veiði.**

„Það er allt á útsölu hjá okkur en afslátturinn er misjafn," segir Jóhann Sigurður Þorbjörnsson, starfsmaður í versluninni Útivist og veiði í Síðumúla 11. „Það er til dæmis 40% afsláttur á mjög góðum veiðistöngum sem á fullu verði kosta sextíu til hundrað þúsund krónur. Svo eru gæða Goretex-vöðlur með 40% afslætti og vöðlujakkar og annar veiðifatnaður 30-50%. Ekki má gleyma því að við erum með sérstakt fluguhnýtingahorn með pökkum með blönduðu efni til fluguhnýtinga á 100 krónur en fullt verð er á bilinu 5-700 krónur."

# Vefnaðar- og föndurvörur

*Útsölunni lýkur á morgun.*

Föndurpakkningar með alls kyns fígúrum, útsaumur og vefnaðarvara í metravís eru meðal þess sem verslunin Völusteinn í Mörkinni 1 býður á 25% lækkuðu verði á vetrarútsölunni. Bútasaumskonur og fleiri sem kunna að sauma komast því í feitt. Mestur er þó afslátturinn á jólaskrauti, 50%, og er því tækifæri núna til að ná sér í eitthvað fallegt til að flikka upp á heimilið með í desember. Akrýllitir sem henta vel á tré, keramik og pappír eru einnig á útsölunni, sem lýkur á morgun. ■



**Í Völusteini er útsala á ýmsum vörum.**






# Silkitrén vinsælust

*Allt að 70% afsláttur í Soldis.*

Pottablóm, afskorin blóm og hengiblóm úr silki eru nú á útsölu í Soldis á Laugavegi 63, Vitastígsmegin. Afslátturinn nemur 20-70% frá upphaflegu verði. Glervara er einnig á afslætti í Soldis en mesta eftirspurnin er eftir silkitrjám, að sögn verslunarstjórans. Stærðin er frá 80 upp í 240 cm og gerðirnar eru margar, en meðal þeirra eru fíkus og pálmatré. Upplagt er að prýða heimilið og fyrirtækið með blómum nú þegar búið er að pakka niður jólaskrautinu. Ekki spillir að hafa þau létt í hirðingu. ■





# Það sem viðkemur heimili

*Margt á niðursettu verði.*

Verslunin Heima í Ármúla 23 selur ýmislegt sem viðkemur heimilinu og þar er nánast allt á niðursettu verði þessa dagana. Nemur afsláttur 10-50%. Mest ber á húsgögnum svo sem borðstofuborðum, sófaborðum, stólum og sófum en einnig er um gjafavöru að ræða eins og saltatskálar, glös og kertastjaka. Ljós og lampar sem skreytt eru kristaldropum eru meðal þess nýjasta sem fæst í versluninni Heima. ■

# Íþróttir og útivist

*Í Intersport er útsala.*

Í íþróttaversluninni Intersport er útsala um þessar mundir. Flest í versluninni, en þó ekki allt, er á útsölu en afslátturinn er frá tuttugu og upp í sextíu prósent. Í Intersport er hægt að fá nánast allt tengt útivist. Þar eru veiðivörur, línuskautar, ísskautar, hokkívörur, íþróttabúningar, íþróttaföt á jafnt stóra sem smáa og íþróttaskór svo eitthvað sé nefnt.

Verslanir Intersport eru í Smáralind, á Selfossi og í húsnæði Húsgagnahallarinnar. ■






**Hvítlaukur flysjaður**

Einföld og fljótleg leið til að flysja hvítlauk er að leggja hnífsblað á breiðum hníf á hliðina og ofan á hvítlaukslauf og þrýsta svo með hnefanum á hnífsblaðið. Þannig kremur maður hvítlaukinn og húðin losnar auðveldlega frá, auk þess sem auðveldara er að skera laukinn í litla bita.






ÚTSALA
búsáhöld
KRINGLUNNI
sími 568 6440









Kristján Berg hjá fiskbúðinni Vör leggur metnað í að eiga óvenjulegan fisk í bland við þann hefðbundna.

# Sverðfiskur í bland við smjörfisk og risarækjur

*Fiskbúðin Vör er með mikið úrval af óvenjulegu fiskmeti.*

„Það hefur verið mitt aðal í gegnum árin að bjóða upp á öðruvísi fisk," segir Kristján Berg, eigandi fiskbúðarinnar Varar. „Það er til dæmis gaman að segja frá því að í hitteðfyrra fékk ég tvo sportkafara til að kafa eftir ö̈ðuskel í Hvalfirðinum. Þetta kunni fólk vel að meta þannig að við endurtókum leikinn núna, sem þýðir að vonandi get ég boðið upp á öðuskel eitthvað fram á árið. Svo er ég auðvitað að flytja inn mikið af framandi fiski og finn vel hvað fólk er opið fyrir spennandi nýjungum."

Kristján mælir sérstaklega með risarækjum, sem hann segir að séu „hrikalega góðar". „Þetta eru engar salatrækjur heldur rækjur til að þræða upp á grillspjót eða pönnusteikja með hvítlauk og engifer. Þetta er líka kjörið á útigrillið, og sniðugt að blanda saman grænmeti, túnfiski og risarækjum. Ef fólk vantar ráð um meðhöndlun fisksins veitum við þau að sjálfsögðu, en Íslendingar eiga reyndar ótrúlegt úrval af uppskriftabókum. Ég er líka með bækur hér sem fólk getur gluggað í."

Af framandi fiskum hjá Kristjáni má nefna sverðfisk sem fæst árið um kring, og smjörfisk, sem er hvítur og safamikill fiskur frá Indónesíu, en Kristján flytur hann inn í gegnum Danmörku. „Svo er ég með háméri og Nílarkarfa, að ógleymdum búranum sem veiddist hér við land fyrir tíu árum en veiddist upp. Ég kaupi hann á sumrin, flaka hann og frysti svo fólk geti alltaf gengið að honum vísum. Þar að auki er ég með allan hefðbundinn ferskan fisk."

Kristján segir að orðrómur um að Íslendingar borði ekki mikinn fisk sé mjög ýktur þó neyslan hafi vissulega breyst.

„Ég er alltaf með opið á laugardögum og finn að fólk er farið að líta á fisk sem hátíðarmat sem það kaupir um helgar. Ef fólk er með matarboð vill það líka bjóða upp á eitthvað öðruvísi. Svo erum við hér með fullkomið eldhús og fyrir þá sem vilja erum við með mikið af tilbúnum réttum beint í ofninn eða á pönnuna."

*edda@frettabladid.is*

# Sjálfhitandi kaffi

*Kaffihúsakeðjan Starbucks finnur upp á nýjum kaffileiðum.*

Starbucks-kaffihúsið er þekkt úti um allan heim þó það hafi ekki enn borist til Íslands. Nú hefur kokkur staðarins, Wolfgang Puck, fundið upp á nýrri kaffitegund ef svo má segja. Það er sjálfhitandi kaffi latte sem verður hægt að kaupa í matvörubúðum á næstunni.

Kaffið er hitað með því að ýtt er á hnapp á ílátinu. Puck hyggur einnig á sjálfhitandi súpur, te og kakó og mun væntanlega prófa tæknina á mat um mitt næsta ár.




Starbucks-kaffihúsin eru mjög vinsæl úti í hinum stóra heimi.

Nú er bara spurning hvort Starbucks tapi á þessari snilldarlegu uppfinningu eða græði ennþá meira. ■



# Hvítlauks-edik án kólesteról

*Í húsgagnaverslun Virku fæst náttúrulegt hvítlauksedik frá Bandaríkjunum.*

Mjög sérstakt og gott edik sem heitir Garlic Expressions fæst nú í versluninni Virku húsgögnum í Mörkinni. Edikið er laust við kólesteról og er 100% náttúrulegt. Garlic Expressions er framleitt í Bandaríkjunum og hefur þegar fengið ýmsar viðurkenningar en sala þess í Evrópu er nýhafin. Edikið hentar vel á salat og jafnvel pítsur og pasta eða til marineringar á lax eða kjúklingi. Það telst til tíðinda að vara af þessu tagi skuli vera til sölu í húsgagnaverslun en eigendur Virku höfðu kynnst edikinu erlendis og hrifust það mikið að þeir vildu bjóða það til sölu. ■



# Morgun-kornabar

*Í Bandaríkjunum hafa verið opnuð morgunkorna-kaffihús.*

Morgunkornabar og kaffihús var opnað í Fíladelfíu á dögunum en það er annað kaffihúsið sem opnað er í Bandaríkjunum. Kaffihúsið er hannað til að gera morgunkornsát utan veggja heimilisins að sérstakri upplifun.

Hægt er að velja um þrjátíu mismunandi morgunkornstegundir frá öllum helstu framleiðendum heims eins og Kellogg's og General Mills. Einnig er að hægt að velja um ýmsar tegundir af mjólk, þar á meðal soja, og bæði er hægt að fá heita og kalda drykki með. Allt andrúmsloftið er einstaklega heimilislegt og er einnig hægt að fá ýmsa morgunkornsrétti, ekki bara hefðbundið morgunkorn með mjólk. ■

# Allt öðruvísi kaffihús

*Nýtt kaffihús á Laugavegi.*

Nýlega var opnað nýstárlegt kaffihús á Laugavegi 21, þar sem hljómplötuverslunin Hljómalind var áður til húsa, en kaffihúsið hefur einmitt hlotið nafnið Hljómalind. Áhersla er lögð á grænmetisrétti úr lífrænt ræktuðu grænmeti, kaffi og hollt og gómsætt meðlæti.

„Hugmyndin er að vera með allskonar uppákomur, meðal annars bíósýningar þar sem við sýnum öðruvísi myndir og höfum svo umræður á eftir," segir Arnar Steinn Friðbjarnarson, einn eigendanna. „Við sjáum þetta fyrir okkur sem menningarathvarf fyrir fólk sem vill gera eitthvað uppbyggilegt fyrir samfélagið og vonumst til að þarna verði grundvöllur fyrir tónleika og fundi."

Níu manns standa að stofnun Hljómalindar en meiningin er að reka fyrirtækið eins og samyrkjubú þar sem allir eiga jafnt í því. „Kaffihúsið er ekki rekið í hagnaðarskyni heldur verður ágóðanum, ef einhver verður, varið til hjálparstarfs víða um heim. Við höfum fengið til liðs við okkur indverskan jógameistara og hagfræðing sem hefur komið að stofnun hliðstæðra fyrirtækja og verður okkur innan handar við að koma þessu í fast form."

Arnar Steinn segir að í framtíðinni sé draumur margra innan hópsins að fara út á land og vera með lífrænan búskap, en enn sé þetta allt á byrjunarstigi. „Kaffihúsið er áfengis- og reyklaust og við bjóðum yngra fólk sérstaklega velkomið." ■



**Hluti hópsins sem stendur að opnun Hljómalindar.**



**Arnar Steinn var að leggja lokahönd á undirbúning opnunar Hljómalindar þegar ljósmyndara bar að garði.**

## VÍKING: Kominn í nýjar umbúðir

Víking gylltur er kominn í nýjar og nútímalegar umbúðir sem endurspegla ferskleika og gæði bjórsins. Engar breytingar hafa verið gerðar á sjálfum bjórnum, sem um árabil hefur verið mest seldi bjórinn á Íslandi. Ámundi Sigurðsson, hönnuður hjá Góðu fólki McCann, hannaði nýju umbúðirnar. Ámundi segir að hugsunin með útlitsbreytingunni hafi verið sú að einfalda umbúðirnar og draga fram einkenni og gæði bjórsins með gullnum litum auk þess sem erlendar viðurkenningar sem bjórinn hefur fengið njóta sín nú betur á umbúðunum.

Víking gylltur hefur fengið fjölda alþjóðlegra verðlauna, þar á meðal þrenn gullverðlaun frá alþjóðlegu gæðastofnuninni Monde Selection. Þau verðlaun undirstrika að Víking gylltur stenst fyllilega samanburð við bestu bjóra heims. Víking gylltur er í flokki sterkra lagerbjóra. Í hann er notað nokkuð mikið af humlum, sem gefa bjórnum biturleika sem er mjög eftirsóttur af bjóráhugamönnum. Víking gylltur er gullinn úrvalsbjór sem sækir fyrirmynd sína til evrópskra Pilsenbjóra. Víking gylltur fæst í 0,5 lítra dósum og 0,33 lítra flöskum og dósum. Alkóhólmagn bjórsins er 5,6%. Víking gylltur er bruggaður í brugghúsi Víking á Akureyri. ■






## Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR ELDAR HANDA MINNST FJÓRUM FYRIR 1000 KR. EÐA MINNA.

## Sikileyjarpasta

Hollusta matarmenningarinnar við Miðjarðarhaf er margrómuð. Þessi réttur er innblásinn af þeirri hefð. Hér er gott gert betra og ennþá hollara með því að notast við spelt spagettí og rómverskt kál, sem gerir réttinn fyllri og fjölbreyttari. Magnifico!

| | |
|---|---|
| 1 pakki spelt spagettí | kr. 336 |
| 4 msk. ólífuolía | |
| 2 lárviðarlauf | |
| 8 hvítlauksgeirar | |
| 1 dós ansjósur | kr. 200 |
| 2 dósir niðursoðnir tómatar | kr. 150 |
| um 12 steinlausar svartar ólífur | |
| 1 höfuð rómverskt kál | kr. 160 |
| Sjávarsalt | |



Sjóðið spagettíið. Setjið hvítlauk, ansjósur, lárviðarlauf og olíu saman í matvinnsluvél eða mortél og maukið vel. Setjið maukið svo á stóra pönnu og bætið tómötunum við. Látið krauma í 20 mínútur. Setjið heitt pastað á djúpan disk, hellið sósunni yfir og stráið kálinu í kring. Ólífum og sjávarsalti er svo sáldrað yfir.

**Kostnaður um 850 kr.**

## PIPER-HEIDSIECK: Besta kampavínið á Business Class

Piper-Heidsieck kampavínið á Icelandair Business Class hlaut nú í byrjun desember viðurkenningu hins virta Business Traveller Magazine sem besta kamapvínið um borð í flugvélum í alþjóðlegu áætlunarflugi. Icelandair var jafnframt í öðru sæti ásamt British Airways og American Airlines fyrir gæði allra víntegunda sem í boði eru fyrir farþega í viðskiptaerindum. Þessi viðurkenning Business Traveller Magazine er vitnisburður um gæði þjónustunnar á Icelandair Business Class. Þótt kampavín sé oftast drukkið eitt og sér er það einnig afbragð í kokkteila. Til að toppa upplifunina er fátt betra en að fá sér gott súkkulaði með. Mímósa heitir einn einfaldur og góður kampavínskokkteill.

**Mímósa 8 glös:**
1 flaska Piper-Heidsieck
1/2 l ferskur appelsínusafi
8 frosin jarðarber

Blandið Piper-Heidsieck kampavíni og appelsínusafa í könnu. Hellið í kæld kampavínsglös og skreytið hvert glas með einu frystu jarðarberi.










Nissan Primera ‘99, sk. ‘05, ek. 75 þús., heilsársdekk. V. 830 þús., engin skipti, góður staðgreiðslu afsláttur. S. 847 4644.

## 1-2 milljónir


Izuzu Creew Cab 3.1 Turbo dísel. ‘98, ekinn 192 þús. Í mjög góðu standi. Uppl. í s. 862 2816.


Kia Sportage árg.2001 ekinn 21.þús 4x4,sjálfskiptur,5dyra,bensín. Verð 1650.000 Uppl.897-2886/588-6284


Til sölu Opel Safira. Skr. 06/2000, ek. 68 þús, ssk., ýmis aukabúnaður. Uppl. í s. 893 2778.


MMC Galant ‘98. 2000 cc. Ekinn aðeins 68 þús. Sk. ‘06. Ssk., álfelgur, ný nagladekk, og cr. control. CD. Uppl. í s. 848 4321.


Til sölu Toyota Corolla, 06/2003, 1400, 5 gíra, sumar/vetradekk. Ekinn 60 þús. Verð 1350 þús. Uppl. í s. 846 3751.


Tellefsdala.S snjótönn til sölu. Uppl. hjá Víkurverk í s. 567 2357.


Nissan Patrol GR. Dísel ‘95. Ný 33” dekk, ekinn 184 þús. Uppl. í s. 898 3189.


Frábær fjölskyldubíll, ótrúlega rúmgóður. Citroen Picasso. Exclusive. ‘02, ek. 58 þús. Útb. 350 þús. + bílalán / 23.500 á mán. (eftirst. 1.028 þús.). Sími 847 9250 e. kl. 16.

## 2 milljónir +



### Grand Cherokee 2005
Get boðið Grand Cherokee á góðu verði. Laredo á 3.950 þús. Limited 4,7L á 4.700 þús. Hemi limited á 4.950 þús. Allt í einu ehf sími 893 6001.


Audi A8 Quattro árg. 2000. Stiglaus sjálfskipting, tiptronic, rafmagn í öllu, leður og lúga. Ekinn 138 þ., ásett verð 4,3 þ. Staðgreitt 3,8 þús. Uppl. í síma 669 9834.

Til sölu BMW 530. Dísel, ekinn 170 þús., árg. ‘02. Verð 2.800 þús. Uppl. í s. 892 5248.

## Bílar óskast

Vantar bíl í sk. fyrir Queen size rúm frá húsgh. og húsg. frá ÁG. Nývirði ca 420 þ. S. 896 5120.

Óska eftir ódýrum bíl á góðu undirverði. Engar druslur takk fyrir. S. 690 2190.

Óska eftir bíl á allt að 120 þús. stgr. Uppl. í s. 848 3688.

## Jeppar


MMC Pajero Turbo disel intercooler, ssk., árg. 29/07/99, ný 31” dekk, dr.krókur, þjónustubók, ek. 140 þ. Sérstaklega vel með farinn bíll. Bílalán 1.660 þ. með aðeins 4,3% vöxtum, afb. 30 þ. á mán. Verð 2,490 þ. Uppl. í síma 487 5838 & 892 5837.


Toyota Land Cruiser 80 VX 44” ek. 161 þús. Sjálfsk., 4.5 bensín, milligír, með öllu. Uppl. í síma 899 0577.


Toyota LC 90 VX, bensín, sjálfsk., ekinn 84 þ. Verð 3.100 þ. Bílalán 1.700 þ. S. 840 2863.


Til sölu Land Cruiser árg. ‘86, bensín, á 32” dekkjum. 1 eigandi frá upphafi. Gæðavagn. Uppl. í s. 860 6705.


Toyota Land Cruiser 90, Disel Turbo Intercooler. Árg. ‘98 ekinn 180 þús. Upphækkaður 35” 5 gíra beinskiptur, filmur, dráttakúla, verð 2.250 þús. Uppl. í s. 487 8688 eða 893 8877.


MMC L200 4ra dyra pallbíll dísel, árg. 17/07/’97, ný BF Goodridge 31”, dr. krókur, ek. 260 þús. Þjónustubók. Bíll í toppviðhaldi. Bílalán 450 þ., afb. 20 þ. á mán. Verð 780 þús. Uppl. í s. 487 5838 & 892 5837.


Kia Grand Sportage 4x4 05/01. Nagladekk, dráttark. Sk. ‘06. Ásett v. 1190 þ. S. 822 3001.


MMC pajero 2,5. Diesel beinsk. Árg. 06/’03 sumar og vetradekk. S. 822 3001.



### Útsala 950 þúsund
Toyota Hilux bensín 33” árg ‘96. Mjög vel með farinn. Ekinn 98 þ. Þjónustubók. Uppl. í s. 557 2113 & 660 3255.


Gollmoli til sölu Toyota Rav4 1800 08/2003 ekinn 20.000 km, verð 1970 þús. Uppl. í síma 557 1540 & 692 0914.


Nissan Terrano II Luxury 3,0 TDI, skráður 04/2004. Ek. 49.000 km. Aukahl: Cruis contr., dráttark., skíðab., toppl. og stigbr. Sumardekk á felgum og kastaragrind fylgja. Verð 3.490.000 stgr. Nánari uppl. í síma 892 3932 og 893 8996.


Nissan Patrol disel Elegance 44”. Árgerð 2000 ekinn 150 þ. km. Verð 4.450.000. Áhvílandi kr. 3.280.000. Ath. öll bílaskipti. Uppl. í s. 897 1100, Óskar.

Toyota RAV-4 12/2000 ekinn 69.000 km. sjálfsk., akstursstalva, crus, upphækkaður m. dráttarkrók, einn eigandi. S. 864 4125.


Porsche Cayenne S 2003 4.5L V8 340hö. Einn með öllu. Verð 8,5 millj. S. 822 1949

Til sölu jeppi. Pathfinder ‘90. Ek. 145 þ. m. Sjálfsk. air, cruise, þjófav. krókur, sóllúga. Nýsk. V. 285 þús. Uppl. í s. 896 9412.

Til sölu Pajero ‘96 langur 2,5 disel 7 manna beinsk. Ek. 188 þ. Verð 995 þ. Uppl. í s. 896 9412.

Ecoline óskast 38”- 44”, 12-15 manna, ekki eldri en ‘95. Staðgreiðsla í boði. Uppl. í s. 896 9534.

Vandaðir brettakantar á flesta jeppa. Jeppaplast.is Dvergshöfða 27. S. 868 0377.

## Sendibílar


Ford Transit 1998, klassabíll með lyftu til sölu. S. 892 1856.

## Vörubílar

Vélaborg ehf



### Snjóplógar og snjókeðjur.
Útvegum með stuttum fyrirvara snjóplóga og snjókeðjur á traktorsgröfur, hjólaskóflur og vörubíla. Vélaborg Krókhálsi 5F Reykjavík, (gengið inn frá Járnhálsi). Sími 414 8600 og Draupnisgötu 1 Akureyri. Sími 464 8600. Skoðið einnig úrvalið á velaborg.is


Til sölu MAN 41-463, 1999 8*6, 113 þ. km með 50 tonnmetra Pesci krana með slöngusetti og vírspili (2,2 tonn í 17 m.), dráttarstóll, upphitaður pallur með sturtum. Verð 11 millj. Uppl. í síma 866 3322.

## Vélsleðar


Til sölu Polaris XC 800. Árg. 2004 með Rafstart, bakkgír, rúðutösku, tanktösku, bögglabera, negldur. Verð kr. 900-950 þús. S. 897 2313.


Arctic Cat ZRT 800 árg. 2001. Negldur og með rafgeymi. Góður og flottur sleði, ekinn 1200 m. Verð 570.000. S. 898 9107 & 482 1589.

Til sölu Polaris XC 800. Árg. 2004 með rafstart, bakkgír, rúðutösku, tanktösku, bögglabera, negldur. Verð kr. 900-950 þús. S. 897 2313.

AC F7 SnoProf EFI ‘03 ekinn 600 km. Lítur út eins og nýr. Aðeins bein sala. Uppl. í s. 894 5572.

Til sölu Ski Doo Grand Touring SE 700 árg. 1997. Ekinn 6200 km. Rafstart, bakkgír, brúsagrind og bögglaberi. Verð 370 þús. stgr. Uppl. Þorbjörn í síma 892 4725.

## Vinnuvélar

Vélaborg ehf



### Bobcat Toolcat fjölnota vinnutæki !
Alvöru tæki í snjóinn, fjórhjólastýri, fjórhjóladrif og sturtupallur. Upphitað hús fyrir tvo. Mikið úrval aukahluta t.d. sópur, skóflur, staurabor, gafflar, snjóblað o.fl. Aðeins 154 cm á breidd, flottur í gangstígana. Til sýnis hjá Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 8600


Tek að mér alla almenna gröfuvinnu og snjómokstur. Uppl. í s. 893 1030.

## Bátar


Til sölu Gáski 15 BT. Uppl. í síma 894 6399.

### Bátur til leigu
Til leigu dekkaður 5 tonna plastbátur, hentar mjög vel til línuveiða, góð lest. Nánari uppl. í síma 663 4850 & 663 4750.

## Flug

FLUGSKÓLI ÍSLANDS

### Næstu námskeið hjá Flugskóla Íslands hf.
**Flugumsjón** - hefst 17. janúar.
**MCC** - hefst 31. janúar.
**ATPL(A)** - hefst 1. febrúar.
**Airbus310/300-600** - hefst 1. febrúar.
**FI(A)** - hefst 7. febrúar.
**B737 300-500** - hefst í byrjun mars.
**FI(A) upprifjun** - 1.-3. mars.
**Nánari upplýsingar á www.flugskoli.is**



Flugklúbbur Íslands ehf. Áhugavert tækifæri í flugi á Íslandi. www.fly.is

Til sölu 1/5 hluti í mjög góðum Piper Warrior. Hagstætt verð og ódýrir tímar. Uppl. í s. 691 7800, Guðni.

## Varahlutir



Bílhlutir, Drangahrauni 6, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

### Rafstilling ehf. Dugguvogi 23
Startarar. Alternatorar. Nýir hlutir, skipti hlutir, viðgerðir áratuga reynsla. Hröð þjónusta, mikið úrval. **Sími 581 4991, GSM 663 4942.**

Bílakjallarinn Stapahrauni 11, s. 565 5310. Sérhæfum okkur í VW, Toyota, MMC, Suzuki og fl.

Bílapartar v/Rauðavatn, s. 587 7659. Erum eingöngu með Toyota. Kaupum Toyota-bíla. Opið virka daga frá 10-18.

Aðalpartasalan s. 565 9700, Kaplahrauni 11 HF. Eigum varahluti í Hyundai, Hondu, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrifs.

### AB-VARAHLUTIR
Bílavarahlutir í flestar gerðir Evrópu og Asíubíla, t.d. boddíhlutir, ljós, kúplingar, stýrishlutir, bremsuhlutir, handbremsubarkar, vatnsdælur, öxulliðir og hosur ljóskastarar, tímareimar, viftureimar, spirnur, spindilkúlur. Og allir varahlutir fyrir Toyota. Eingöngu ný vara. **Opið frá 08.00-18.00 mánudaga-föstudaga. Betri vara, betra verð. Sími 567 6020. Bíldshöfði 18**

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.


# Nú er það svart

Fréttablaðið vill beina þeim tilmælum til lesenda að auðvelda blaðberum okkar að bera út blaðið.

**Vinsamlegast mokið frá útidyrahurðum og hafið kveikt á útiljósum.**

FRÉTTABLAÐIÐ
DV

## Húsaviðhald

**Steiningarefni**
**Ýmsar tegundir**
Ma. Kvartz, marmari, gabbró, granít ennfremur steiningarlím.
Mikið litaúrval. Þvoum og blöndum efnin eftir óskum viðskiptavina.
Flytjum
efnin á byggingarstað.
**Sjón er sögu ríkari**
**Fínpússning sf**
**Íshellu 2, Hafnarfirði**
**sími: 553 2500 - 898 3995.**

Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Alm. viðhald húsa, málun, múrun, flísa & parketlagnir og trésmíðavinna. Föst tilboð eða tímavinna. Sími 616 1569.

**Byggingameistari**
Byggingafélag getur bætt við sig verkefnum. Úti sem inni. Tilboð eða tímavinna. Upplýsingar í síma 845 3374.

**Múrvinna.**
Flísalagnir, múrviðgerðir, almenn múrvinna, flotlagnir, múrklæðning. Fljót og góð þjónusta. Múrklæðning ehf. S. 848 2576.

**Glerjun og gluggaviðgerðir !**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

## Stífluþjónusta




**Stífluþjónustan ehf**
Losum allar stíflur, hreinsum lagnir. Röramyndavél. Meindýraeyðing. 20. ára reynsla S. 554 2255 - 896 5800.

Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frárennslislögnum. Stífluþjónusta Geirs, s. 697 3933.

## Tölvur

**Tölvuviðgerðir - Vírushreinsanir - Uppfærslur**
Start tölvuverslun, Bæjarlind 1, Kópavogi.
**Sími 544-2350, www.start.is**

Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

Uppsetning og viðhald á netkerfum og tölvum. Þekking og reynsla. T&G S. 696 3436.

Geri við tölvur í heimahúsum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. ATH Opið allan sólahringinn. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Sími 616 9153. Milli kl 8-23 alla daga vikunnar.

## Spádómar

Kristjana spámiðill tekur fólk í einkatíma. Þeir sem til mín vilja leita pantið tíma í S. 554 5266 & 695 4303.

Dulspekisíminn 908 6414. Símaspáindraumaráðn. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

**Alspá 908-6440**
**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

## Rafvirkjun




# HEILSA

## Heilsuvörur




Frábær líðan.. Alveg síðan.. HERBALIFE www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Missti 10 kg á 12 vk.Þú getur það líka með Shape Works. Rannveig 862 5920 heilsuval@topdiet.is

11 kíló farin með Shape-works. Borðið og grennist! Edda S. S. 861 7513 & 820 7547.

Viltu léttast? Auka orku? ShapeWorks er lausnin. www.321.is s. 577 2777.

## Líkamsrækt

**Yoga unnendur**
- ☐ 19.30 Motorworld á Sýn.
- ☐ 20.00 World Supercross á Sýn.
- ☐ 21.00 World Series of Poker á Sýn.
- ☐ 01.00 NBA-boltinn á Sýn. Bein útsending frá leik San Antonio Spurs og Dallas Mavericks í NBA-deildinni í körfubolta.

## LEIKIR GÆRDAGSINS

*Intersportdeildin:*

**FJÖLNIR–KFÍ 122–83**
Stig Fjölnis:Nemanja Sovic 29, Pálmar Ragnarsson, 21 (6 frák, 6 stoðs, 6 stolnir, 4 varin á 22 mínútum), Hjalti Vilhjálmsson 20, Jeb Ivey 18 (8 stoðs.), Darrel Flake 15 (12 frák.)
Stig KFÍ: Joshua Helm 46 (19 frák.), Tom Hull 13 (7 stoðs.), Baldur Ingi Jónasson 12 (5 stoðs.).

**TINDASTÓLL–HAUKAR 79–74**
Stig Tindastóls: Svavar Birgisson 28 (7 frák.), Bethuel Fletcher 18 (11 stoðs.), Brian Thompson 18 (12 frák, 6 stolnir).
Stig Hauka:Mirco Virijevic 21 (15 frák.), Michael Manciel 17 (20 frák.), John Waller 15.

**HAMAR/SELFOSS–GRINDAVÍK 106–97**

**NJARÐVÍK–ÍR 87–91**

**SKALLAGRÍMUR–KR 93–72**

*DHL-deild kvenna:*

**STJARNAN–GRÓTTA/KR 26–20**
Mörk Stjörnunnar: Anna Bryndís Blöndal 7, Kristín Guðmundsdóttir 6, Elzbieta Kowal 5, Ásdís Sigurðardóttir 4, Elísabet Gunnarsdóttir 2, Hekla Daðadóttir 2.
Mörk Gróttu/KR: Arna Gunnarsdóttir 6, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 5, Eva Margrét Kristinsdóttir 3, Inga Dís Sigurðardóttir 2, Íris Ásta Pétursdóttir 2, Kristín Þórðardóttir, Ragna Karen Sigurðardóttir 1.

*Bikarkeppni Evrópu í körfuknattleik:*

**FRIBOURG-KEFLAVÍK 103-95**
Stig Keflavíkur: Anthony Glover 46 (12 frák.), Jón N. Hafsteinsson 18 (8 frák.), Nick Bradford 16, Magnús Þór Gunnarsson 8, Arnar F. Jónsson 4, Gunnar Einarsson 3, Sverrir Sverrisson 2.

# Hef trú á mér og liðinu

**Viggó Sigurðsson er hvergi smeykur fyrir HM í Túnis. Hann ætlar að rífa handboltalandsliðið upp og koma því í fremstu röð á nýjan leik.**

**HANDBOLTI** Íslenska handboltalandsliðið fór til Spánar í gær þar sem lokaundirbúningurinn fyrir HM í Túnis fer fram. Þar mun liðið æfa og spila þrjá æfingaleiki – gegn Spánverjum, Frökkum og Egyptum – áður en haldið verður til Afríku þar sem Ísland spilar fyrsta leik sinn í heimsmeistaramótinu gegn Tékkum 23. janúar. Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari gengur hreint til verks. Þrátt fyrir að vera með nýtt og lítt reynt landslið setur hann stefnuna hátt. Það á að vera meðal sex efstu, sem yrði ekki ónýtur árangur.

„Vissulega hefði ég getað keyrt niður allar væntingar fyrir mótið ef ég vildi,“ sagði Viggó. „Ég er ekki sammála slíkum vinnubrögðum. Ég aftur á móti hef trú á mér og landsliðshópnum og tel okkur tvímælalaust geta endað á meðal sex efstu á mótinu.“

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Viggó notar þessa taktík því hann gerði slíkt hið sama þegar hann tók við þýska félaginu Wuppertal fyrir tæpum áratug síðan. Þá sagðist Viggó ætla að fara beint upp með liðið, sem hafði innan sinna raða leikmenn sem voru að stíga sín fyrstu spor í atvinnumennsku – Ólaf Stefánsson og Dag Sigurðsson – í bland við reynda refi eins og Geir Sveinsson.

„Það var hlegið að mér í Þýskalandi. Það skipti mig engu því við kláruðum mótið með stæl og fórum beint upp í úrvalsdeild. Þessi taktík virkar tvímælaust og menn verða að hafa trú á því sem þeir eru að gera,“ sagði Viggó, sem tók við landsliðinu af Guðmundi Guðmundssyni eftir Ólympíuleikana.

Mörgum fannst rétt að stokka liðið upp eftir ÓL og Viggó var einn þeirra. Hann sagði stjórn HSÍ frá sínum fyrirætlunum með landsliðshópinn og stjórn Handknattleikssambandsins sagði við það tilefni að rétt væri að stefna á góðan árangur á HM árið 2007. Það vildi Viggó ekki hlusta á.

„Ég sagði bara við þá að ég væri að fara til Túnis eftir tvo og hálfan mánuð til þess að ná árangri. Ég er það metnaðarfullur að ég vil ekki þykjast vera að byggja upp í einhvern tíma bara svo ég fái vinnufrið. Ég held líka að þetta sé rétta leiðin. Það var orðin allt of mikil svartsýni í gangi. Ég hef trú á þessu liði og að við náum góðum árangri í Túnis,“ sagð Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari.

**henry@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/TOMMY HOLL

**HVERGI SMEYKUR** Viggó Sigurðsson fagnar hér sigri gegn heims- og Ólympíumeisturum Króatíu. Hann ætlar sér stóra hluti í Túnis.

Jóhann Ingi Gunnarsson, formaður landsliðsnefndar HSÍ, um mál Garcia:

# Fær tækifæri til að skýra mál sitt

**HANDBOLTI** „Ég vil nú ekki líta svo á að hann hafi kallað mig lygara heldur frekar að íþróttafréttamaðurinn hafi lagt honum orð í munn,“ segir Viggó Sigurðsson, landsliðsþjálfari í handknattleik.

Í viðtali við Jaliesky Garcia í þættinum Olíssporti í fyrrakvöld vísaði hann því alfarið á bug að hann hafi flúið til Púertó Ríkó í því skyni að losna við skyldur sínar gagnvart handknattleikslandsliðinu en framundan er heimsmeistarakeppnin í handbolta.

Jaliesky Garcia var hluti af þeim hóp sem þangað átti að fara en eftir að hafa horfið sjónum til Kúbu án þess að láta kóng né Viggó Sigurðsson vita situr hann eftir með sárt ennið og vildi meina að um misskilning hefði verið að ræða.

Sagði hann Viggó Sigurðsson ljúga þegar hann talaði um að hann hefði farið til síns heima með það að markmiði að sleppa þáttöku með landsliðinu á HM í Túnis.

Jóhann Ingi Gunnarsson, íþróttasálfræðingur og formaður landsliðsnefndarinnar í handknattleik, vill meina að öll sú umræða sem skapast hafi um García undanfarna daga hafi verið of tilfinningarík og vill ekki draga dóm um mál hans fyrr en það verði skoðað ofan í kjölinn að loknu mótinu í Túnis.

„Þetta verður skoðað eftir mótið en á þessari stundu vil ég ekki draga of sterkar ályktanir af þessari fjarveru hans. Nú er staðan hins vegar sú að það er nóg að gera fyrir heimsmeistaramótið og ekki gefst tími til að fara yfir málin fyrr en síðar.

Ég vil meina að García hafi staðið sig vel fyrir Íslands hönd í fortíðinni og hann fær tækifæri til að skýra mál sitt þegar þar að kemur.“

**- aöe**

Fundað um framtíð fótboltans í febrúar:

# Breytingar ekki útilokaðar

**FÓTBOLTI** Tvær breytingar sem varða framtíð knattspyrnunnar verða hvað mest ræddar þegar sérstök nefnd Alþjóða knattspyrnusambandsins kemur saman í febrúar. Annars vegar verður rædd sú tillaga að breyta rangstöðureglum í boltanum á þann hátt að ekki sé um rangstöðu að ræða nema sóknarmaður sé fyrir innan vítateig andstæðinga sinna.

Yrði það mikil breyting frá núverandi kerfi þar sem sóknarmaður getur verið dæmdur rangstæður hvar sem er á vallarhelmingi mótherjans.

Hins vegar á einnig að ræða mál málanna þessa dagana sem er hvenær bolti er inni í marki og hvenær ekki. Eins og komið hefur fram í kjölfar atviksins í leik Manchester United og Tottenham hafa þær raddir gerst háværari sem vilja nýta tæknina til að skera úr um hvort boltinn hefur farið inn fyrir línuna eður ei og munu menn á fundinum taka það mál alvarlega.

**- aöe**



Mund/AP

**BREYTTAR ÁHERSLUR** Í næsta mánuði verður fundað um reglur og mögulegar breytingar á fótboltanum.

## ÚR ÍÞRÓTTAHEIMINUM



Þó svo að Utah Jazz hafi ekki fláð feitan gölt í NBA-körfuboltanum í vetur, þá tókst liðinu að leggja San Antonio Spurs og Phoenix Suns að velli í vikunni en liðin tvö eru í tveimur efstu sætum deildarinnar. Leikurinn gegn Suns var með fjörugra móti og má geta þess að varamannabekkur Jazz skoraði 67 stig á móti 6 stigum hjá Suns. Lokatölur urðu 115-08 og fimmta tap Suns staðreynd. **Mehmet Okur** var stigahæstur Jazz með 21 stig og tók 17 fráköst. **Quentin Richardson** skoraði 24 stig fyrir Phoenix Suns sem heldur toppsæti vesturdeildarinnar, þrátt fyrir tapið.

**Jayson Williams**, sem lék með New Jersey Nets í NBA-boltanum en þurfti frá að hverfa vegna hnémeiðsla, skrifaði undir samning við CBA-liðið Idaho Stampede og mun leika sinn fyrsta leik á miðvikudaginn kemur. **Williams**, sem er 37 ára gamall, vonast til að CBA geti nýst honum sem stökkpallur inn í NBA-deildina. **Williams** varð manni að bana 14. febrúar árið 2002 með voðaskoti og reyndi að hylma yfir atburðinn. Réttað verður í málinu á nýjan leik í mars.



**Adrian Mutu**, sem fékk 7 mánaða keppnisbann fyrir kókaínneyslu, hefur skrifað undir fimm ára samning við Juventus. Hinn 25 ára gamli **Mutu** var rekinn frá Chelsea eftir að hann féll á lyfjaprófi í október á síðasta ári. Hann verður ekki leikfær með Juventus fyrr en að banninu loknu 18. maí nk. **Mutu** er ekki ókunnugur ítalskri grundu því hann lék á sínum tíma með Internazionale, Verona og Parma áður en hann var seldur til Chelsea í ágúst 2003 fyrir 15,8 milljónir punda.



**Sam Allardyce** hjá Bolton hefur staðfest að hann hafi mikinn áhuga á að klófesta Senegalann **Amdy Faye** frá Portsmouth. **Faye**, sem er 27 ára gamall, var nálægt því að ganga til liðs við Aston Villa en liðin tvö náðu ekki samkomulagi og því féll samningurinn um sjálfan sig. **Willie Mackay**, umboðsmaður **Faye**, sagði kappann tilbúinn að semja á sínum eigin forsendum. „Það þýðir þó ekki að hann sé tilbúinn að segja skilið við Portsmouth,“ sagði **Mackay**.

Í tilkynningu frá Millwall kemur fram að forráðamenn liðsins hafa bætt **Dave Bassett** við í hóp þjálfara liðsins. **Bassett**, sem hefur verið viðloðandi knattspyrnuþjálfun síðan 1981 og verið á mála hjá Wimbledon og Sheffield United, mun starfa sem aðstoðarmaður **Dennis Wise** og **Ray Wilkins**.



**Ryan Giggs** snýr aftur á leikvöllinn með félögum sínum í Manchester United þegar liðið sækir Liverpool heim á Anfield Road á morgun í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu. **Giggs** varð fyrir meiðslum á fæti þegar United mætti Tottenham fyrir rúmri viku. **Alex Ferguson**, knattspyrnustjóri United, sagði **Giggs** hafa æft með liðinu í fyrradag og hann vænti þess að vera tilbúinn gegn Liverpool. Þá mun varnarjaxlinn **Rio Ferdinand** einnig leika með liðinu á ný eftir að hafa misst af tveimur leikjum.

**Austuríski skíðamaðurinn Hans Knauss** á yfir höfði sér tveggja ára keppnisbann eftir að hann féll á lyfjaprófi. Steralyfið nandrolone fannst í blóði hans. **Knauss**, sem er 33 ára, segist saklaus af þessum ásökunum. „Ég hef aldrei tekið inn lyf og mun aldrei gera það. Ég er sanngjarn íþróttamaður,“ sagði **Knauss**.










Aukahlutir á mynd: álfelgur

# 1.795.000 kr.

## Kynntu þér fjölda freistandi tilboða! Sími 540 5400




Komdu, reynsluaktu og gerðu verðsamanburð.
Gæðin eru augljós.

Opið frá kl. 12-16 laugardaga

Söluumboð:
Bílás sf., Akranesi - BSA, Akureyri - Betri bílasalan, Selfossi - SG Bílar, Reykjanesbæ

**RÆSIR HF**
Skúlagötu 59, sími 540 5400 www.raesir.is

Himinn og haf / SÍA

ÚTSALA

FLEX

Bankastræti 11

## STUÐ MILLI STRÍÐA ⋮ Skjáumst!

**BIRGIR ÖRN STEINARSSON** LIFIR ÖÐRU LÍFI Á MSN



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Ég er gæddur þeim hæfileika að leiðast hlutir fljótt. Samt leiðist mér aldrei, því mér var líka gefin sú gjöf að eiga auðvelt með að finna mér eitthvað að gera. Öðru nafni kallast það að vera einfaldur maður með einfaldar þarfir. Þannig veð ég úr einu í annað, án þess að velta því of mikið fyrir mér.

Það eina sem ég virðist þurfa til þess að vera sáttur við lífið er að hafa eitthvað til þess að hlusta á, skapa tónlist á, lesa eða einhvern til þess að spjalla við. Þegar ég vann á skrifstofu átti ég auðvelt með að hlekkja sjálfan mig niður í sætið mitt sem fanga, auðvitað af hreinni sjálfsvorkunn. Alveg þangað til að msn kom og bjargaði lífi mínu.

Þetta litla tæki gaf mér það að geta losnað í nokkrar sekúndur og átt samtöl við fólk hér og þar á plánetunni þess á milli sem ég sinnti skyldustörfum. Sem blaðamaður fæddust oft hugmyndir upp úr þessum samtölum sem enduðu svo sem greinar. Á öðrum dögum átti ég kannski í heiftarlegum rifrildum við fólk á sama tíma og vinnuveitandinn leit til mín og fannst ég svakalega áhugasamur við vinnu mína. Fyrir helgar daðraði ég við stelpur sem höfðu ratað inn til mín, með einum hætti eða öðrum. Núna geri ég þetta allt saman inni í stofu, í þau fáu skipti sem mér leiðist.

Í gegnum msn hef ég eignast vini í öðrum löndum sem ég hef aldrei hitt. Vegna fjarlægðarinnar er hægt að trúa þeim fyrir hlutum sem ég myndi aldrei segja ykkur. Þar á ég líka fyrrverandi kærustur sem ég hef reynt að halda vingjarnlegu sambandi við eftir skilnaðinn, en auðvitað klúðrað. Mæli ekki með því. Það er eins með ástarsambönd og appelsínur, þegar búið er að kreista safann út verður það sem eftir er þurrt og óspennandi. Msn hefur líka gefið mér það að geta verið í sambandi við fjölskyldu mína og vini. Ég hef alla sem mér þykir vænt um á skjánum, hvar sem ég er. Og ef mér hættir að þykja vænt um einhvern, er alltaf hægt að stroka þá út af listanum. Guð blessi msn! ■







## myndasögur

### ■ PONDUS

Eftir Frode Överli




### ■ GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### ■ PÚ OG PA

Eftir SÖB




### ■ KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




### ■ BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



TÓNLIST

# Eitt erfiðasta verkefnið til þessa

Chris Martin, söngvari bresku hljómsveitarinnar Coldplay, segir að gerð þriðju plötu sveitarinnar hafi verið eitt erfiðasta verkefni sem hann hafi tekist á við.

Sveitin er að leggja lokahönd á plötuna, sem er væntanleg í búðir í vor. Síðasta plata Coldplay, A Rush of Blood to the Head, kom út fyrir þremur árum og naut mikilla vinsælda. Meðlimir sveitarinnar hafa játað að erfitt hafi verið að fylgja eftir svo góðri plötu. Hættu þeir meðal annars samstarfi við upptökustjóra sinn til langs tíma, Ken Nelson, og fengu Danton Supple í hans stað.

Martin er ánægður með nýju lögin. „Við erum búnir að semja nokkur hrikalega góð lög. Ég held að við náum ekki að toppa þessa plötu. Ég segi þetta alltaf en núna meina ég það,“ sagði hann.

Platan er sögð vera mikil framþróun frá þeirri síðustu. Þar má greina áhrif frá raftónlist áttunda áratugarins, David Bowie, Bob Dylan og Brian Eno. ■



**COLDPLAY** Hljómsveitin Coldplay gefur á næstunni út sína þriðju plötu.

TÖLVULEIKIR

# Kasabian og Homme í tölvuleik

Fjölda nýrra laga eftir þekkta listamenn er að finna í tölvuleiknum Gran Turismo 4, sem verður gefinn út á PlayStation 2 síðar á árinu. Lögin spanna samtals tvær klukkustundir og eru þau af ýmsum toga.

Í opnunarmyndskeiði leiksins hljómar lagið Reason Is Treason með hljómsveitinni Kasabian, sem var nýverið tilnefnd til þriggja Brit-verðlauna. Einnig er þar að finna lagið Only I Want með hljómsveitinni Eagles of Death Metal. Einn af meðlimum þeirrar sveitar er Josh Homme, söngvari Queens of the Stone Age. Lagið Shatter með Feeder fær einnig að hljóma eins og í Gran Turismo 3. ■



**QUEENS OF THE STONE AGE** Josh Homme, söngvari Queens of the Stone Age, er einnig í hljómsveitinni Eagles of Death Metal.



**JULIA ROBERTS** Leikkonan Julia Roberts vill leika í kvikmynd eftir metsölubókinni The Family Way.

# Vill leika í fjölskyldumynd

Leikkonan vinsæla Julia Roberts hafði svo mikla ánægju af því að eignast börn að hún hefur í hyggju að leika í kvikmynd sem mun fjalla um móðurhlutverkið og fjölskylduna.

Roberts, sem eignaðist tvíburana Phinneaeus Walter og Hazel Patricia í nóvember, vonast til að fá réttinn til að gera kvikmynd eftir metsölubókinni The Family Way eftir breska höfundinn Tony Parsons. Samningaviðræður standa nú yfir en ekkert er í hendi enn sem komið er. ■



**NICOLE KIDMAN** Er hrædd um að kannski sé henni bara ætlað að eyða ævinni ein.

# Nicole segist háð karlmönnum

Nicole Kidman hefur viðurkennt að vera háð „líkamsvexti karlmanna“ en heldur að henni sé kannski ætlað að eyða ævinni ein. „Það væri mjög auðvelt að segja að ég óskaði að ég hrifist af konum, en ég geri það ekki. Ég meina ég elska konur en líkamlega gera þær ekki neitt fyrir mig. Ég elska hvernig karlmaður hugsar. Ég elska það hvernig karlmaður lyktar og hvernig hann lítur út. Ég er gjörsamlega ánetjuð líkamsvexti karlmanna!“ segir Kidman í viðtali við Playboy.

Hún neitar þar að ræða fyrrverandi eiginmann sinn, Tom Cruise, sem hún kallar Thomas vegna mikillar virðingar sinnar í hans garð. Hún segist aldrei munu koma fram á rauða dreglinum nema „með manneskju sem ég hef ákveðið að eyða ævinni með“ og lýsir hennar fullkomna manni sem „heillandi manneskju, þolinmóðum og einhverjum sem leitar að öðruvísi hlutum.“ Hún bætir þó við: „Kannski er mér ætlað að eyða ævinni ein.“ Aðspurð hvort hún myndi aftur verða ástfangin af leikara segir hún: „Nei, aldrei nokkurn tíma!“ Kidman hefur nýlega verið orðuð við fyrrverandi kærasta Liz Hurley, milljónerann Steve Bing. ■



# bíó

**Ómissandi á DVD**

Cabin Feaver: Leikstjórinn Eli Roth sýnir með þessu byrjandaverkefni sínu að hann er til alls líklegur þegar kemur að hryllingsmyndum. Hugmyndina að þessari fékk hann á Íslandi árið 1991 en það er langt síðan það hefur tekist jafn vel að blanda saman gríni og viðbjóði í mynd af þessu tagi. Frábær skemmtun fyrir þá sem fíla góðan hroll.



*„Make a married woman laugh and you're halfway there."*

*– Michael Caine var með allt á hreinu í Alfie árið 1966.*

## FRUMSÝNDAR UM HELGINA

(DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM)



**Finding Neverland**

| | |
|---|---|
| Internet Movie Database | 8,3 af 10 |
| Rottentomatoes.com | 84% = Fersk |
| Metacritic.com | 67 af 100 |



**Lemony Snicket's A Series of Unfortunate Events**

| | |
|---|---|
| Internet Movie Database | 6,7 af 10 |
| Rottentomatoes.com | 69% = Fersk |
| Metacritic.com | 62 af 100 |


FRÍTT Í BÍÓ

Skelfilega skemmtilegar hrakfallasögur um þrjú indæl en óheppin systkini og óstjórnlega ósvífinn frænda þeirra – nú líka í bíó.

Ekki missa af þeim!

– Amazon.com

Vinsælasti bókaflokkur heims – milljónir eintaka seldar um allan heim!













Bíómiði fylgir

50 fyrstu sem kaupa einhverja af bókunum úr Bálki Hrakfalla í Pennanum-Eymundsson fá miða fyrir tvo á Lemony Snicket's Unfortunate Events, kvikmynd sem byggir á fyrstu þremur bókunum.

Penninn Eymundsson

Taktu þátt í skemmtilegum leik á www.edda.is – Fullt af skemmtilegum vinningum, dregið vikulega.




**LANGA TRÚLOFUNIN** Audrey Tautou fer með aðalhlutverkið í Un long dimanche de fiancailles. Hún lék einnig í hinni eftirminnilegu mynd Amelie.

# Níu myndir á franskri kvikmyndahátíð

Frönsk kvikmyndahátíð hefst í Háskólabíói í dag og lýkur 31. janúar. Alls verða níu kvikmyndir sýndar en það eru Alliance Française, Háskólabíó, Bergvík og Eff ehf sem hafa veg og vanda af hátíðinni og leggja henni til myndirnar.

Opnunarmyndin verður sýnd klukkan 19.30 í kvöld og nefnist hún **Un long dimanche de fiancailles**, eða Langa trúlofunin. Hún er eftir hinn virta leikstjóra Jean-Pierre Jeunet, sem síðast gerði hina eftirminnilegu Amelie fyrir þremur árum. Myndin er byggð á samnefndri metsölubók eftir Sebastien Japrisot sem út kom í Frakklandi árið 1994.

Audrey Tautou fer með aðalhlutverkið í þessari mynd rétt eins og í Amelie. Hún leikur unga baráttukonu, Mathild, sem leitar að unnasta sínum í lok fyrri heimsstyrjaldarinnar. Hún leggur allt í sölurnar og hefur hún eldmóðinn, vonina og ástina að vopni enda staðráðin í að endurheimta ást lífs síns. Myndin hefur fengið lofsamlega dóma og þykir Jean-Pierre Jeunet hafa tekist einstaklega vel að sýna stríðshryllinginn á raunsæjan hátt.

Kvikmyndin **Les choristes**, eða Kórinn, er framlag Frakka til Óskarsins í ár. Sagan gerist 1948 og fjallar um atvinnulausan tónlistarkennara sem fær vinnu við heimavistarskóla þar sem harður agi og harðræði ríkir. Hann getur engan veginn sætt sig við þetta harðfylgi og ákveður að safna saman nemendum og kynna fyrir þeim mátt og fegurð tónlistarinnar.

Gamanmyndin **Tais toi**, eða Grjóthaltu kjafti, skartar hinum heimsfrægu leikurum Jean Reno, sem sló í gegn í Leon, og Gérard Depardieu. Titilpersónurnar eru gjörólíkir afbrotamenn sem verða fyrir gráglettni örlaganna, klefafélagar í rammgirtu fangelsi.

**Marie-Jo og ástirnar tvær** segir frá því er Marie-Jo reynir að svifta sig lífi í lautarferð. Hún elskar Daniel, eiginmann sinn út af lífinu en finnur fyrir sömu ástríðu í garð Marcos, ástmanns síns. En það er ekki hægt að elska tvær persónur í einu...

**Son frère**, eða Bróðirinn, fjallar um Thomas sem veikist af ólæknandi blóðsjúkdómi. Skelfingu lostinn kemur hann við hjá bróður sínum Luc sem hann hefur ekki séð lengi og skýrir honum frá veikindum sínum. Þegar veikindi Thomasar ágerast fyllast þeir báðir örvæntingu og ekkert annað kemst að.

**Le coeur des hommes**, eða Hjartans mál, segir frá vinunum Alex, Antoine, Jeff og Manu sem allir standa á tímamótum í lífinu. Þeir hittast reglulega til þess að spjalla saman, rífast eða hlæja. Röð atburða verður til þess að tengja þá enn sterkari böndum.

**A la petite semaine**, eða Frá degi til dags, fjallar um Jacques sem eyðir fyrstu vikunni sinni sem frjáls maður eftir fimm ára fangelsisvist í félagsskap gamalla kunningja í Saint-Ouen í útjaðri Parísar. Þessi mynd lýsir daglegu lífi smákrimma og er laus við allar klisjur um undirheimana.

**Filles uniques**, eða Einkadætur, segir frá dómaranum Carole sem er svolítið stíf. Tina er aftur á móti óforbetranlegur þjófur sem á að baki tveggja mánaða fangavist og er langt frá því að vera stíf. Þessar tvær konur hittast í dómshúsinu og verða óaðskiljanlegar.

Spennumyndin **Le convoyeur**, eða Peningabíllinn, fjallar um peningaflutningafyrirtæki sem á í miklum vandræðum. Þrír peningabílar þess hafa verið rændir á árinu. Allir starfsmenn voru drepnir á hroðalegan hátt. Grunur er á að maður sem vinnur hjá fyrirtækinu tengist þjófunum.

Meðlimir Alliance française geta keypt sérstakan kvikmyndapassa fyrir 2500 krónur á allar níu myndirnar. Til að sjá nánari dagskrá má slá inn netslóðina: http://af.ismennt.is/ ■

**MYNDIRNAR NÍU Á FRÖNSKU KVIKMYNDAHÁTÍÐINNI:**

- Langa trúlofunin – Un long dimanche de fiançailles eftir Jeunet
- Frá degi til dags – A la petite semaine eftir Sam Karmann
- Hjartans mál – Le cúur des hommes eftir Marc Esposito
- Grjóthaltu kjafti – Tais toi eftir Francis Veber
- Einkadætur – Filles uniques eftir Pierre Jolivet
- Marie- Jo og ástirnar tvær – Marie Jo et ses deux amours eftir Robert Guediguian
- Kórinn – Les choristes eftir Christophe Barratier
- Bróðirinn – Son frère eftir Patrice Chéreau
- Peningabíllinn – Le convoyeur eftir Nicolas Boukrief

# Ólafur greifi vill auðæfin

Gamanmyndin Lemony Snicket's A Series of Unfortunate Events með Jim Carrey í aðalhlutverki verður frumsýnd í dag. Myndin fjallar um þrjá munaðarlausa krakka; Violet, Klaus og Sunny, sem missa foreldra sína í dularfullum eldsvoða. Fjarskyldur ættingi þeirra, Ólafur greifi, tekur þá að sér en er ekki allur þar sem hann er séður. Hann vill hrifsa frá þeim auðæfi sem foreldrar þeirra létu eftir sig og beitir til þess öllum brögðum. Frændi þeirra Monty og frænkan óttaslegna Josephine koma einnig við sögu í myndinni.



**SKELFIRINN ÓLAFUR** Jim Carrey og Meryl Streep í hlutverkum Ólafs greifa og Josephine.

Með önnur hlutverk fara Meryl Streep, Jude Law, Emily Browning, Liam Aiken, Kara Hoffman og Shelby Hoffman. Leikstjóri er Brad Silberling og Rick Heinrichs er maðurinn á bak við sérstakt útlit myndarinnar. Hann hefur áður séð um útlit mynda á borð við Sleepy Hollow eftir Tim Burton.

Myndin er byggð á þremur bókum eftir Lemony Snicket, sem er dulnefni rithöfundarins Daniel Handler. Tvær þeirra hafa komið út í íslenskri þýðingu og er sú þriðja, sem nefnist Stóri glugginn, á leiðinni. ■



**FINDING NEVERLAND** Johnny Depp og Kate Winslet fara með aðalhlutverkin í Finding Neverland.

# Aðdragandinn að ævintýrinu

Kvikmyndin Finding Neverland er byggð á ævi skoska leikritaskáldsins James Matthew Barrie sem er þekktur fyrir ævintýrið um Pétur Pan.

Myndin fjallar um aðdragandann að sögunni um Pétur Pan. Barrie (Johnny Depp) hefur gengið illa að semja vinsælt leikrit fyrir hið siðprúða enska samfélag. Þegar hann hittir ekkju nokkra (Kate Winslet) og drengina hennar fjóra breytist líf þeirra allra til muna. Þrátt fyrir mótbárur frá eiginkonu sinni og ömmu strákanna verða þau mjög góðir vinir og smám saman fær Matthew hugmyndina að sögunni um drenginn sem vill ekki eldast.

Auk hjartaknúsarans Johnny Depp fara með helstu hlutverk í myndinni þau Kate Winslet, Dustin Hoffman, Julie Christie, Joe Prospero, Ian Hart og Luke Spill. Leikstjóri er Marc Forster sem síðast leikstýrði Óskarsverðlaunamyndinni Monster's Ball með Halle Berry í aðalhlutverki. Næsta mynd hans er tryllirinn Stay með Skotanum Ewan McGregor og Naomi Watts í aðalhlutverkum.

Finding Neverland er sögð líkleg til afreka á næstu Óskarsverðlaunahátíð. Hefur hún þegar verið tilnefnd til fimm Golden Globe-verðlauna, þar á meðal sem besta dramatíska myndin og fyrir besta leikarann í dramatísku hlutverki (Johnny Depp). ■

MIRALE

MIRALE er eini umboðsaðili Cassina á Íslandi

áður kr. 243.000
nú kr. 199.000



Cassina

MIRALE
Grensásvegi 8
108 Reykjavík
sími: 517 1020

Opið:
mán. - föstud. 11-18
laugard. 11-15




Hljómsveitin *Spilafíklarnir* heldur uppi fjörinu alla helgina 14. og 15. jan. á *Classik* Ármúla 5 við hliðina á gamla Hollywood

FRÍTT INN




TILBOÐ 1*

FLUG OG HNAKKUR




Í samvinnu við Icelandair og framleiðendur Hrímnis bjóða Hestar og Menn nú einstakt tilboð. Þegar þú kaupir nýjan Hrímni fylgir honum flugmiði með Icelandair sem gildir fyrir einn fram og til baka á einhvern af fjölmörgum áfangastöðum í áætlunarflugi Icelandair í Evrópu.*

Hrímnir er hnakkur í hæsta gæðaflokki. Hann er hannaður frá a til ö með vellíðan hests og knapa að leiðarljósi og notaður af bæði atvinnumönnum og almenningi í útreiðum og keppni.

Verð kr. 139.900

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

* Kaupandi fær í hendur gjafabréf frá Icelandair sem gildir fyrir einn á almennu farrými á einhvern af fjölmörgum áfangastöðum í áætlunarflugi Icelandair í Evrópu. Um bókanir gilda að öðru leyti almennir bókunarskilmálar Icelandair. Flugvallarskattar eru ekki innifaldir.

TILBOÐ 2**

UPPÍTÖKUTILBOÐ

Hestar og menn bjóða annað einstakt tilboð á Hnakkadögum. Við tökum alla hnakka sem greiðslu upp í nýjan Top Reiter hnakk.**
Top Reiter framleiðir nokkrar gerðir af gæðahnökkum sem m.a. margir af þekktustu knöpum heims nota í keppnum.

Gildir við kaup á:
Sport 2000
Top Reiter – Z
Top Reiter Comfort
Top Reiter Reiðdýnu
Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.



TOP REITER INTERNATIONAL

** Uppítökuverð er háð mati starfsmanna. Uppítökuverð verður þó aldrei lægra en 5.000 krónur.

HESTAR & MENN

ICELANDAIR Vildarklúbbur

Þú færð Vildarpunkta hjá Vildarklúbbi Icelandair þegar þú verslar í versluninni Hestar og menn og greiðir með Vildarkorti Visa og Icelandair.

Lynghálsi 4 • 110 Reykjavk. S: 567 3300
info@hestarogmenn.is • www.hestarogmenn.is

SENDUM Í PÓSTKRÖFU



**!** **Kl. 20.00**
*í Þjóðleikhúsinu: Þetta er allt að koma. Ath. að aðeins þrjár sýningar eru eftir á þessu vinsæla leikriti.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Frestur að renna út*

Í desember auglýsti **Borgarleikhúsið** eftir hugmyndum í árlega dansleikhús-samkeppni sem **Leikfélag Reykjavíkur** og **Íslenski dansflokkurinn** standa saman að. Nú fer hver að verða síðastur að skila inn hugmyndum í keppnina, því fresturinn rennur út **15. janúar** en keppnina á að halda í þriðja sinn í júní 2005.

Óskað var eftir hugmyndum að stuttum dansleikverkum fyrir blandaðan hóp leikara og dansara. Tilgangur keppni af þessu tagi er að gefa listafólki tækifæri til að koma á framfæri hugmyndum sínum um dansleikhús, sem er ungt og spennandi listform. ÍD og LR vilja með þessu leggja sitt af mörkum til að efla dansleikhús og þróa.

Markmið dansleikhús-samkeppni er að leita að nýjum höfundum, stuðla að þróun dansleikhússformsins og láta reyna á samruna listrgreinanna.

Útlistun á hugmynd ásamt upplýsingum um



höfund/höfunda skal merkja **„Dansleikhús"** og senda í Borgarleikhúsið, Listabraut 3, 103 Reykjavík fyrir 15. janúar. ■

## EKKI MISSA AF…

Opnun tveggja sýninga í **Listasafni Kópavogs – Gerðarsafni.** Í austursal sýnir **Birgir Snæbjörn Birgisson** verk úr tveimur myndröðum, **Snertingar** og **Ljóshærðar starfsstéttir**, og **Elías B. Halldórsson** opnar sýninguna **Olíuljós** í vestursal...

**Svikum** eftir **Harold Pinter** í Borgarleikhúsinu í kvöld klukkan 20.00. Sýning sem hlotið hefur frábær viðbrögð gagnrýnenda sem annarra áhorfenda...

Sýningu **Hlyns Helgasonar** í **Nýlistasafninu.**



# Konur hafa breyst

### Saumastofan – þrjátíu árum síðar í Borgarleikhúsinu.

Saumastofan – þrjátíu árum síðar er heitið á leikriti sem frumsýnt verður á Litla sviði Borgarleikhússins sunnudagskvöldið, 12. janúar. Leikritið er eftir Agnar Jón Egilsson og er samstarfsverkefni Leikfélagsins Tóbíasar og Borgarleikhússins.

Það þarf ekki að koma á óvart að leikverkið er unnið upp úr og byggt á hinu gríðarlega vinsæla leikriti Kjartans Ragnarssonar, Saumastofunni, sem skrifað var í tilefni af kvennafrídeginum 1975. Leikritið sló í gegn á sínum tíma og var sýnt yfir tvö hundruð sinnum á þriggja ára tímabili. Verkið gerðist á vinnustað þar sem konur voru í meirihluta og áhrofendur fengu að sjá þær á óvenjulegum vinnudegi.

Saumastofan þrjátíu árum síðar segir frá viku í lífi starfsfólks saumastofu. Það hefur ýmislegt breyst í þjóðfélaginu, bæði áherslur og viðhorf. Höfundurinn Agnar Jón segir týpurnar vera svipaðar og í fyrra verkinu – bara þrjátíu árum síðar. „Þetta er ekki leikrit um týpurnar sem voru í fyrra verkinu. Það er ekki til nóg af leikkonum um sjötugt til þess að það sé gerlegt. Í þessari nýju útfærslu eru nýju týpurnar í sömu aðstæðum og þær sem voru í fyrra verkinu.

Það muna, til dæmis, allir eftir óléttu unglingsstúlkunni og það muna allir eftir þessari sem er að byggja og heldur því fram að lífið sé vinna – og þeirri þreyttu sem hefur verið þjónn alla sína tíð. Þessar týpur eru inni í nýja verkinu – og fleiri til. Við höldum að meirihluta strúktúrnum frá Kjartani, sem og lögunum hans, þótt við breyttum textunum vegna þess að tímarnir eru aðrir.

Annað sem skipti máli er að saumastofur eru að byrja að hverfa og í staðinn eru komnar nýríkar, smart hönnunargellur sem eru með þræla í kringum sig."

Agnar Jón segir nýju saumastofuna hafa verið lærdómsríka reynslu. „Þetta hefur verið merkilegur rannsóknarleiðangur allan tímann. Þær konur sem við töluðum við voru svo opnar að tjá sig, meira að segja um kynlíf. Konur eru svo allt öðruvísi en þær voru fyrir þrjátíu árum. Þær hafa frelsast á þessum tíma.

Þetta endaði með því að við spunnum bara og ég skrifaði nýtt leikrit – fyrir daginn í dag, því tíðarandinn er annar."

Leikarar í sýningunni eru Alexía Björg Jóhannesdóttir, Bjartmar Þórðarson, Bryndís Ásmundsdóttir, Elma Lísa Gunnarsdóttir,

Guðjón Þorsteinn Pálmarsson, Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir og María Pálsdóttir. Tónlistarstjóri er Franz Gunnarson, ljósahönnuður Jón Þorgeir Kristjánsson, um búninga sjá Harpa Einarsdóttir og Lára Guðnadóttir, sviðsmynd Marta Macuga. Leikstjóri og handritshöfundur er Agnar Jón Egilsson. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM GUNNARSSON



**SAUMASTOFUR ERU AÐ HVERFA** Í staðinn eru komnar nýríkar smart hönnunargellur sem eru með þræla í kringum sig.




FYNDIÐ • FERSKT • FJÖRUGT • FARSAKENNT

# HÉRI HÉRASON

eftir Coline Serreau Leikstjóri: Stefán Jónsson

„Ég hef sjaldan séð Hönnu Maríu gera betur."
**María Kristjánsdóttir / Morgunblaðið**

„...sýningin var ekki bara skemmtileg og glettilega sett saman heldur komst grafalvarlegur boðskapur hennar mjög vel til skila."
**Elísabet Brekkan / DV**

„Það er mikill uppgangur í Borgarleikhúsinu þessa daga og sýningin á Héra Hérasyni er dæmi um hve leikhópurinn í húsinu mætir gríðarlega sterkur til leiks."
**Valgeir Skagfjörð / Fréttablaðið**

„Brilljant leikhús!"
**Valgeir Skagfjörð / Fréttablaðið**

„Stefán Jónsson hefur, ásamt Berki Jónssyni og hinum, í stuttu máli sagt, gert farsann að listrænum viðburði. Geri aðrir betur."
**María Kristjánsdóttir / Morgunblaðið**

**BORGARLEIKHÚSIÐ** Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3 • 103 Reykjavik
Miðasala 568 8000 • www.borgarleikhus.is



LÉTTBJÓR




# Burstabæir og álagablettir

Tvær ljósmyndasýningar verða opnaðar í Þjóðminjasafninu á morgun klukkan 15.00. Önnur sýningin, Hér stóð bær, fjallar um stærstu búsetubreytingar Íslandssögunnar, flutningi úr sveitinni á mölina. Um 1920 voru 6.063 sveitabæir í byggð á Íslandi en undir aldarlok voru 4.754 bæir í byggð og eyðibýli voru 1.714.

Ljósmyndir sem berast myndasafni Þjóðminjasafnsins eru misvel skráðar og þangað berast söfn af filmum sem eru alveg óskráð. Þar á meðal eru margar bæjarmyndir. Á þessari sýningu er brugðið upp á þriðja hundrað ljósmyndum af óþekktum sveitabæjum. Myndirnar eru allar frá 20. öldinni og flestar teknar um miðbik hennar, á árunum frá 1930-60. Nú leitar í smiðju safngesta og þeir beðnir um að hjálpa til við að nafngreina bæina á myndunum.

Ljósmyndasýningin Átján álagablettir varpar samtímaljósi á ævaforna þjóðtrú Íslendinga. Fátt hefur staðist jafn vel tímans tönn og trú Íslendinga á helgi álagablettanna sem finna má í hverri sveit og skipta hundruðum í landinu öllu. Enn þann dag í dag njóta staðir þessir friðhelgi og til eru bæði gamlar og nýjar sögur af óhöppum og slysförum sem tengjast brotum á bannhelginni. Sýningarnar standa til 27. febrúar og eru opnar 11-17 alla daga nema mánudaga. ■

# Veisla óperukórsins

**TÓNLIST**
FINNUR TORFI STEFÁNSSON

**Veisla óperukórsins**
Óperukórinn/Sinfóníuhljómsveit Íslands/Ólöf Kolbrún Harðardóttir og Renato Francesconi, Karlakórinn Fóstbræður/stjórnandi: Garðar Cortez

Nýlega kom út hljómdiskur á vegum Óperukórsins í Reykjavík. Um er að ræða upptöku á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói árið 1998, þar sem Óperukórinn söng ýmsar þekktar tónlistarperlur úr óperum undir stjórn Garðars Cortez. Einsöng syngja þau Ólöf Kolbrún Harðardóttir og Renato Francesconi. Þá kemur Karlakórinn Fóstbræður til liðs við Óperukórinn í nokkrum atriðum.

Viðfangsefnin eru að sjálfsögðu valin með tilliti til þess að kórinn fái að spreyta sig og þau eru ekki af verri endanum. Má þar nefna m.a. „ Freudig begrussen „ úr óperunni Tannhauser eftir Richard Wagner, „Una vela“ og „Fuoco di gioia“ úr óperunni Otello og „Gloria all'Egitto“ úr óperunni Aida, báðar eftir Giuseppe Verdi; valsinn og söng sveitastúlknanna úr óperunni Évgení Ónegín eftir Pjotr Tsjæ-kofskí og Polovetska dansa úr óperunni Ígór fursti eftir Alexander Borodín. Þessi verk eru ekki aðeins fögur og vinsæl heldur einnig rík og á köflum margslungin tónlist, sem ekki er heiglum hent að flytja. Stjórnandinn Garðar Cortez hefur lengi verið kunnur fyrir áræði og það sýnir hann hér. Hann staðfestir einnig að hann stendur undir því sem hann tekur sér fyrir hendur því að hljómsveitarstjórn hans á diskum er yfirleitt með miklum ágætum og ekki annað að heyra en hann hafi fullt vald á þessum kröfuhörðu viðfangsefnum. Það er mikill fengur að Svítu Jóns Ásgeirssonar fyrir kór og hljómsveit úr Galdra-Lofti og Þrymskviðu. Þetta er vel samin og falleg tónlist og vekur til umhugsunar um það sem verið gæti hér á landi ef tækist að vekja þjóðina af sínum lágmenningarlegа doða. Jón Ásgeirsson er merkur frumkvöðull í miklu starfi sem óunnið er og bíður íslenskra tónskálda. Það er að nýta bókmenntaarfinn til óperusmíði. Um þessar mundir eru Íslendingar svo ríkir að þeir vita ekki sitt rjúkandi ráð og eyða fé í hverja hugsanlega vitleysu. Íslensk ópera virðist því miður enn standa utan þess sem leyfilegt er.


**ÓPERUKÓRINN** Greinilega vel skipaður raddfólki.

Óperukórinn er greinilega vel skipaður raddfólki, einkum virðast kvenraddirnar í kórnum vera öflugar. Kórinn hljómar mjög vel í atriðunum úr Évgení Ónegín og Polovetsku dönsunum svo dæmi séu nefnd. Ekki má gleyma að minnast á framlag Ólafar Kolbrúnar Harðardóttur í Inneggiamo eftir Pietro Mascagni. Rödd hennar er einstaklega falleg og sannkölluð guðsgjöf. Sinfóníuhljómsveit Íslands á stórt framlag á þessum diski og gott. Málmblásarar hljómsveitarinnar eru meðal þeirra sem fara á kostum í ýmsum stöðum. Ef til vill er það atriði sem best heppnast í heild kaflinn úr Tannhauser. Þar falla allir þættir saman í sannfærandi túlkun. ■



# Áfram Ausa – Stólarnir hætta

Síðasti möguleiki til að sjá þessar tvær leikhúsperlur á einu kvöldi verður á laugardagskvöldið 15. janúar. Eftir það verður haldið áfram sýningum á Ausu á Litla sviðinu í Borgarleikhúsinu.

Verkið er samstarfsverkefni Leikfélags Reykjavíkur og Leikfélags Akureyrar. Það var frumsýnt á Akureyri í haust, en sýningar hófust í Borgarleikhúsinu í desember.

Ausa Steinberg er óvenjulegt leikrit um níu ára einhverfan ofvita sem sér lífið og dauðann í öðru ljósi en við flest. Hún er í senn heillandi, fyndin og ótrúlega skemmtileg. Ausa elskar óperutónlist. Hún er með krabbamein og þráir að deyja eins og dívan á sviðinu við dynjandi lófatak áhorfenda.

Ausa Steinberg var upprunalega flutt sem útvarpsleikrit hjá BBC í Bretlandi. Fá verk hafa hlotið önnur eins viðbrögð og Ausa og var leikritið ítrekað endurflutt. Hérlendis endurtók sagan sig þegar Útvarpsleikhúsið flutti verkið fyrir nokkrum árum, því flutningurinn kallaði á greinarskrif og endurflutning. Höfundurinn Lee Hall var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir kvikmyndahandritið af Billy Elliot. Hann er einnig höfundur Eldað með Elvis sem sýnt hefur verið á Íslandi undanfarið. ■



# Síðasta sýningarhelgi

Síðasta sýningarhelgi á Íslenskri myndlist; um veruleikann, manninn og ímyndina verður í Listasafni Íslands 14. og 15. janúar. Á sýningunni gefur að sjá mikla fjölbreytni í verkum listamannanna. Miðlun upplýsinga með nýstárlegum hætti, með notkun farsíma og nettengingar. ■

SUBARU
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN




FREMSTUR Í FLOKKI

Subaru Legacy er bíll sem sameinar kraft og öryggi. Öflug 2.0 lítra vélin ásamt Subaru aldrifinu tryggja að þú komist örugglega á leiðarenda. Allt þetta ásamt ríkulegum staðalbúnaði gerir Legacy að ótvíræðum sigurvegara í sínum flokki.


SYMMETRICAL AWD
JAFNVÆGI

Subaru aldrifið er hreint út sagt listaverk – lárétt Boxer vél og fullkomin fjórhjóladrifstækni tryggja hámarks rásfestu og veggrip á öllum hjólum. Hér ræður jafnvægið ríkjum og tryggir afl og aksturseiginleika sem eiga sér fáar hliðstæður í hvaða verðflokki sem er.

LEGACY

Verð frá: 2.440.000,-
28.239,- á mánuði*



Í samstarfi við

Fíton/SÍA

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 13:00–17:00

*Bílasamningur SP-FJÁRMÖGNUN með 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði

**LISTSÝNING**

# Kemur alltaf á óvart

„Ég geng aldrei framhjá verki eftir hana á þessum stóru sýningum. Hún nær alltaf að fanga athyglina," segir Anna Líndal, myndlistarmaður og prófessor við LHÍ, um þýsku listakonuna Rosemarie Trockel.

Á morgun verður opnuð stór sýning á verkum eftir Trockel í menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Hún er í hópi virtustu listamanna Þýskalands og hefur bæði verið fulltrúi Þjóðverja í Feneyjartvíæringnum og tekið þátt í stórsýningunni Documenta í Kassel þar sem hún sýndi hús fyrir svín og menn.

Verk hennar hafa gjarnan verið umdeild og þau eru mjög fjölbreytileg. Hún tekur gjarnan fyrir daglegt líf kvenna og stöðu konunnar innan þjóðfélagsins, með fókusinn á listheiminn. Rosemarie tekur einnig á stöðluðum hugmyndum um kynferði, menningu og listsköpun.

„Hún er listamaður á heimsmælikvarða og kemur manni alltaf á óvart, maður getur aldrei gengið að því vísu hvað hún gerir næst." Á sýningunni í Gerðubergi verða sýndar ljósmyndir, skúlptúrar, teikningar og myndbönd frá síðustu árum.

Sýningin kemur hingað til lands á vegum IFA, þýskrar stofnunar sem sér um að kynna þýska listamenn erlendis. Sýningarstjóri er Gudrun Inboden og á opnuninni flytur hún ávarp og verður með leiðsögn um sýninguna.

Gudrun Inboden heldur einnig fyrirlestur í Listaháskóla Íslands á mánudaginn þar sem hún ræðir um verk Rosemarie og sýninguna.

Rosemarie Trockel lagði stund á mannfræði, félagsfræði, guðfræði og stærðfræði í framhaldi af starfi sínu sem kennari. Síðar fór hún í málaranám við listiðnaðarskóla í Köln. ■



**TEIKNING EFTIR TROCKEL**
Siesta nefnist þessi teikning eftir Rosemarie Trockel, sem er meðal verka á sýningu hennar í Gerðubergi.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**JANÚAR**

11 12 13 **14** 15 16 17

### Föstudagur

### ■ ■ TÓNLEIKAR

☐ 17.00 **Perculator**, sem er samstarfsverkefni þeirra **Sigtryggs Baldurssonar, Gísla Galdurs, Davíðs Þórs Jónssonar** og **Helga Svavars Helgasonar**, spilar í Smekkleysu Plötubúð.

☐ 21.00 **Margrét Eir** söngkona og **Róbert Þórhallsson** bassaleikari verða með tónleika í Hlöðunni Litla-Garði ásamt gestasöngvurum.

☐ 23.00 Hljómsveitirnar **Darkhammer, Hot Damn** og **Shadow Parade** spila á Grand Rokk.

### ■ ■ LISTOPNANIR

☐ 15.00 **Þóra Gunnarsdóttir** opnar sýningu í Kubbnum, sýningarsal Myndlistardeildar LHÍ að Laugarnesvegi 91. Sýningin ber nafnið „Hvísla-Öskra" og hefst með gjörningi.

☐ 20.00 Þrjár sýningar verða opnaðar í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu. **Bjargey Ólafsdóttir** sýnir kvikmynd sína Láttu ekki viðkvæmt útlit mitt blekkja þig. Áhrifavaldar nefnist yfirlitssýning á ljósmyndum eftir **Brian Griffin**. Loks sýnir **Þórður Ben Sveinsson** hugmyndir sínar um Borg náttúrunnar.

☐ Sýning á myndum **Árna Böðvarssonar** ljósmyndara frá Akranesi verður opnuð á fyrstu hæð Grófarhúss í Tryggvagötu 15, þar sem Ljósmyndasafn Reykjavíkur er til húsa.

### ■ ■ SKEMMTANIR

☐ Hljómsveitin **Sex volt** skemmtir í Pakkhúsinu, Selfossi.

☐ Dúettinn **Acoustics** skemmtir á Ara í Ögri.

☐ **Liz Gammon** spilar og skemmtir gestum á Café Romance.

☐ **Spilafíklarnir** skemmta á Classic Rock í Ármúla.

☐ Hljómsveitin **Norðurbandalagið** spilar í Vélsmiðjunni á Akureyri.

☐ Sveiflukóngurinn **Geirmundur** skemmtir ásamt hljómsveit sinni á Kringlukránni.

☐ Dj **Maggi** snúðast á Gauknum á efri hæðinni, en gestasnúður sér um stemmninguna á neðri hæðinni.

☐ **Svörtu Zapparnir** framreiða fullorðins rokk fyrir Suðurnesjamenn á Paddy's í Keflavík.

☐ Snúðarnir **Svali** og **Þröstur 3000** verða við stjórnvölinn í búrinu á Sólon með ferskustu dansmúsikina.

☐ Stuðsveitin **Sólon** leikur fyrir dansi í Klúbbnum við Gullinbrú.

### ■ ■ FYRIRLESTRAR

☐ 15.00 **Óttar Rolfsson** flytur meistaraprófsfyrirlestur á málstofu efnafræðiskorar raunvísindadeildar Háskóla Íslands um „Efnasmíði og lífvirkni fjölsetinna bícycló[3.3.1]nónan afleiða".

### ■ ■ FÉLAGSLÍF

☐ 21.30 Línudansæfing er í salnum á 3. hæð í Hamraborg 7. Línudansarinn.

### ■ ■ OPIÐ HÚS

☐ 20.00 Lykill að íslensku samfélagi, **Barbara Jean Kristvinsson**kynnir Upplýsingahandbók Alþjóðahúss á opnu húsi í Alþjóðahúsinu við Hverfisgötu.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


VODKAKÚRINN
Helga Braga Steinn Ármann
AUSTURBÆR
Fös.14/01 2005 kl: 20.00 Sæti laus
Fös. 21/01 2005 kl: 20:00 Sæti laus
Pantanir í síma 551 4700
miðasala opin 14 - 18 virkadaga
www.vodkakurinn.is og www.midi.is

Frumsýning 11. febrúar kl. 20 – UPPSELT
TOSCA
Frumsýning 11. feb. kl.20.00 – UPPSELT – 2. sýning 13.feb. kl. 19.00
3. sýning 18.feb. kl 20.00 – 4. sýning 20. feb. kl. 19.00 – FÁAR SÝNINGAR
Námskeið um Toscu og Puccini hjá Endurmenntun Háskóla Íslands
Skráning í síma: 525 4444 – endurmenntun@hi.is
Miðasala á netinu: www. opera.is
www.opera.is | midasala@opera.is | Sími miðasölu: 511 4200
Landsbankinn Banki allra landsmanna
ÍSLENSKA ÓPERAN
Miðasalan er opin kl. 14–18 virka daga, kl. 13–18 lau. og sun. og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10–18 virka daga.

TENÓRINN
fös. 4. feb. kl. 20.00
sun. 13. feb. kl. 20.00
sun. 20. feb. kl. 20.00
Sýningum fer fækkandi

FAÐIR VOR
fös. 21. jan kl. 20.00
lau. 29. jan. kl. 20.00
Sýningum fer fækkandi

IÐNÓ
Miðasala í síma 562 9700
www.idno.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
BÖNDIN Á MILLI OKKAR
FRÁBÆR LEIKUR!
■ Stóra sviðið kl. 20.00
ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA - Hallgrímur Helgason Leikgerð: Baltasar Kormákur
Í kvöld fös. 14/1 örfá sæti laus, fim. 20/1 nokkur sæti laus, lau. 29/1 örfá sæti laus. Aðeins þessar þrjár sýningar eftir.
EDITH PIAF - Sigurður Pálsson
Lau. 15/1 uppselt, sun. 16/1 örfá sæti laus, lau. 22/1 uppselt, sun. 23/1 örfá sæti laus, fös. 4/2 örfá sæti laus, sun. 13/2 nokkur sæti laus, lau. 19/2 nokkur sæti laus.
DÝRIN Í HÁLSASKÓGI - Thorbjörn Egner
Sun. 16/1 kl.14:00 örfá sæti laus, sun. 23/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 30/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus. Fáar sýningar eftir.
ÖXIN OG JÖRÐIN - Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.
6. sýn. fös. 21/1 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 28/1 örfá sæti laus, 8. sýn. lau. 5/2 nokkur sæti laus, 9. sýn. lau. 12/2 nokkur sæti laus.
■ Smíðaverkstæðið kl. 20.00
NÍTJÁNHUNDRUÐ - Kaffileikhús - Alessandro Barrico
Lau. 15/1 uppselt, lau. 22/1 nokkur sæti laus.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!
■ Litla sviðið kl. 20.00
BÖNDIN Á MILLI OKKAR - Kristján Þórður Hrafnsson
Í kvöld fös. 14/1 nokkur sæti laus, fim. 20/1 örfá sæti laus, fim. 27/1, lau. 29/1.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!
Miðasölusími: 551 1200 Netfang: midasala@leikhusid.is Veffang: www.leikhusid.is
Opið kl. 13:00-18:00 mán.-þri. Aðra daga kl. 13:00-20:00. Símapantanir frá kl. 10:00 virka daga.
Þjóðleikhúsið sími 551-1200

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík
STÓRA SVIÐ
HÍBÝLI VINDANNA
leikgerð Bjarna Jónssonar á vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar
Lau 15/1 kl 20 - rauð kort - UPPSELT
Su 16/1 kl 20 - græn kort - UPPSELT
Fö 21/1 kl 20 - blá kort - UPPSELT
Lau 22/1 kl 20 - UPPSELT
Fim 27/1 kl 20 - Aukasýning
Lau 29/1 kl 20 - UPPSELT, Su 30/1 kl 20
Fi 3/2 kl 20 - UPPSELT
Lau 5/2 kl. 20, Sun 6/2 kl 20
Fö 11/2 kl 20, Lau 12/2 kl 20
HÉRI HÉRASON
e. Coline Serreau
í kvöld kl 20, Su 23/1 kl 20, Fö 28/1 kl 20
LÍNA LANGSOKKUR
e. Astrid Lindgren
Su 16/1 kl 14, Su 23/1 kl 14, Su 30/1 kl 14, Su 6/2 kl 14, Su 13/2 kl 14 Síðustu sýningar
ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN
Fjölskyldusýning
THE MATCH, ÆFING Í PARADÍS, BOLTI
Lau, 15/1 kl 14, Lau 22/1 kl 14
NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ
BELGÍSKA KONGÓ
e. Braga Ólafsson
Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki
Í kvöld kl 20 - UPPSELT, Su 16/1 kl 20 - UPPSELT
Fi 20/1 kl 20, Su 23/1 kl 20, Su 30/1 kl 20,
Lau 5/2 kl 20 - UPPSELT
Sýningum lýkur í febrúar
AUSA eftir Lee Hall og
STÓLARNIR eftir Ionesco
Í samstarfi við LA
Lau 15/1 kl 20
Síðasta sýning á Stólunum
SVIK
eftir Harold Pinter
Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA
Í kvöld kl 20, Fi 20/1 kl 20, Fö 4/2 kl 20
SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR
eftir Agnar Jón Egilsson
Í samstarfi við TÓBÍAS
Frumsýning Su 16/1 kl 20 - UPPSELT
Lau 22/1 kl 20, Fi 27/1 kl 20, Su 30/1 kl 20
ATH: Bönnuð yngri en 12 ára
Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna
LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA
- UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI -
Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið
- kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKIÐ Í TÍMA
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga,
10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudaga
Miðasölusími 568 8000
midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is

KRINGLUKRÁIN UM HELGINA

• Fjölbreyttur sérréttamatseðill öll kvöld vikunnar
• Tilboðsmatseðill fyrir Leikhúsgesti
• Hópamatseðill
• Sérsalur fyrir hópa
Borðapantanir í síma 568-0878
PIZZERIA BAR & GRILL
Geirmundur Valtýsson um helgina
www.kringlukrain.is
Restaurant KRINGLUKRÁIN – á góðri stund í mat og drykk

BROADWAY
Veislusalir fyrir öll tilefni
www.broadway.is
Sími: 533-1100
Rokkveisla 2005

Átthagakvöld austfirðinga
"Glímt við Þjóðveginn"
Í kvöld 14. janúar
Hljómsveitin Draumadrengir

GERÐUBERG
ROSEMARIE TROCKEL

Verið velkomin á opnun laugardaginn 15. janúar kl. 14:00
Gudrun Inboden sýningarstjóri verður með leiðsögn á opnun kl. 15:00
Samstarf við Goethe-Zentrum, Þýska sendiráðið og Listaháskóla Íslands
Sýning Guðríðar B. Helgadóttur í Boganum
Síðasta sýningarhelgi.
Sýningar eru opnar virka daga kl. 11-19 og kl. 13-16 um helgar.
www.gerduberg.is

Office1Superstore

# Janúartilboð

Það er bara einn sem er alltaf ódýrastur!

**Aðeins 1 kr.**

Hámark 48 pennar á mann!



## Kúlupennar

**Frábærir Uni Ball Fusion kúlupennar**

UNI Ball Fusion pennarnir eru ný og frábær hönnun. Penninn er úr glæru plasti og blekið í honum er líka glært. Þetta er vatnsblek sem tekur lit þegar skrifað er. 0,6 oddur úr stáli og carbide kúla gera það að verkum að sérlega gott er að skrifa með pennanum. Fáanlegir í nokkrum litum.

Vörunúmer: 920UB160...

**99% AFSLÁTTUR!**

**1,- pr. stk.**

**Verð áður 195,-**



## Bleksprautuprentari

**HP Photosmart 7450**

Hraði (bls mín) 18 svart, 12 í lit

Kortalesari

Vörunúmer: Q3409A

**9.990,-**

**Verð áður 14.990,-**

**5.000 VERÐLÆKKUN!**





Ótrúlegt úrval af duft- og blekhylkjum!

**Allt að 40% afsláttur**

## Áherslupennar

**Gulur, appelsínugulur, bleikur, rauður, blár og grænn.**

Vörunúmer: AN11051...



**10 saman í kassa!**

**59,- pr. stk.**

**Verð áður 95,-**

ÓDÝRT

**5 pakkar í kassa!**

## Ljósritunarpappír

**A4 - 500 blöð í pakka 80 gr.**

Pappír sem tæknimennirnir mæla hiklaust með.

Vörrunúmer: 1601007010-OFF

| 1 pakki | 1 kassi |
|---|---|
| 299,-* | 1.495,- |

* ef þú kaupir 1 kassa

## Minnismiðar

Stærð 75x125

með límrönd

Vörun.: 1702001000030-OFF



**49,-**

**Verð áður 99,-**

ÓDÝRT

Vörulisti Office 1 2005 er kominn út



Fleiri en 400 verslanir í 24 löndum!

Office1Superstore -um víða veröld!

Pantanir 550 4111

Fax 550 4101

www.office1.is

pontun@office1.is

**Office1Superstore**

Skeifan 11-16 laugardaga • Akureyri 11-16 laugardaga • Egilsstaðir 11-16 laugardaga • Smáralind 11-18 laugardag og 13-18 sunnudaga

Tilboðin gilda út janúar 2005 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndabrengl og prentvillur.










# Með sjarmann að vopni

[ KVIKMYNDIR ]

UMFJÖLLUN

Líf piparsveinsins getur bæði verið sætt og súrt. Þegar sjarminn er til staðar leikur lífið við hann en þegar tilfinningar fara að blandast í spilið getur það orðið óbærilegt.

Þetta er að nokkru leyti boðskapur myndarinnar Alfie, með Jude Law í aðalhlutverki. Myndin er endurgerð samnefndrar myndar frá árinu 1966 þar sem sjálfur Michael Caine fór með hlutverk Alfies.

Alfie er hinn eini sanni kvennamaður. Er konum ómótstæðilegur en forðast það eins og heitan eldinn að bindast þeim tilfinningalegum böndum. Alfie starfar, ásamt besta vini sínum, sem glæsikerrubílstjóri og á sér þann draum heitastan að yfirtaka fyrirtækið sem hann starfar hjá. Lífið virðist leika við hann þar til hann þarf allt í einu að takast á við glundroðann sem hann hefur skapað með kvennafari sínu.

Jude Law gerir vel sem kvennabósinn Alfie. Hvers manns hugljúfi, fyndinn en einfaldur. Law á nokkuð góða spretti þar sem hann kennir áhorfendum helstu trix bósans. Susan Sarandon gerir einnig vel í hlutverki sínu sem hin miðaldra hjásvæfa sem vefur karlmönnum um fingur sér. Aðrir leikarar ná því miður ekki eins vel til áhorfenda. Líklega er þar um að kenna persónusköpun myndarinnar, sem er ekki nógu góð. Samkenndin sem áhorfendur eiga að fá með hjásvæfum Alfies sem og með honum sjálfum næst því miður ekki nema að hluta til og fyrir vikið verður myndin bitlausari en ella.

Fyrri myndin, með Michael Caine í aðalhlutverki, þótti nokkuð góð. Alfie endurgerður er hins vegar ekki meira en miðlungsmynd. Jude Law á nokkuð góða spretti og heldur myndinni að mörgu leyti uppi með sjarmann að vopni. ■



**ALFIE**

**Leikstjóri**: CHARLES SHYER
**Aðalhlutverk**: JUDE LAW, MARISA TOMEI, JANE KRAKOWSKI, SUSAN SARANDON, OMAR EPPS

**NIÐURSTAÐA:** Alfie endurgerður er hins vegar ekki meira en miðlungsmynd. Jude Law á nokkuð góða spretti og heldur myndinni að mörgu leyti uppi með sjarmann að vopni.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikkonan **Halle Berry** hefur játað að árið 2004 hafi verið ansi stormasamt og erfitt fyrir hana. Hún skildi við mann sinn **Eric Benet**, lagði fram nálgunarbann á Greg Boussard sem ásótti hana og horfði á mynd sína Catwoman floppa í miðasölunni. Berry sagði í bréfi til aðdáenda sinna: „Eins og þið vitið var síðasta ár erfitt fyrir mig, takk fyrir að standa með mér og virða einkalíf mitt. Ég hef hins vegar lært í gegnum árin að dimmunni fylgir ljósið. Ég ætla að læra af síðasta ári. Það er allt hægt ef maður bara trúir."

Söngkonan **Kelis** og rapparinn **Nas** hafa nú gift sig í kyrrþey við látlausa athöfn í kirkju í Atlanta. Aðeins fjölskylda og nánir vinir voru við athöfnina. „Það skipti þau miklu máli að halda pressunni í burtu. Þau vildu að dagurinn yrði bara fyrir þau," sagði Tony Ferguson útgefandi.



**allt** - sem þig vantar

- Smáauglýsingasíminn er 550 5000
- auglysingar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

















**MARTEINN OG RENFROE** Jeff Renfroe, til vinstri, og Marteinn Þórsson skrifuðu handritið af One Point O.

# Íslensk/amerískur tryllir

Íslensk/ameríski tryllirinn One Point O eftir leikstjórann Martein Þórsson verður frumsýndur á föstudaginn eftir viku í Háskólabíói. Marteinn skrifar einnig handritið ásamt félaga sínum Jeff Renfroe. Framleiðandi er Friðrik Þór Friðriksson.

Myndin, sem er sú fyrsta frá Marteini, hefur farið sigurgöngu um heiminn og var m.a. boðið á Sundance kvikmyndahátíðina í fyrra. Þar fékk hún afbragsviðtökur og var ásamt sextán öðrum sérvöldum myndum tilnefnd til aðalverðlaunanna, Grand Jury Prize.

Hún hefur einnig fengið lofsamlega dóma hjá gagnrýnendum, þ.á.m. í hinu virta tímariti Film Threat, sem gaf henni 3,5 stjörnur af 4 mögulegum og kallaði þá Martein og Jeff „næstu Wachowski-ana." Var þar vísað í bræðurna sem gerðu Matrix-myndirnar þrjár.

Myndin er vísindaleg spennusaga sem gerist í náinni framtíð og fjallar um mann sem notaður er í tilraunaskyni af stóru alþjóðlegu fyrirtæki. Hún skartar fjölda þekktra leikara í aðalhlutverkum og má þar helsta nefna Jeremy Sisto (Six Feet Under), Deborah Unger (The Game), Lance Henriksen (Alien-myndirnar) og Udo Kier (Dogville).

Viðhafnarforsýning verður haldin á myndinni 20. janúar kl. 20.30 að viðstöddum Marteini Þórssyni sem mun kynna afsprengi sitt. ■

■ **BÆKUR**

# Stóri glugginn kemur út

Þriðja bókin í bókaflokknum úr Bálki hrakfalla, eða Series of Unfortunate Events eftir höfundinn dularfulla Lemony Snicket, er væntanleg í lok mánaðarins. Nefnist hún Stóri glugginn en áður hafa bækurnar Illa byrjar það og Skriðdýrastofan komið hér út.

Kvikmyndin sem er gerð eftir bókunum þremur er svo frumsýnd í Reykjavík í dag en þar er Jim Carrey í hlutverki Ólafs greifa. Þykir hann túlka vel þennan gráðuga og ísmeygilega mann sem vill næla sér í arf munaðarlausra systkina. ■



**JIM CARREY** Jim Carrey fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni.




Greiðendur fasteignagjalda í Reykjavík

VISA-kreditkorthöfum stendur til boða að greiða fasteignagjöldin með boðgreiðslum, þ.e. sjálfvirkum færslum á VISA-kreditkort, og sleppa við heimsendan gíróseðil og seðilgjald.

**Áhugasamir hafi samband:** Með símtali: **560 0300, 560 0350, 563 2062**
Með tölvupósti: **tollstjori@tollstjori.is**
Með símbréfi: **562 5826**
Með bréfi: **Tollstjórinn í Reykjavík, afgreiðsludeild, Tryggvagötu 19, 150 Reykjavík**

**Athugið að þeir sem þegar greiða þessi gjöld með boðgreiðslum þurfa ekki að skrá sig aftur.**

**Auðveldasta leiðin til að safna Vildarpunktum er að setja föstu greiðslurnar á kortið**

• Skoðaðu punktastöðuna á www.vildarklubbur.is

VISA BOÐGREIÐSLUR
www.visa.is

## BÍÓRÁSIN

**6.00** Beefcake (B. börnum) **8.00** On the Line **10.00** Robin Hood Men in Tights **12.00** Monty Python's The Meaning Of Life **14.00** On the Line **16.00** Robin Hood Men in Tights **18.00** Monty Python's The Meaning Of Life **20.00** Conan the Destroyer (B. börnum) **22.00** Commando (Strangl. b.börnum) **0.00** Predator (Strangl. b. börnum) **2.00** Beefcake (B. börnum) **4.00** Commando (Strangl. b. börnum)

## AKSJÓN

**7.15** Korter **18.15** Korter **19.15** Korter **20.15** Korter **21.15** Korter **21.30** Bravó **22.15** Korter

## OMEGA

**16.00** Blandað efni **18.00** Joyce Meyer **19.30** Samverustund **20.30** Maríusystur **21.00** Um trúna og tilveruna Friðrik Schram (e)**21.30** Joyce Meyer **22.00** Í leit að vegi Drottins **22.30** Joyce Meyer **23.00** Fréttir frá CBN **0.00** Kvöldljós með Ragnari Gunnarssyni (e) **1.00** Nætursjónvarp Blönduð innlend og erlend dagskrá

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **7.40** Meiri músík **17.00** Jing Jang **17.40** 17 7 (e) **19.00** Sjáðu (e) **20.00** Popworld 2004 (e) **22.00** Idol 2 extra – live **22.30** Fréttir **22.33** Jing Jang **23.10** The Man Show **23.35** Meiri músík

# VIÐ TÆKIÐ

## Litprentaðir plastpokar og fiskiflök

**LILJA KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** SYRGIR TVÍHÖFÐANN SINN.

Í dag er ég í svörtu því ég syrgi. Ég syrgi uppáhaldsútvarpsþáttinn minn og það sem meira er – uppáhaldsútvarpsstöðina mína. Tvíhöfði er farinn. Og X-ið líka. Ég hef hlustað á Tvíhöfða síðan ég var lítil telpa og þeir gerðu allt vitlaust á Aðalstöðinni. Gáfu litaprentaða plastpoka og fiskiflök í verðlaun. Það voru góðir tímar. Gott mótvægi við Þjóðarsálina heitina. Meira að segja mamma fílaði þá. Jón Gnarr hefur farið og komið. Sigurjón staðið einn og staðið undir því. En Tvíhöfði hefur aldrei verið betri en sína síðustu daga, eftir endurkomu Jóns Gnarrs, en hann mætti afar ferskur til leiks. Ég vil minnast þeirra félaga og biðja alla um að gera slíkt hið sama. Rifja upp allt það sniðuga sem þeir hafa gert til að reyna að skera sig úr og skemmta fólki. Moustafa-málið, tónlistarumfjöllun Jóns Gnarr, kosningaáróður og framhaldsþættirnir Sjálfstætt fólk. Blessuð sé minning þeirra. Mér finnst samt eins og ég hafi verið svikinn með því að taka X-ið af mér. Hvað á ég nú að hlusta á? Ég gat alltaf leitað til X-ins og nú allt í einu stend ég uppi allslaus. Eins og þegar mann dreymir um að maður mæti nakinn í vinnuna. Hræðilegt! Og Skonrokk var meira að segja tekin líka. Hún hefði getað verið reboundútvarpsstöðin mín. Nú er Rás 2 eina stöðin í minninu. Eina stöðin sem eitthvert vit er í. Annars væri best fyrir mig að slökkva endanlega á íslensku útvarpi því ég finn afar sjaldan eitthvað spennandi í því eða útvarpsmenn sem eitthvað vit er í. Af hverju í ósköpunum er ekki útvarpsmannaskóli? ■



Enginn meiri Tvíhöfði. Ég fer næstum því að skæla við tilhugsunina.








**20.10** *Bíó*

Disneymyndin – Jumping Ship. Hér segir frá frændum sem lenda á eyðieyju eftir æsispennandi eltingarleik við sjóræningja.



**20.30** *Söngur*

Idol-Stjörnuleit. Nú er komið að úrslitum í Vetrargarðinum í Smáralind en einn keppandi dettur út í kvöld.



**20:00** *Met*

Guinness World Records. Þátturinn er byggður á heimsmetabók Guinness þar sem fullt af fólki mætir til að slá hin ýmsu met.

## SJÓNVARPIÐ

**16.35** Óp **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Arthur

**18.30** **Heimaskólinn (1:8)** (The O'Keefes) Bandarísk gamanþáttaröð um O'Keefe-fjölskylduna en á þeim bæ er börnunum kennt heima í stað þess að senda þau í skóla.

**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**

**19.35** **Kastljósið**

▶ **20.10** **Disneymyndin – Skipreika á eyðiey** (Jumping Ship) Bandarísk ævintýramynd frá 2001 um tvo stráka sem lenda á eyðieyju eftir æsispennandi eltingarleik við sjóræningja. Leikstjóri er Michael Lange og meðal leikenda eru Joseph Lawrence, Matthew Lawrence og Andrew Lawrence.

**21.40** **Þagnarmúr** (Wall Of Silence) Bresk sjónvarpsmynd frá 2004 um hrottalegt morð á unglingi við illræmda bæjarblokk í Suður-London og leit lögreglunnar að ódæðismönnunum. Leikstjóri er Christopher Menaul og meðal leikenda eru James Nesbitt, Philip Davis og Michael Colgan. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**23.20** Marnie **1.25** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.00** Neighbours **12.25** Í fínu formi **12.40** Jag (e) **13.25** 60 Minutes II (e) **14.20** Curb Your Enthusiasm (e) **14.50** Curb Your Enthusiasm (e) **15.25** Tónlist **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.30** Simpsons **17.53** Neighbours

**18.18** Ísland í dag

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**

**19.00** **Ísland í dag**

**19.35** **Simpsons**

**20.00** **The Simpsons 15 (16:22)** (Simpsons fjölskyldan)

▶ **20.30** **Idol Stjörnuleit** (14. þáttur. 10 í beinni frá Smáralind) Velkomin í úrslit en nú eru tíu söngvarar í hópnum. Örlög keppenda eru í þínum höndum en úrslitin ráðast í SMS- og símakosningu. Þátturinn er í beinni útsendingu frá Vetrargarðinum í Smáralind.

**22.00** **Punk'd 2** (Negldur) Falin myndavél þar sem hjartaknúsarinn og leikarinn Ashton Kutcher hrekkir fína og fræga fólkið í Hollywood.

**22.30** **Idol Stjörnuleit** (Atkvæðagreiðsla. 9 eftir)

**22.55** **The Sketch Show** (Sketsaþátturinn) Breskur gamanþáttur. Húmorinn er dálítið í anda Monty Python og Not the Nine O'Clock News en ýmsir valinkunnir grínarar stíga á stokk.

**23.20** Three Strikes (Bönnuð börnum) **0.45** Velvet Goldmine (Stranglega bönnuð börnum) **2.45** Pola X (Stranglega bönnuð börnum) **5.00** Fréttir og Ísland í dag **6.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**18.00** Upphitun

**18.30** **Blow Out – NÝTT! (e)** Framleiðendur The Restaurant hafa sent frá sér nýjan veruleikaþátt; Blow Out. Hárgreiðslumaðurinn Jonathan Antin fær 3 vikur til að opna glæsilega hárgreiðslustofu í Beverly Hills.

**19.30** **Still Standing (e)** Miller-fjölskyldan veit sem er að rokkið blífur, líka á börnin.

▶ **20.00** **Guinness World Records**

**21.00** **Law & Order** Dómari einn þykir óvægur. Reynt er að myrða hann. Briscoe og Green rannsaka málið.

**21.50** **Shadow Conspiracy** Spennumynd frá 1997 um Bobby Bishop sem er sérlegur aðstoðarmaður forseta Bandaríkjanna. Fyrir tilviljun hittir hann vin sinn sem segir honum frá samsæri í Hvíta húsinu og strax í kjölfarið er hann drepinn. Bishop er nú í bráðri lífshættu því hann er sá eini sem veit um samsærið.

**23.30** CSI: Miami (e) **0.15** Law & Order: SVU (e) **1.00** Jay Leno (e) **1.45** Óstöðvandi tónlist

## ERLENDAR STÖÐVAR

### SKY NEWS

**10.00** SKY News Today **13.00** News on the Hour **17.00** Live at Five **19.00** News on the Hour **19.30** SKY News **20.00** News on the Hour **21.00** Nine O'clock News **21.30** SKY News **22.00** SKY News at Ten **22.30** SKY News **23.00** News on the Hour **0.30** CBS News **1.00** News on the Hour **5.30** CBS News

### CNN

**8.00** Business International **9.00** Larry King **10.00** World News **10.30** World Sport **11.00** Business International **12.00** World News Asia **13.00** World News **13.30** World Report **14.00** World News Asia **15.00** World News **15.30** World Sport **16.00** Your World Today **19.30** World Business Today **20.00** World News Europe **20.30** World Business Today **21.00** World News Europe **21.30** World Sport **22.00** Business International **23.00** World News **23.30** World Sport **0.00** World News **0.30** The Daily Show With Jon Stewart: Global Edition **1.00** World News **1.30** International Correspondents **2.00** Larry King Live **3.00** Newsnight with Aaron Brown **4.00** Diplomatic License **4.30** World Report

### EUROSPORT

**7.30** Rally: Rally Raid Dakar **8.00** Xtreme Sports: Yoz Mag **8.30** Alpine Skiing: World Cup Wengen Switzerland **9.30** Alpine Skiing: World Cup Cortina d'ampezzo Italy **11.00** Biathlon: World Cup Ruhpolding Germany **12.00** Alpine Skiing: World Cup Wengen Switzerland **13.15** Biathlon: World Cup Ruhpolding Germany **14.45** Ski Jumping: World Cup Kulm / Bad Mitterndorf **16.00** Tennis: WTA Tournament Sydney Australia **17.00** Football: Top 24 Clubs **17.30** Biathlon: World Cup Ruhpolding Germany **19.00** Football: EFES Pilsen Cup **21.00** Football: Top 24 Clubs **21.30** Rally: Rally Raid Dakar **22.15** Xtreme Sports: Yoz Xtreme **22.45** News: Eurosportnews Report **23.00** Ski Jumping: World Cup Kulm / Bad Mitterndorf **0.00** Rally: Rally Raid Dakar

### BBC PRIME

**7.00** Zingalong **7.15** Tikkabilla **7.35** Stitch Up **8.00** Small Town Gardens **8.30** Ready Steady Cook **9.15** Big Strong Boys **9.45** Trading Up **10.15** Bargain Hunt **10.45** The Weakest Link Special **11.30** Diet Trials **12.00** EastEnders **12.30** Antiques Roadshow **13.00** Alien Empire **13.30** Teletubbies **13.55** Tweenies **14.15** Bits & Bobs **14.30** Zingalong **14.45** Tikkabilla **15.05** Stitch Up **15.30** The Weakest Link Special **16.15** Big Strong Boys **16.45** Bargain Hunt **17.15** Ready Steady Cook **18.00** The Best **18.30** Two Thousand Acres of Sky **19.30** Mastermind **20.00** Lenny Henry in Pieces **20.30** I'm Alan Partridge **21.00** Liar **21.30** Top of the Pops **22.00** Parkinson **23.00** Clocking Off **0.00** Landscape Mysteries **0.30** Castles of Horror **1.00** American Visions **2.00** Japanese Language and People **2.30** Spain on a Plate **3.00** The Money Programme **3.30** The Money Programme **4.00** English Zone **4.30** Teen English Zone

### NATIONAL GEOGRAPHIC

**16.00** Living With Lions **17.00** Battlefront: Battle of Midway **17.30** Battlefront: Pearl Harbor **18.00** Explorations: Survival – Beyond Evolution **19.00** Totally Wild **19.30** Monkey Business **20.00** Living With Lions **21.00** Killer Leopards **22.00** Maneater: Killer Tigers of India **23.00** Tomasz Tomaszewski **0.00** Killer Leopards **1.00** Maneater: Killer Tigers of India

### ANIMAL PLANET

**16.00** The Planet's Funniest Animals **16.30** Amazing Animal Videos **17.00** Growing Up... **18.00** Monkey Business **18.30** Big Cat Diary **19.00** Animal Precinct **20.00** K9 Boot Camp **21.00** Emergency Vets **21.30** Hi-Tech Vets **22.00** Wild Africa **23.00** Pet Rescue **23.30** Breed all About It **0.00** Vets in Practice **0.30** Emergency Vets **1.00** Animal Precinct **2.00** K9 Boot Camp **3.00** Emergency Vets **3.30** Hi-Tech Vets **4.00** The Planet's Funniest Animals **4.30** Amazing Animal Videos

### DISCOVERY

**16.00** Hooked on Fishing **16.30** Rex Hunt Fishing Adventures **17.00** Unsolved History **18.00** Wheeler Dealers **18.30** A Racing Car is Born **19.00** Mythbusters **20.00** Beyond Tough **21.00** American Casino **22.00** Bronx – Crime & Justice **23.00** Forensic Detectives **0.00** Medical Detectives **0.30** Medical Detectives **1.00** Gladiators of World War II **2.00** Rex Hunt Fishing Adventures **2.30** Mystery Hunters **3.00** Walking With Dinosaurs **4.00** Dinosaur Planet

### MTV

**9.00** Top 10 at Ten **10.00** Just See MTV **12.00** MTV Jammed **12.30** Linkin Park VS Jay Z **13.00** On Tour – Green Day & New Found Glory **13.30** Making the Video **14.00** MTV Jammed **14.30** Making the Video **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** Dance Floor Chart **19.00** Punk'd **19.30** Viva La Bam **20.00** Wild Boyz **20.30** Jackass **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Partyzone **0.00** Just See MTV

### VH1

**9.00** Then & Now **9.30** VH1 Classic **10.00** Beatles Covers Top 10 **11.00** Smells Like the 90s **11.30** So 80's **12.00** VH1 Hits **16.00** So 80's **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90s **19.00** VH1 Classic **19.30** MTV at the Movies **20.00** 2004 Remembered **21.00** Lenny Kravitz MTV Live **21.30** Exit **22.00** Friday

### CARTOON NETWORK

**7.30** Ed's 60 **8.20** Codename: Kids Next Door **8.45** The Grim Adventures of Billy & Mandy **9.10** The Powerpuff Girls **9.35** Spaced Out **10.00** Dexter's Laboratory **10.25** Courage the Cowardly Dog **10.50** Time Squad **11.15** Sheep in the Big City **11.40** Evil Con Carne **12.05** Top Cat **12.30** Looney Tunes **12.55** Tom and Jerry **13.20** The Flintstones **13.45** Scooby-Doo **14.10** Ed, Edd n Eddy **14.35** The Powerpuff Girls

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

### BLOW OUT

*Skjár einn* **kl. 20.00**

### *Raunveruleiki á hárgreiðslustofu*

Nú hafa framleiðendur þáttanna The Restaurant sent frá sér nýjan veruleikaþátt sem ber nafnið Blow Out. Þar er fylgst með Jonathan Antin, frægum hárgreiðslumanni, sem vill stofna mjög flotta tísku hárgreiðslustofu í Beverly Hills. Antin hefur lengi langað að verða stílisti og lærði í fegrunarskóla Fairfax. Antin er myndarlegur, sjarmerandi og með púlsinn á tískunni þannig að hann hefur ekki verið í vandræðum að finna vinnu. Antin eyðir öllu sparifénu í nýju hárgreiðslustofuna sem gæti farið með hann eða bjargað honum. Hann fær í lið með sér nokkra unga og flotta stílista, litunarfræðinga og förðunarfræðinga.

Áhorfendur fá því að lifa lífi Antins í gegnum myndavélina og upplifa vonbrigði, gleði og reiði heima í stofu.

*Antin ákvað að vera hárgreiðslumaður eftir myndina Shampoo.*



Antin er afskaplega flinkur í öllu sem viðkemur hári.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Laugh and the world laughs with you. Weep and you weep alone."**

**Svar:** Dae-su Oh úr kvikmyndinni Oldboy frá árinu 2003.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.00** Fréttir **7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir **12.50** Auðlind **13.05** Púlsinn á föstudegi **14.03** Útvarpssagan, Blindingsleikur **14.30** Miðdegistónar **15.03** Útrás **16.13** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn **19.00** Lög unga fólksins **19.30** Útrás **20.30** Kvöldtónar **21.00** Tónaljóð **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Norrænt

**23.00** Kvöldgestir

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljósið **20.00** Gettu betur **22.10** Næturvaktin

**2.03** Næturtónar **6.05** Morguntónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Rúnar Róbertsson

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** Ólafur Hannibalsson. **10.03** Arnþrúður Karlsdóttir - símatími. **11.03** Arnþrúður Karlsdóttir.

**13.00** Íþróttafréttir **13.05** Endurflutt frá 9-10 **14.03** Gústaf Níelsson **15.03** Þorgrímur Gestsson **16.03** Viðskipti vikunnar í umsjón blaðamanna viðskiptablaðsins **17.05** Íþróttaþátturinn (Helga Magg) **18.00** Optional **20.00** Endurflutningur dagsins



**01.00** *Íþróttir*

**NBA. Í kvöld mætast San Antonio Spurs og Dallas Mavericks vestan hafs en viðureignin er í beinni útsendingu.**

## SÝN

**16.30** Prófíll **17.00** Jing Jang **17.45** Olíssport **18.15** David Letterman

**19.00** **Gillette-sportpakkinn**

**19.30** **Motorworld** Kraftmikill þáttur um allt það nýjasta í heimi akstursíþrótta. Rallíbílar, kappakstursbílar, vélhjól og ótal margt fleira.

**20.00** **World Supercross** (Angel Stadium of Anaheim) Nýjustu fréttir frá heimsmeistaramótinu í Supercrossi. Supercross er íþróttagrein sem nýtur sívaxandi vinsælda enda sýna menn svakaleg tilþrif.

**21.00** **World Series of Poker** (HM í póker) Slyngustu fjárhættuspilarar veraldar mæta til leiks á HM í póker en hægt er að fylgjast með frammistöðu þeirra við spilaborðið í hverri viku á Sýn. Póker á sér merka sögu en til eru ýmis afbrigði spilsins. Á seinni árum hefur HM í póker átt miklum vinsældum að fagna og kemur margt til. Ekki síst veglegt verðlaunafé sem freistar margra.

**22.30** **David Letterman** Það er bara einn David Letterman.

**23.15 How to Kill Your Neighbor's D**

**1.00** NBA. Bein útsending frá leik San Antonio Spurs og Dallas Mavericks.

**15.00** Codename: Kids Next Door **15.25** Dexter's Laboratory **15.50** Samurai Jack **16.15** Courage the Cowardly Dog **16.40** The Grim Adventures of Billy & Mandy **17.05** Scooby-Doo **17.30** Looney Tunes **17.55** Tom and Jerry **18.20** The Flintstones **18.45** Wacky Races

### FOX KIDS

**7.15** Magic School Bus **7.40** Tiny Planets **7.50** Little Wizards **8.15** Three Little Ghosts **8.45** Sylvanian Families **9.10** Happy Ness **9.35** Bad Dog **9.50** Three Friends and Jerry I **10.05** Dennis **10.30** Life With Louie **10.55** Inspector Gadget **11.20** Gadget and Gadgetinis **11.45** Black Hole High **12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

### MGM

**7.05** Smile **8.55** Electra Glide in Blue **10.45** The Facts of Life **12.30** He's My Girl **14.15** Return from the Ashes **16.00** The Killer Elite **18.00** Hard Choices **19.30** Submarine X – 1 **21.00** After Midnight **22.35** Run Silent, Run Deep **0.10** Killer Klowns from Outer Space **1.35** The Kentuckian **3.20** Silence of the Heart

### TCM

**20.00** Shaft **21.45** Coma **23.40** Dark of the Sun **1.20** Children of the Damned **2.50** The Adventures of Huckleberry Finn **4.30** Lion Power

### HALLMARK

**8.00** A Place For Annie **9.45** The Legend of Sleepy Hollow **11.15** Early Edition **12.00** Teen Knight **13.45** A Time To Remember **15.15** A Place For Annie **17.00** The Legend of Sleepy Hollow **18.30** Early Edition **19.30** Law & Order III **20.30** Who Killed Atlanta's Children? **22.15** Free of Eden


*Gildir aðeins á föstudag og laugardag*



TILBOÐSVERÐ
**kr. 29.900,-**
Listaverð: 34.900,-

***17" TFT flatskjár***
729A-LCD
17" skjáflötur
1280 x 1024 upplausn
Birta 400 cd/m²
Skerpa 450:1
16ms viðbragðstími
HD15 (VGA) tengi
2 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum

*Gildir aðeins á föstudag og laugardag*



TILBOÐSVERÐ
**kr. 19.900,-**
Listaverð: 29.900,-

***15" TFT P15 flatskjár***
S26361-K902-V150
15" skjáflötur
1024 x 768 upplausn
Birta 300 CD/M²
Skerpa 450:1
25ms viðbragðstími
VGA og DVI tengi
Pivot - Hægt að snúa í "landscape" og "portrait"
Hæðarstillanlegur
Innbyggðir hátalarar
3 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum

*Gildir aðeins á föstudag og laugardag*



TILBOÐSVERÐ
**kr. 14.900,-**
Listaverð: 17.900,-

***Utanáliggjandi harður diskur***
160GB 7200RPM 2MB USB 2.0
300700EK
Hi-Speed USB 2.0 (USB 1.1 samhæft)
7200 rpm
Sóknartími <11 ms
2MB flýtiminni
900g - Win og Mac samhæfður

**Opið laugardag frá 11 - 16**

# Gerðu góð kaup

## *Frábær tilboð í dag og á morgun í Skeifunni 17*

***Öflug heimilisvél***



TILBOÐSVERÐ
**kr. 84.900,-**

***Kaupauki á föstudag og laugardag: Sweex 256MB MP3 spilari Verðmæti: 10.000,- kr.***

***Fujitsu-Siemens SCALEO P Cel-D330 2.66 GHz***

Vörunúmer: LKN:DAN-889210-008
Intel i865G kubbasett
Intel® Celeron® D 330 2.66 GHz
Front Side Bus 533 MHz, 256 KB
512MB DDR minni (Mest 3GB)
160GB 7200sn. diskur
ATI RADEON 9200 SE 128MB TV-Out
DVD ± R/RW Dual Layer skrifari
DVD-ROM, tvö aðskilin drif
MediaBay kortalesari
10/100 netkort, 56K mótald
AGP, 3x PCI, 2 minnisraufar (1 laus)
6x USB 2.0 (2 að framan), Firewire
Parallel, Serial, PS/2
6 rása hljóðstýring, Line in/out, Mic, SP/DIF
Nettir hátalarar
Íslenskt lyklaborð og geislamús
Windows XP Home SP2
Microsoft Works Suite 2004
Photoshop Elements og Album, WinDVD
Norman Antivirus, Nero Express 6
2 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum

***Frábær fyrir heimilið og í skólann***



TILBOÐSVERÐ
**kr. 109.900,-**

***Kaupauki á föstudag og laugardag: Sweex 256MB MP3 spilari Verðmæti: 10.000,- kr.***

***Fujitsu-Siemens AMILO Pro V2000 C 1.5 GHz***

Vörunúmer: FAP:DAN-148251-002
Intel® Centrino™ mobile tækni
Intel® Celeron® M processor 340 1.5 GHz
Front Side Bus 400 MHz, 512KB
512MB DDR minni (Mest 2048MB)
40GB S.M.A.R.T. drif
15" TFT XGA
Intel® Extreme Graphics 2 skjástýring
24x CD-RW / 8x DVD-ROM sambyggt drif
10/100 Ethernet og V.92 mótald
VGA, TV-OUT, Parallel, InfraRed, kortalesari
i.LINK® (IEEE 1394), 3x USB 2.0, hljóð inn/út
PC Card Type II rauf, 2 minnisraufar
Cirrus Logic hljóðkerfi
Snertimús og margmiðlunarhnappar
326 x 270 x 34 mm, 2.9 kg
Lithium-ion, Allt að 3.0 klst.
Intel® PRO/Wireless 2200 b/g 54Mbps
Windows XP Pro
2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum
Nero 5.5 CD Creator

***Endursöluaðilar Tæknivals:***
***Stefna - Akureyri / Tölvuþjónusta Vesturlands - Borgarnesi***
***Netheimar - Ísafirði / Eyjatölvur - Vestm.eyjum***

**Tæknival**
ÞJÓNUSTA Í ÖÐRU VELDI

TÆKNIVAL SKEIFUNNI 17 108 REYKJAVÍK SÍMI 550 4010 FAX 550 4001 WWW.TAEKNIVAL.IS SALA@TAEKNIVAL.IS

## HRÓSIÐ



*...fær tónlistarmaðurinn Mugison eða Örn Elías Guðmundsson sem var valinn Vestfirðingur ársins af lesendum bb.is. Mugison kom, sá og sigraði með plötunni Mugimama (Is This Monkey Music?) sem kom út á síðasta ári.*

## INNI



**Vetrarsport:** Skellið ykkur á skíði eða snjóbretti í þessum yndislega snjó sem hylur landið. Það er fátt eins hressandi og að þeysa um fjöllin (í hlýjum fötum að sjálfsögðu), trítla svo niður í skála og fá sér heitt kakó og hlýja sér með rauðar kinnarnar. Fyrir þá sem ekki fíla fjöllin er hægt að draga fram skautana, snjóþoturnar eða bara gönguskóna.



**Gamli stíllinn** sem er svo vinsæll nú á dögum er ekki bara fyrir stelpurnar. André 3000 hefur lagt línurnar fyrir strákana með gamaldags og eilítið nördalegum stíl sínum. Hann vekur athygli hvert sem hann fer og er ótrúlega töff. Það er óskandi að nýja fatalínan hans nái hingað á Klakann!



**Frönsk kvikmyndahátíð** opnar í dag og er um að gera að skella sér á hana. Opnunarmyndin er A Very Long Engagement sem lofar mjög góðu. Hver vill ekki sjá fyrsta samstarfsverkefni Jean-Pierre Jeanuet og Audrey Tautou síðan sú yndislega Amélie var gerð??

## ÚTI



**Ponsjóin** eru alveg búin. Jú, það er kalt og jú, það er freistandi að henda yfir sig einhverju úr ull en ekki hafa það ponsjó. Þetta er alveg komið gott þetta ponsjóæði sem hefur verið í gangi. Hættiði þessum mexíkóastælum!



**Buffalóskór:** Það ætti nú ekki að þurfa að minnast á þetta en engu að síður sjást þessir árans skór á götunum ennþá. Svo kannski er nauðsynlegt að hamra þessu ofan í suma. Ef það væri hægt að sekta fyrir tískubrot þá væri stærsta sektin fyrir þann glæp að ganga í svona skóm. Þetta er hryllingur! Ekkert nema hryllingur svo ekki sé minnst á eftirlíkingarnar sem eru hálfu verri. Henda takk!



**Sjónvarpsgláp.** Það er ótrúlegt hvað sjónvarp getur sogið úr manni lífið. Ekkert nema orkuryksuga! Sigrist á þessum orkuþjófi, standið upp úr sófanum, gangið að skrímslinu og þrýstið á rauða hnappinn!! Eða notið fjarstýringuna, það er líka hægt. Farið svo út og stundið vetrarsport.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**Lárétt:**
**2** ólogið, **6** í rö, **8** hundasig, **9** líkamshluti, **11** tveir eins, **12** mælieining, **14** rangur vitnisburður, **16** tónn, **17** öfug röð, **18** skel, **20** grastotti, **21** sver.

**Lóðrétt:**
**1** drykkjar, **3** tveir eins, **4** trygg, **5** traust, **7** erfiðaði, **10** eins um r, **13** stríðni, **15** málmur, **17** tónverk, **19** sting.

**Lausn:**
**Lárétt: 2** satt, **6** ab, **8** arr, **9** bak, **11** úú, **12** skref, **14** skrök, **16** la, **17** tsr, **18** aða, **20** tó, **21** gild.

**Lóðrétt: 1** tabs, **3** aa, **4** trúföst, **5** trú, **7** baksaði, **10** krk, **13** ert, **15** króm, **16** lag, **19** al.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á bls. 8

1. Álfrún Örnólfsdóttir
2. 556 þúsund tonn
3. 11 prósent

## LEIÐRÉTTING

Í frétt af meintri heimsókn kvikmyndastjörnunnar Kate Winslet á skemmtistaðinn Rex, sem birtist í Fréttablaðinu 11. janúar síðastliðinn, var rangt haft eftir Sverri Rafnssyni, eiganda Rex, varðandi hegðan íslenskra kvenna í kringum heimsfræga gesti staðarins. Er beðist velvirðingar á orðalagi ummælanna.

**ELI ROTH:** PRÓFAÐI ÍSLENSKA LEIKARA FYRIR NÝJA HRYLLINGSMYND

# Auddi gæti farið í blóðbað

Bandaríski leikstjórinn Eli Roth skemmti sér á Íslandi yfir áramótin en notaði ferðina hingað einnig til þess að ræða við og prófa nokkurn fjölda íslenska leikara fyrir ódýra hryllingsmynd sem hann ætlar að hrista fram úr erminni á þessu ári.

Myndin á að heita Hostel og fjallar um þrjá unga menn á bakpokaferðalagi um Evrópu en það vill svo skemmtilega til að einn þeirra er Íslendingur. Sá mun vera mikið partíljón og stuðbolti sem lætur móðan mása um landið sitt og slær að öllum líkindum um sig með alls konar íslenskum orðum á borð við „rjómaskyr“, „lambakjöt“, „brennivín“ og „snípur“ sem eru Eli afar hugleikin. Íslendingurinn mun vera ansi áberandi fyrsta þriðjung myndarinnar og á að vera skemmtilegasta persóna hennar. Örlög hans eru þó óljós en“hressi gaurinn“ í hryllingsmyndum á það oftar en ekki til að drepast á subbulegan hátt.

Ólafur Egill Egilsson, Björn Thors, Björgvin Franz Gíslason og Auðunn Blöndal eru á meðal þeirra sem Eli hitti að máli og mun Auðunn vera mjög líklegur til að hreppa hnossið enda virðist hlutverkið í fljótu bragði henta spaugaranum úr 70 mínútum og Svínasúpunni ákaflega vel.



**TEKIÐ HEF ÉG HVOLPA TVO** Eli Roth er hér ásamt Jamie Kennedy í klónum á Friðrik Þór Friðrikssyni sem hitti kappana í gleðskap á Íslandi um áramótin. Eli er yfir sig hrifinn af landi og þjóð og skrifaði íslenska persónu sérstaklega inn í næstu mynd sína. Góðar líkur eru á að hann fái Auðun Blöndal til að túlka kappann.



**AUÐUNN BLÖNDAL** Þykir líklegur til að hreppa hlutverk í nýrri hryllingsmynd.

Eli Roth vakti verulega athygli með hryllingsmyndinni Cabin Fever en hann hugmyndina að þessu byrjendaverki sínu fékk hann eftir að hann dvaldi á bænum Ingólfshvoli í nágrenni Selfoss árið 1991. Cabin Fever þótti koma með ferska vinda inn í staðnaðan hryllingsmyndageirann árið 2002 og ekki minni menn en Peter Jackson, David Lynch og Quentin Tarantino hafa lofað Eli í hástert en það er einmitt að undirlagi Tarantinos sem Eli ákvað að drífa sig í að gera Hostel.

Eli er með fjölmörg stórverkefni í gangi þar á meðal myndirnar Scavenger Hunt og endurgerð hrollvekjunnar The Bad Seed. Þetta eru stórar stúdíómyndir og hlutirnir í kringum þær gerast því hægt og þar sem Eli leiddist þófið skrifaði hann handritið að Hostel í snarhasti í nóvember og desember. Eftir að Tarantino hafði kíkt á það og hvatt hann til að taka myndina í einum grænum rauk Eli til Prag þar sem hann fann tökustaði og stefnir að því að byrja tökur í febrúar eða mars.

Myndin verður gerð fyrir lítinn pening á milli stórverkefna en Eli hefur meðal annars sagt frá því í viðtali við Fréttablaðið að hryllingsmyndir eigi að vera ódýrar. Kraftur þeirra liggi í vanefnunum.

Hjólin snúast hratt þegar Eli fer af stað og hann mun að öllum líkindum tilkynna um val á leikara í hlutverk Íslendingsins á næstu vikum enda stefnir hann á að frumsýna Hostel fyrir áramót.

thorarinn@frettabladid.is
freyr@frettabladid.is




# Sjónvarpstímarit á Internetinu

„Þetta líf. Þetta líf.“ er heiti á nýjum þætti sem Þorsteinn J. Vilhjálmsson sér um á Internetinu. Slóðin er www.thorsteinnj.is og síðan opnar í dag. Á forsíðunni hefur Þorsteinn sett inn yfirlýsingu: „Dauði sjónvarpsstjórans! Það er ekki lengur hægt að segja: Þetta er ekki hægt. Það er ekki lengur hægt að segja: Þetta má ekki. Það er ekki lengur hægt að segja: Það hefur áreiðanlega enginn áhuga á þessu ... “

Það er allt hægt á Internetinu og þetta er í fyrsta sinn sem Þorsteinn nýtir sér þann miðil á þennan hátt. „Í hverjum mánuði set ég inn nýtt efni. Ég kalla þetta sjónvarpstímarit vegna þess að þetta er í rauninni hvorki sjónvarp né tímarit. Það sem ég er að gera er að ég er að nýta þessa nýju leið sem netið er. Loksins er netið orðið það hraðvirkt að hægt er að nota það sem gátt fyrir sjónvarpsefni.“

Þorsteinn fékk veffyrirtækið Caoz í lið með sér og var það Samúel Jónasson sem hannaði kerfið sem hann notar. Pétur Grétarsson sér um tónlistina í þáttunum. Þorsteinn sér þó sjálfur um aðrar hliðar þáttargerðarinnar og er þá átt við kvikmyndatöku, klippingu, viðtöl við fólk og fleira.

„Það hefur sjaldan verið jafn auðvelt að búa til efni en einnig sjaldan eins erfitt að koma því frá sér. Netið hefur verið mjög vannýtt því aðallega hefur það verið notað undir myndir og texta hingað til. Þetta er auðvitað ekkert nýtt undir sólinni en það er nýtt fyrir mig að geta gert allt sem ég vil.“ ■



**ÞORSTEINN J. VILHJÁLMSSON** Hefur nú sett í gang þátt á netinu eða eins og hann kallar það: „Sjónvarpstímarit“.

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Hver syngur til sigurs á stærsta sviði íslenskrar sjónvarpssögu? Hver verður sendur heim? Þitt atkvæði ræður úrslitum. Misstu ekki af Idol-Stjörnuleit í kvöld!

# SPENNAN ER KOMIN Á STÓRA SVIÐIÐ

Lokaúrslitin í Idol-Stjörnuleit hafin, uppselt í Smáralind í kvöld 14. janúar



FRÉTTABLAÐIÐ
**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**Dreifing:** 515 7520 **Auglýsinga- og markaðsdeild:** 550 5010 – fax 550 2727, auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

F2
Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga
FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir



BAKÞANKAR
ÞRÁINS BERTELSSONAR

# Um skaðsemi mannréttinda

Íslensk stjórnvöld hafa nú náð glæsilegri forystu í baráttu sinni gegn svonefndum mannréttindum sem síðan á dögum frönsku stjórnarbyltingarinnar hafa víða rutt sér til rúms. Mannréttindi torvelda mjög hið náttúrulega verkefni stjórnvalda, en það er að stjórna, rétt eins og tilgangurinn með skattborgurum er að þeir borgi skatta. Stórt skref í þá átt að losa þjóðina við áþján mannréttinda var stigið með því að skrúfa fyrir fjárveitingar til Mannréttindastofu og stofna hér leyniþjónustu og vísi að vopnuðum her. Annað skref var stigið fyrir stuttu (ef marka má fréttir í Fréttablaðinu, en það blað er eins og kunnugt er í eigu skuggalegra kaupahéðna sem einnig versla með matvöru). En í gær mátti lesa:

**ÍSLENSKA RÍKIÐ** hefur í fyrsta sinn áfrýjað dómi Mannréttindadómstóls Evrópu. Stjórnvöld una því ekki að hafa verið dæmd til að greiða fyrrverandi sjómanni átta milljónir króna í skaðabætur fyrir mannréttindabrot. Dómsmálaráðherra hefur ákveðið að vísa bótaþætti dóms Mannréttindadómstóls Evrópu til yfirdeildar dómstólsins.

**MANNRÉTTINDADÓMSTÓLLINN** komst í haust að þeirri niðurstöðu að íslenska ríkið hefði brotið gegn ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu með því að svipta sjóarann bótalaust áunnum lífeyrisréttindum frá Lífeyrissjóði sjómanna. Voru honum dæmdar 75 þúsund evrur vegna fjárhagstjóns og 20 þúsund evrur í málskostnað. Málið snýst um breytingar á lögum sem gerðar voru árið 1992 og 1994 sem urðu til þess að sjómaður þessi missti allan rétt til bóta.

**ÞVÍ MIÐUR** er langt í frá öruggt að Mannréttindadómstóllinn samþykki að taka málið til skoðunar öðru sinni og hafa sérfróðir menn í þessum efnum bent á að það sé einungis gert í málum sem hafa afgerandi mikla þýðingu, til að mynda milliríkjadeilum og öðru sambærilegu. Þótt líklegt megi telja að íslenska ríkið tapi þessu máli öðru sinni ber að taka viljann fyrir verkið og dást að staðfastri baráttu íslenskra stjórnvalda gegn því mannréttindaæði sem tröllríður veröldinni nú um stundir og land og þjóð hafa mikinn sóma af þessu. ■




FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA
Fjarnám allt árið - þitt nám þegar þér hentar
Innritun fyrir vorönn 7. - 17. janúar á www.fa.is
Skólameistari